**allt**

**GUÐRÚN LÍSA EINARSDÓTTIR:**

*Með brotinn hæl og gat á tánni*

• tíska • heimili

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



**TÓNLIST:**

VIÐTAL VIÐ TÓNLISTARMANNINN ANTONY:

Með gæsahúð í litlum kassa

SJÁ SÍÐU 52 ▶



**Þrjúhundruð og fimmtíu þúsund króna afslátter**

af sérvöldum bílum

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. júní 2005 - 174. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**FIMMTUDAGUR**

### Klámvæðingin heldur áfram

Félagsmálaráðherra skal taka orð íslenskra kvennasamtaka alvarlega og gera allt sem í hans valdi stendur til þess að koma í veg fyrir að ríkisfyrirtæki dreifi klámi, segir Kristín Tómasdóttir. Henni ofbýður líka að nektarstaðir auglýsa í fótboltablöðum sem höfða meðal annars til barna.



UMRÆÐAN 31

### Miklu munar á bílalánum

Munað getur hundruðum þúsunda króna á endurgreiðslum bílalána eftir því hjá hverjum lánið er tekið. Þannig getur lántökukostnaður í gefnu dæmi verið frá 385 þúsund krónum upp í 600 þúsund krónur.



NEYTENDUR 26

### Í fótspor Rios Ferdinands

Ólafur Gottskálksson varð í gær fyrsti knattspyrnumaðurinn á Englandi sem fær leikbann fyrir að skrópa í lyfjapróf frá því að stórstjarna Man. Utd, Rio Ferdinand, skrópaði á sínum tíma. Enska knattspyrnusambandið vill útiloka Ólaf frá keppni í öllum löndum alþjóða knattspyrnusambandsins, FIFA.



ÍÞRÓTTIR 36

**VEÐRIÐ Í DAG**




**HANGIR VÆNTANLEGA ÞURR** norðaustan til á landinu. Annars rigning. Mikil rigning á Suðausturlandi. Hiti 10-17 stig, hlýjast á norðausturhorninu.

VEÐUR 4




16 HÓTEL ALLAN HRINGINN

Allar nánari upplýsingar:
www.hoteledda.is | Sími 444 4000

# Lífeyrissjóður bankamanna stefnir ríki og Landsbanka

**Launaskrið í Landsbankanum eftir einkavæðingu eykur skuldbindingar Lífeyrissjóðs bankamanna langt umfram getu sjóðsins. Stjórn sjóðsins krefur bankann um bakábyrgð ellegar 2,6 milljarða króna greiðslu.**

**LÍFEYRISMÁL** Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna hefur ákveðið að stefna Landsbanka Íslands, fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra vegna vaxandi skuldbindinga sjóðsins, en þær má að umtalsverðu leyti rekja til launaskriðs meðal bankamanna í kjölfar einkavæðingar ríkisbankanna. Stefna sjóðsins var afhent forsvarsmönnum Landsbankans á þriðjudag.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er aðalkrafa Lífeyrissjóðs bankamanna sú að Landsbankinn ábyrgist auknar lífeyrisskuldbindingar samfara verulegum launahækkunum í bankanum með svokallaðri bakábyrgð. Slík ábyrgð var fyrir hendi til ársins 1997 þegar stjórnvöld breyttu bankanum í hlutafélag og telur lífeyrissjóðurinn að sú ábyrgð sé enn í gildi.



**LANDSBANKINN** Krafinn um bakábyrgð vegna lífeyrisskuldbindinga.

Til vara krefst Lífeyrissjóður bankamanna 2,6 milljarða króna skaðabótagreiðslu til þess að mæta auknum þunga lífeyrisgreiðslna.

Vandi Lífeyrissjóðs bankamanna var ræddur á aðalfundi hans í apríl síðastliðnum, en þá stóðu vonir til þess að viðræður við forsvarsmenn Landsbankans skiluðu árangri. Af því hefur ekki orðið og af þeim sökum stefnir sjóðurinn bankanum nú.

Vandi lífeyrissjóðsins felst einkum í því að laun bankamanna hafa hækkað verulega eftir að ríkisbankarnir voru einkavæddir. Lífeyrisskuldbindingar í hlutfallsdeild Lífeyrissjóðs bankamanna miðast við þau laun sem bankamaður hefur við starfslok. Iðgjaldagreiðslur Landsbankans og starfsmanna frá fyrri tíð hrökkva því hvergi nærri fyrir lífeyrisgreiðslum sem taka mið af mun hærri launum en ráð var fyrir gert í útreikningum 1997 og 1998.

Landsbankanum er stefnt þar sem um 75 prósent umræddra skuldbindinga snerta bankann og starfsmenn hans fyrr og nú.

Fullyrt er að tapi Lífeyrissjóður bankamanna málinu fyrir dómstólum eigi sjóðurinn ekki annan kost en að skerða lífeyrisgreiðslur til sjóðsfélaga. Tapi Landsbankinn málinu má hins vegar búast við því að Samson og aðrir eigendur bankans telji sig hafa greitt of hátt verð fyrir bankann og krefjist milljarða króna endurgreiðslu.

-jh / Sjá síðu 2



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SKÁLDIÐ OG ATHAFNASKÁLDIÐ** Þeir létu fara vel um sig á 101 hóteli á Hverfisgötunni í gær, rithöfundurinn Einar Kárason og athafnaskáldið Jón Ólafsson, þar sem þeir unnu að ritun ævisögu þess síðarnefnda, Einar með hönd undir kinn og Jón með símann í hendinni. „Þetta er mjög skemmtilegt verkefni og ótrúlega fjölbreytt,“ segir Einar, sem búinn er að tala við milli 50 og 100 manns vegna bókarinnar. Bækur hans hafa margar hverjar verið mjög litríkar og jafnvel lygilegar. „Ég hef grun um að þessi verði það líka,“ segir Einar enda líf Jóns á tíðum lygilegt.

Springsteen á Keflavíkurvelli:

## Spilaði fyrir næturvaktina

**FLUGSTÖÐ** Starfsmenn á Keflavíkurflugvelli duttu í lukkupottinn þegar sjálfur Bruce Springsteen millilenti hér á landi í fyrrinótt.



**SPRINGSTEEN** Tók fram gítarinn.

Ekki var nóg með að Springsteen hefði viðkomu heldur dró hann fram gítarinn sinn og spilaði sex lög fyrir starfsmennina. Starfsfólkið lét vel af Springsteen og sagði hann hafa verið mjög alþýðlegan. Springsteen er um þessar mundir á tónleikaferð að fylgja eftir nýrri plötu sinni sem nefnist Devils & Dust.

sjá síðu 43

Efasemdir um hæfi Halldórs Ásgrímssonar í álitsgerð fyrir stjórnarandstöðu:

## S-hópurinn tengdist forsætisráðherra

**EINKAVÆÐING** Efasemdir um hæfi Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra við sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum hlutu að vakna um leið og S-hópurinn svokallaði skilaði inn tilkynningu um áhuga á kaupum á hlut í bankanum. Þetta kemur fram í álitsgerð sem tveir hæstaréttarlögmenn hafa unnið að beiðni stjórnarandstöðunnar vegna hæfis forsætisráðherra við söluna á Búnaðarbankanum árið 2003.

Í álitsgerðinni er minnisblað Ríkisendurskoðunar, sem afhent var formanni fjárlaganefndar 13. júní síðastliðinn, gagnrýnt mjög. Í álitsgerðinni kemur fram að vegna tengsla forsætisráðherra við þá einstaklinga sem voru í forsvari fyrir S-hópinn hafi verið ljóst að efasemdir um hæfi hans hljóti að hafa vaknað strax í upphafi þegar S-hópurinn ásældist bankann.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Tengdist Finni Ingólfssyni mjög sterkt segir í álitsgerð.

Forsætisráðherra hefur meðal annars bent á að hann var í veikindaleyfi þegar ákvörðun var tekin um sölu Búnaðarbankans og því hafi hann ekki verið vanhæfur. Í álitsgerðinni segir hins vegar að veikindaleyfi Halldórs hafi enga afgerandi þýðingu haft við meðferð málsins.

-hb / Sjá nánar bls. 22.




Þú færð Vangen í næstu sportvöruverslun



## SPURNING DAGSINS

*Lúðvík, ertu viss um að Dirty Harry hreinsi til eftir sig?*

„Já, er hann ekki vanur að hreinsa rækilega til þar sem hann fer um.“

Lúðvík Geirsson er bæjarstjóri Hafnfirðinga sem hefur gefið Clint Eastwood leyfi til að kvikmynda í Krýsuvík. Dirty Harry er eitt frægasta hlutverk Eastwoods.

Hvorki íslenska né þýska fjármálaeftirlitið tjáir sig um mál Hauck & Aufhäuser:

# Þýski bankinn svarar engu

**VIÐSKIPTI** „Við höfum það sem reglu að tjá okkur ekki um mál af þessu tagi,“ segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, um það hvort málefni þýska bankans Hauck & Aufhäuser séu til athugunar hjá Fjármálaeftirlitinu. Umræða hefur að undanförnu staðið um það hvort þýski bankinn hafi verið raunverulegur eigandi bréfanna í Búnaðarbankanum sem það keypti í byrjun árs 2003.

Þýski bankinn sendi frá sér fréttatilkynningu á mánudag þar sem engu var svarað um hvort bankinn hafi verið raunverulegur eigandi bréfanna í Búnaðarbankanum. Þar kom fram að bankinn hefði fært bréfin í eigið bókhald en í íslenskri þýðingu var þess getið að bréfin væru færð í ársreikning. Ekkert er hins vegar að finna um eignarhaldið í ársreikningi hvorki fyrir árið 2003 né 2004.

Hjá þýska fjármálaeftirlitinu fengust sömu upplýsingar og hjá því íslenska, að ekki væri heimilt að tjá sig um hvort málefni einstakra banka væru til meðferðar hjá því. Þá svöruðu forsvarsmenn þýska bankans ekki skilaboðum Fréttablaðsins í gær. -hb



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON** Tjáir sig ekki um mál þýska bankans.

Iceland Express:

# Selja ekki DV og Hér & nú

**FJÖLMIÐLAR** Flugfélagið Iceland Express hættir frá og með deginum í dag að selja blöðin DV og Hér og nú í sínum vélum.

„Við sem stöndum að félaginu teljum ritstjórnarstefnu blaðanna ógeðfellda og viljum ekki tengja okkur við þau. Við erum með 160 manns í vélunum og okkur finnst það ekki vera gott fyrir okkur sem vörumerki að tengja okkur við svona lagað. Við getum notað plássið sem fer undir blöðin til að selja aðra vöru,“ segir Birgir Jónsson framkvæmdastjóri Iceland Express. -óá



**RAGNHEIÐUR GESTSDÓTTIR** Tók við Norrænu barnabókaverlaununum úr hendi menntamálaráðherra.

Barnabókaverðlaun:

# Heiðruð fyrir Sverðberann

**VERÐLAUN** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra afhenti í gær Ragnheiði Gestsdóttur rithöfundi Norrænu barnabókaverðlunin 2005 í Þjóðmenningarhúsinu.

Ragnheiður hlýtur verðlaunin fyrir feril sinn sem rithöfundur og myndlistarmaður með sérstakri áherslu á unglingabókina Sverðberann sem kom út síðastliðið haust. - sgi

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÁKÆRT FYRIR SKYRSLETTUR** Þremenningunum sem slettu skyri yfir ráðstefnugesti á ráðstefnu á Hotel Nordica verður birt ákæra í dag. Skaðabótakrafa hótelsins hljómar upp á 2,8 milljónir og brotin geta varðað allt að sex ára fangelsi. Bylgjan greindi frá.

**GRUNAÐUR UM SÖLU** Maður á fertugsaldri var í gær handtekinn í Reykjavík vegna gruns um fíkniefnasölu. Húsleit var gerð á tveimur stöðum og lagði lögregla hald á mismunandi fíkniefni í það miklu magni að líklegt má telja að efnin hafi verið ætluð til sölu. Bylgjan greindi frá.

# Fengu tíu milljónir króna í eingreiðslu

**Kaupendur SPH-hlutanna eru hársbreidd frá því að komast yfir sjóðinn. Tveir eigendur þurfa hugsanlega að selja í viðbót. Stofnfjáreigendur sem samþykkt hafa að selja bréf sín hafa þegar fengið eingreiðslu.**

**VIÐSKIPTI** Eigendur stofnfjár í Sparisjóði Hafnarfjarðar, sem hafa samþykkt að selja bréf sín að fengnu samþykki stjórnar, hafa fengið 10 milljón króna eingreiðslu samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Talið er að um 30 stofnfjáreigendur hafi fallist á að selja bréf sín, þar á meðal nokkrir sem kusu ekki núverandi stjórn á síðasta aðalfundi.

Stjórn Sparisjóðs Hafnarfjarðar fundaði í gær í fyrsta skipti eftir að fréttist að sala stofnfjárhluta væri hafin. Ekki er vitað til þess að hún hafi afgreitt framsöl á stofnfjárhlutum en engar slíkar óskir lágu fyrir á þriðjudaginn.

Fyrir fundinum lá beiðni frá fimm stofnfjáreigendum undir forystu Helga Vilhjálmssonar í Góu um að stjórnin kalli saman fund stofnfjáreigenda og skýri frá gangi mála varðandi sölu á stofnfjárhlutum.

Páll Pálsson, stjórnarformaður SPH, vildi ekkert tjá sig um efni fundarins.

Þótt margir stofnfjáraðilar hafi sett sig upp á móti kaupunum er sennilega hægt að komast yfir sjóðinn annars vegar með því að einn og sami kaupandinn eignist nær alla stofnfjárhluti, og nái þar með um 95 prósenta eignarhlut, eða, sem teljast verður líklegra, að nokkrir aðilar kaupi stofnféð undir merkjum eignarhaldsfélaga sem hvert um sig á um fimm prósent. Sú leið hefur gefist vel innan SPRON.

Til þess þurfa 32 stofnfjáreigendur að selja bréf sín þannig að stór meirihluti hafi myndast sem geti breytt samþykktum sjóðsins. Væntanlega þarf þó fleiri til þess að tryggja endanlega yfirtöku.



**SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR** Magnús Ægir Magnússon sparisjóðsstjóri stendur hér við sparisjóðinn. Lögmenn hafa ráðlagt stofnfjáreigendum að svara fyrirspurnum Fjármálaeftirlitsins.

Ekki er þó útilokað að Fjármálaeftirlitið myndi skoða gaumgæfilega hvort tengsl eigenda þessara félaga væru það mikil að þeir teldust einn og sami aðilinn og hefðu því aðeins fimm prósenta atkvæðishlut.

Deilurnar sem stóðu um yfirráð á Sparisjóði Skagafjarðar á dögunum sýndu að yfirtaka á sparisjóði er nánast ómöguleg ef hópur stofnfjáreigenda setur sig upp á móti áformum meirihluta og óskar eftir rannsókn Fjármálaeftirlitsins.

Í gær rann út sá frestur sem stofnfjáreigendur hafa til þess að skila inn svörum til Fjármálaeftirlitsins varðandi hugsanleg framsöl á stofnfjárhlutum.

Lögmenn munu hafa ráðlagt stofnfjáreigendum að svara bréfinu.

Línur gætu því skýrst mjög fljótlega um það hver eða hverjir vilji komast yfir SPH.

eggert@frettabladid.is



**Á RAUFARHÖFN** Fjöldi Raufarhafnarbúa tók á móti Kjartani við komuna þangað.

Hringróðurinn:

# Kominn til Þórshafnar

**RAUFARHÖFN** Kjartan Jakob Hauksson, róðrakappinn sem ætlar að róa hringinn í kringum landið til styrktar Sjálfsbjörg, kom til Þórshafnar á Langanesi síðdegis í gær. „Það hefur allt gengið vel síðustu tvo daga þrátt fyrir hálfgert grautarpottasjólag í gær,“ segir Kjartan.

Vel var tekið á móti Kjartani við komuna til Raufarhafnar síðast liðið þriðjudagskvöld og var verslunin Urð opnuð sérstaklega svo Kjartan gæti keypt nesti til að nærast á í róðrinum fyrir Þistilfjörð. Næsti viðkomustaður Kjartans er Bakkafjörður. -kk

Aðildarviðræður í bígerð:

# Tyrkjum boðið til samninga

**BRUSSEL, AP** Loksins sjá Tyrkir fyrir endann á að áratugabaráttu fyrir inngöngu í Evrópusambandið sé að ljúka því í gær gaf sambandið út yfirlýsingu um að það sé tilbúið til þess að setjast að samningaborði með Tyrkjum. Þessi yfirlýsing er í takt við samkomulag leiðtoga ESB-ríkjanna sem náðist í desember.

Ekki er gert ráð fyrir því að Tyrkir gangi í sambandið fyrr en í fyrsta lagi árið 2014, að sögn Olla Rehn, sem fer með stækkunarmál í framkvæmdastjórn ESB. Hann leggur líka áherslu á að ekki sé sjálfgefið að Tyrkir fái inngöngu, þótt opnað hafi verið á viðræður. ■




Landsbankinn hafnar bótakröfu Lífeyrissjóðs bankamanna:

# Segja ábyrgðina vera ríkisins

**LÍFEYRISMÁL** Stjórnendur Landsbankans telja bankann enga ábyrgð bera á hækkun lífeyrisskuldbindinga Lífeyrissjóðs bankamanna vegna launahækkana eftir einkavæðingu bankans. Eðlilegt sé að krafan um bakábyrgð beinist að ríkinu en ekki Landsbankanum.

Í yfirlýsingu bankans segir að samið hafi verið um fullnaðaruppgjör Landsbankans við sjóðinn árið 1997, áður en Landsbankinn var einkavæddur. Þegar gengið hafi verið frá þessu samkomulagi hafi bakábyrgð bankans á skuldbindingum lífeyrissjóðsins fallið niður og Lífeyrissjóður bankamanna eigi ekki lengur lögvarða kröfu á hendur Landsbankanum.

„Ástæður þess að eigur Lífeyrissjóðs bankamanna nú nægja ekki að fullu fyrir metnum skuldbindingum sjóðsins eru meðal annars þær að laun hafa hækkað og kaupmáttur aukist meira en forsendur sjóðsins gerðu ráð fyrir,“ segir í yfirlýsingunni. „Þá hefur sú ánægjulega þróun átt sér stað að lífaldur fólks fer hækkandi og fólk kýs að hætta vinnu fyrr og þar með verða lífeyrisár sjóðfélaga fleiri en áður var reiknað með. Þessar ástæður eru almennar og eiga við fleiri lífeyrissjóði.“ ■



**STARFSMENN LANDSBANKANS** Stjórnendur Landsbankans vísa kröfu Lífeyrissjóðs bankamanna um bakábyrgð vegna lífeyrisskuldbindinga á bug.

Allt að **60%** afsláttur




7. tölublað 2005 / 01. júlí - 24. júlí

# Húsasmiðjublaðið

## Njóttu sumarsins

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 30.06.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,96 | 65,28 |
| Sterlingspund | GBP | 117,53 | 118,11 |
| Evra | EUR | 78,34 | 78,78 |
| Dönsk króna | DKK | 10,52 | 10,58 |
| Norsk króna | NOK | 9,91 | 9,97 |
| Sænsk króna | SEK | 8,30 | 8,35 |
| Japanskt jen | JPY | 0,59 | 0,59 |
| SDR | XDR | 95,23 | 95,79 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**110,36 -0,10%**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skýrslur Rannsóknarnefndar umferðarslysa:

# Fækka má banaslysum um fimmtung

**UMFERÐARÖRYGGI** Fækka má banaslysum í umferðinni um fimmtung ef landsmenn nota bílbeltin alltaf. Þetta kemur fram í skýrslu Rannsóknarnefndar umferðarslysa um banaslys í umferðinni á síðasta ári.

23 létu lífið í 20 umferðarslysum í fyrra, jafnmargir og árið áður. Flest banaslysin voru á suður- og suðvesturhorninu og á Norðurlandi. Helsta orsök banaslysa var sú að bílbeltin voru ekki notuð.

Slysum hefur fækkað hlutfallslega ef miðað er við hversu mikið landsmenn keyra og þá aukningu sem hefur orðið á því. Í samanburði við önnur lönd er Ísland rétt yfir meðallagi hvað varðar fjölda banaslysa, en mest er um banaslys á Íslandi og í Danmörku af Norðurlöndunum.

Í skýrslu um umferðarslys erlendra ferðamanna kemur fram að slysum erlendra ferðamanna á bílaleigubílum hefur fjölgað verulega undanfarin ár, þrátt fyrir forvarnarátak á bílaleigum. Orsakir slysanna eru mistök ökumanna sem má rekja til vanþekkingar á aðstæðum, svo sem akstri í lausamöl, fremur en hraðaaksturs eða ölvunaraksturs. **-rsg**



**FUNDUR RANNSÓKNARNEFNDAR UMFERÐARSLYSA** Í skýrslunni kemur nefndin á framfæri fjölda ábendinga um hvað gera megi til að draga úr banaslysum.

Styrkja hjartakaup:

# Fyrsta íslenska gervihjartað

**HEILBRIGÐISMÁL** KB banki afhenti í gær minningarsjóði Þorbjörns Árnasonar, Í hjartastað, eina milljón króna til kaupa á fyrsta gervihjartanu á Íslandi og nauðsynlegum tækjabúnaði sem því fylgir.

Gervihjörtu, eða aðstoðarhjörtu, hafa valdið byltingu í hjartaskurðlækningum. Þau dæla blóði úr biluðum vinstri slegli hjartans yfir í ósæð og þannig um allan líkamann. Fyrsta gervihjartað verður grætt í sjúkling hér á landi í haust á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi. Í hjartastað var stofnaður til minningar um Þorbjörn Árnason lögfræðing sem lést fyrir aldur fram árið 2003 úr hjartasjúkdómi. **- rsg**



**METANKNÚNI SORPBÍLLINN AFHENTUR** Borgarstjóri tók við lyklunum að bílnum.

Umhverfisvernd:

# Metanknúinn sorpbíll

**UMHVERFISMÁL** Fyrsti metanknúni sorpbíll landsins var tekinn í notkun í gær. Hann er mun hljóðlátari en hefðbundnir díselbílar og veldur 80 prósent minni sótmengun, auk þess sem útblástur köfnunarefnisoxíðs er 60 prósent minni en í venjulegum sorpbílum. Reykjavíkurborg stefnir að því að allir tíu sorpbílar borgarinnar verði knúnir metani á næstu árum. Metangasið sem sorpbíllinn gengur fyrir er unnið úr sorpi borgarbúa í Álfsnesi.Umhverfissvið Reykjavíkurborgar leigir bílinn, sem er Mercedes-Benz Econic, af Vélamiðstöðinni ehf. **- rsg**

Kaupmenn í miðbænum:

# Vilja sama opnunartíma

**VERSLUN** Kaupmenn við Laugaveg í Reykjavík vilja langflestir samræma opnunartíma verslana í miðbænum samkvæmt könnun sem Þróunarfélag miðborgarinnar gerði nýlega.

Var meirihluti þeirra, alls 119 af þeim 177 sem þátt tóku, sammála um að hafa verslanir opnar á sama tíma virka daga frá klukkan tíu til sex á daginn. Öllu færri voru sammála um hentugan opnunartíma á laugardögum en flestir á því að hafa opið frá tíu til fjögur. Mikill meirihluti vildi hafa lokað á sunnudögum. **-aöe**

# Stefnir biskupi og samstarfsfólki sínu

**Sveinn Andri Sveinsson hefur fyrir hönd Hans Markúsar Hafsteinssonar stefnt málsaðilum sem vilja hann úr starfi sóknarprests í Garðasókn. Áfrýjunarnefnd Þjóðkirkjunnar staðfestir úrskurð um að flytja eigi Hans Markús til í starfi.**

**DEILUMÁL** „Strax í kjölfar niðurstöðu áfrýjunarnefndar stefndi ég biskupi, fyrir hönd Þjóðkirkjunnar, og öðrum málsaðilum fyrir Héraðsdóm Reykjaness til að krefjast ógildingar þess að Hans Markúsi skuli gert að færa sig til í starfi,“ segir Sveinn Andri Sveinsson lögmaður Hans Markúsar Hafsteinssonar sóknarprests í Garðasókn.



**SVEINN ANDRI SVEINSSON**



**MATTHÍAS G. PÉTURSSON**

„Vald nefndarinnar náði ekki til þess að færa hann til í starfi. Sem sóknarprestur er hann embættismaður og um hann gilda lög um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Áfrýjunarnefndin vildi meina að lög um Þjóðkirkjuna vikju til hliðar lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Það er í raun verið að segja að þessar nefndir geti vikið embættismönnum úr starfi þótt þeir séu ráðnir af ráðherra. Í raun er þetta mikið hagsmunamál fyrir alla prestastéttina,“ segir Sveinn Andri.

Í úrskurði áfrýjunarnefndar Þjóðkirkjunnar er ákvörðun úrskurðarnefndar Þjóðkirkjunnar um að færa Hans Markús til í starfi ekki breytt en það var krafa hans. Hins vegar er orðið við þeirri kröfu Hans að mælast til þess að veita Nönnu Guðrúnu Zoëga djákna, Friðrik J. Hjartar sóknarpresti, Matthíasi G. Péturssyni sóknarnefndarformanni og Arthuri K. Farestveit varaformanni sóknarnefndar áminningu.



**HANS MARKÚS HAFSTEINSSON** Sóknarprestur í Garðasókn hefur stefnt samstarfsmönnum sínum og biskupi fyrir hönd Þjóðkirkjunnar fyrir að reyna að hrekja sig ólöglega úr starfi.

Deilurnar í Garðasókn hafa staðið að sögn Nönnu Guðrúnar síðan árið 1997 og hafa alla tíð snúist um samstarfserfiðleika.

Samstarfsmenn Hans Markúsar halda því fram að hann hafi hrakið fólk úr starfi og þar á meðal fyrrum sóknarprest, Bjarna Þór Bjarnason. Þessu hefur Hans Markús vísað á bug. Biskup hefur reynt að sætta málsaðila og ýmislegt annað hefur verið reynt, til dæmis að fá sálfræðing til að reyna að sætta málsaðila.

Þegar haft var samband við málsaðila við vinnslu þessarar fréttar vildu hvorki Nanna Guðrún, Friðrik né Arthur segja mikið um málið á þessu stigi. Hvorki náðist í Matthías né Hans Markús þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Ljóst er að úrskurður dómstóla í málinu er fordæmisgefandi um vald úrskurðar- og áfrýjunarnefndar Þjóðkirkjunnar.

**oddur@frettabladid.is**



DEILURNAR Í GARÐAPRESTAKALLI:

## Atburðirnir í tímaröð

**Janúar 2004:** Nanna Guðrún Zoëga djákni kvartar undan störfum Hans Markúsar á fundi sóknarnefndar. Sóknarformaðurinn, Matthías G. Pétursson, blandar sér í málið.

**Júlí 2004:** Biskup boðar sættir í málinu en enginn málsaðila fellst á þær.

**Apríl 2005:** Úrskurðunarnefnd Þjóðkirkjunnar færir Hans Markús til í starfi vegna aga- og siðferðisbrota. Hans Markús hins vegar situr sem fastast. Hans Markús segir í Fréttablaðinu að hann hafi fengið hótanir með sms-skilaboðum úr síma eiginmanns Nönnu Guðrúnar. Hans Markús hafði kært það sem hann kallar einelti til úrskurðunarnefndarinnar sem taldi sannanir ónógar.

**Maí 2005:** Hans Markús kærir úrskurði úrskurðunarnefndarinnar til áfrýjunarnefndar Þjóðkirkjunnar.

**Júní 2005:** Sóknarbörn í Garðasókn segjast vera leið á deilunum og þeim töfum sem orðið hafa á málsmeðferð og hugleiða að stofna nýja kirkju. Áfrýjunarnefnd Þjóðkirkjunnar staðfestir úrskurð úrskurðunarnefndar um að víkja Hans Markúsi úr starfi.
Sveinn Andri Sveinsson lögmaður Hans Markúsar stefnir öðrum málsaðilum.

LAGERSALA
Lopapeysur - íslensk ull
Þæfð ull
Opið í dag og á morgun frá kl. 14 – 20
Peysur í útileguna
Teppi í lautarferðina
Sessur í brekkusönginn
Poncho í gönguna
Slár fyrir menningarnótt
Sokkar, vettlingar og húfur.
Tinna ehf - Janus ehf
Auðbrekka 21 - 200 Kópavogur
Rétt hjá Toyota

## VEÐRIÐ Í DAG

**EIN STÆRSTA FERÐAHELGI ÁRSINS FRAMUNDAN** Veðurspárnar fyrir þessa stóru ferðahelgi eru smátt og smátt að taka á sig skýrari myndir. Nokkuð ljóst má telja að laugardagurinn verður víðast þurr sunnan og austan til en nokkuð eindregið úrkomusvæði virðist ætla að liggja yfir norðvestanverðu landinu. Sunnudagurinn býður upp á lægðakomu með ákveðnum vindi af norðaustri og vætu í flestum landshlutum. En skiptir það nokkru máli, eru þá ekki flestir á leið heim ;-) !!!



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi




### Á morgun




Nokkur vindur með ströndum norðan og austan til, annars hægari.

### Laugardagur




Hæglætisveður.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C heiðskírt | París | 19°C hálfskýjað | Alicante | 32°C heiðskírt |
| Osló | 26°C heiðskírt | Berlín | 20°C heiðskírt | Milano | 30°C alskýjað |
| Stokkhólmur | 20°C hálfskýjað | Frankfurt | 24°C heiðskírt | New York | 25°C hálfskýjað |
| Helsinki | 16°C skúrir | Madrid | 33°C heiðskírt | San Francisco | 20°C heiðskírt |
| London | 20°C hálfskýjað | Barcelona | 29°C skúrir | Orlando/Florida | 32°C heiðskírt |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



# ÚTSALA

## ... af öllum gerðum

**Gerðu góð kaup á stærstu útsölunni. 105 verslanir troðfullar af spennandi útsöluvörum.**

**Opið til 21 í kvöld**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 12.00 til 18.30 | 12.00 til 19.00 | 12.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 27234 02/2005



## KJÖRKASSINN

*Hefur þú farið á stórtónleika í sumar?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 14% |
| Nei | 86% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að reisa óperuhús í Kópavogi?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Vísir

Orkuveita Reykjavíkur sér Alcan fyrir raforku fyrir stærra álver:

# Fá 60 milljarða fyrir raforkuna

**ÁLVER** Fulltrúar Alcan á Íslandi og Orkuveitu Reykjavíkur hafa skrifað undir samkomulag um að Alcan kaupi af Orkuveitunni 200 MW af raforku vegna hugsanlegrar stækkunar álversins í Straumsvík. Gert er ráð fyrir að orkan geti verið til afhendingar seinni hluta árs 2010 og að tekjur Orkuveitunnar verði um 60 milljarðar króna á samningstímanum. Áætlað er, að gengið verði frá endanlegum samningi síðar á þessu ári.

Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, segir samninginn hagstæðan fyrir fyrirtækið og borgarbúa alla. Raforkan verður útveguð með aukinni nýtingu á jarðvarma á Hengilssvæðinu og með virkjun á Hellisheiði. „Þessir samningar styrkja mjög atvinnulífið hér á höfuðborgarsvæðinu, bæði á meðan á framkvæmdum stendur og eins þegar álverið er komið í fulla stærð. Talið er að þegar stækkun sé lokið skapist 500 ný störf við álverið með margfeldisáhrifum þannig að við erum að tala um 1500 ný störf í allt,“ segir Alfreð. - oá



**SAMKOMULAGIÐ UNDIRRITAÐ** 500 ný störf skapast við stækkun álversins í Straumsvík.

Ný kanadísk lög:

# Sigur fyrir samkynhneigða

**KANADA, AP** Kanadíska þingið samþykkti ný lög sem leyfa samkynhneigðum að ganga í hjónaband. Töluverðrar andstöðu hefur gætt meðal íhaldssamari þingmanna og atkvæðagreiðslan féll þannig að 158 þingmenn samþykktu lögin gegn 133.

Flest héruð landsins hafa þegar leyft samkynhneigðum að giftast og felast því einungis breytingar í nýju lögunum fyrir sum ríki.

Kanada er því þriðja landið í heiminum sem gefur hjónabandi samkynhneigðra sömu réttarstöðu og hjónabandi milli karls og konu en fyrir hafa Holland og Belgía gert þessar breytingar á löggjöf sinni. ■






# Ljósleiðaravæðing dýrari en ætlað var

**Orkuveita Reykjavíkur hefur hafnað öllum tilboðum í lagningu ljósleiðara á Akranesi og Seltjarnarnesi þar sem þau voru langt yfir kostnaðaráætlunum fyrirtækisins. Varamaður í stjórn Orkuveitunnar gagnrýnir fyrirtækið fyrir ranga áætlanagerð.**

**FRAMKVÆMDIR** Tilboð í lagningu ljósleiðara í hús á Akranesi og á Seltjarnarnesi gera ráð fyrir nálægt þrefalt meiri kostnaði en ráð er fyrir gert í kostnaðaráætlun Orkuveitu Reykjavíkur. Orkuveitan hefur hafnað öllum tilboðunum.



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**



**GUÐMUNDUR ÞÓRODDSSON**

Leggja á ljósleiðara í um 650 hús á hvorum stað og gerði Orkuveitan ráð fyrir kostnaði upp á tæpar 100 þúsund krónur á Seltjarnarnesi og tæpum 70 þúsund krónum á Akranesi. Á Akranesi gerir lægsta boð ráð fyrir kostnaði upp á um 175 þúsund krónur fyrir hvert hús og á Seltjarnarnesi fyrir kostnaði upp á um 268 þúsund krónur.

„Við eigum ekki von á því að verkin fari fram úr kostnaðaráætlunum og teljum að hjá bjóðendum sé einhver misskilningur á ferðinni,“ segir Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar og kvað útboð annað hvort verða endurtekin eða þá að Orkuveitan sæi sjálf um verkið. Hann teldur fyrirtækin ofmeta kostnað við skurðgröft.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, varamaður Sjálfstæðisflokksins í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, segir fulltrúa flokksins í stjórn fyrirtækisins alla tíð hafa mótmælt ljósleiðaraframkvæmdum Orkuveitunnar og þá sérstaklega með tilliti til kolrangrar áætlanagerðar. Hún óttast að á Reykvíkinga falli ómældur kostnaður vegna þess að Orkuveitan hafi þegar skuldbundið sig til að ljósleiðaravæða bæjarfélögin. „Svo felur þetta ekki einu sinni í sér allan kostnaðinn við að grafa ljósleiðarann,“ segir hún og bendir á að forstjóri Orkuveitunnar hafi áður sagt hverja tengingu kosta um 100 þúsund krónur. Hún segir hrópandi ósamræmi milli lýsinga Guðmundar og svo niðurstöðu útboðanna og telur allar áætlanir Orkuveitunnar varðandi tímaáætlanir, gjaldtöku og þátttöku íbúa kunna að vera í uppnámi.

Forstjóri Orkuveitunnar telur þó ekki að tímamörk raskist mikið í heildarverkinu þrátt fyrir að fyrstu tilboðum hafi verið hafnað, en stefnt er að því að ljúka ljósleiðaravæðingu á stórhöfuðborgarsvæðinu á næstu fjórum til fimm árum. „Það má alltaf reikna með að einhvern tíma taki að klára fyrstu áfangana, en svo getur líka verið að við seinkum framkvæmdum ef þær verða mjög dýrar.“ olikr@frettabladid.is



**AKRANES** Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur segir fyrirtækin sem buðu í ljósleiðaravæðingu bæjarins stórlega ofmeta kostnaðinn sem verkinu fylgi. Hann segir þau gera ráð fyrir óþörfum skurðgreftri.

**ÁÆTLAÐUR KOSTNAÐUR VIÐ FYRSTA ÁFANGA LJÓSLEIÐARAVÆÐINGAR OR SAMKVÆMT ÚTBOÐI**

**Útboð 1. verkáfanga gagnveitu á Akranesi:***

| Bjóðendur | Tilboð | Hlutfall af áætlun | Kostnaður á hús |
|---|---|---|---|
| Industria ehf | 113.763.300 kr. | 258,55% | 175.020 kr. |
| Ístak hf | 145.071.783 kr. | 329,71% | 223.187 kr. |
| **Kostnaðaráætlun** | **44.000.000 kr.** | **100,00%** | **67.692 kr.** |

**Útboð 1. verkáfanga gagnveitu á Seltjarnarnesi:****

| Bjóðendur | Tilboð | Hlutfall af áætlun | Kostnaður á hús |
|---|---|---|---|
| Ístak | 174.348.443 kr. | 272,42% | 268.228 kr. |
| Industria ehf. | 199.605.301 kr. | 311,88% | 307.085 kr. |
| Steypustál ehf. | 199.627.500 kr. | 311,92% | 307.119 kr. |
| **Kostnaðaráætlun** | **64.000.000 kr.** | **100,00%** | **98.462 kr.** |

*Tilboð opnuð 16. júní. **Tilboð opnuð 23. júní.

Ker stefnir ríkinu vegna sektar samkeppnisyfirvalda:

# Vilja milljónirnar endurgreiddar

**DÓMSMÁL** Mál Kers hf. á hendur íslenska ríkinu og samkeppnisyfirvöldum verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Fyrirtækið krefst þess að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála frá því í janúar verði felldur úr gildi, en til vara að sektargreiðslur fyrirtækisins verði stórlega lækkaðar. Ker á Olíufélagið ehf., Esso, en áfrýjunarnefndin sektaði félagið um 495 milljónir króna.

„Umbjóðandi minn telur nauðsynlegt að dómstólar meti þau lögfræðilegu sjónarmið sem liggja að baki niðurstöðu samkeppnisyfirvalda og mun leggja fram ný gögn frá óháðu endurskoðunarfyrirtæki sem sýnir svart á hvítu að forsendur og aðferðafræði útreiknings samkeppnisyfirvalda eigi við lítil, ef þá nokkur, rök að styðjast,“ segir Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Kers. Hann segir Ker líta svo á að burtséð frá fjárhæðum sekta sé nauðsynlegt að vinda ofan af röngum útreikningum um meintan ólögmætan ávinning. „Því við því er að búast að viðskiptamenn félagsins muni freista þess að fara í skaðabótamál á hendur því og þá skiptir máli að þessir útreikningar séu réttir.“ -óká



**Á BENSÍNSTÖÐ OLÍUFÉLAGSINS Í REYKJAVÍK** Þingfest verða tvö mál tengd Keri hf. í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Annars vegar mál Kers á hendur ríkinu og hins vegar prófmál Neytendasamtakanna á hendur Keri þar sem viðskiptamaður fyrirtækisins krefst bóta fyrir tap af ólögmætu samráði olíufélaganna.

# Berjadagar um helgina







**Rifsber**




**Brómber**




**Hindber**




**Bláber**




**Kirsuber**




**Jarðarber**

Gildir til 3. júlí eða á meðan birgðir endast

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir formaður kjördæmisráðs Vinstri-grænna í Reykjavík?

2 Hvar verður fyrsta kjarnasamrunaver heims reist?

3 Hvað heitir framkvæmdastjórinn sem Stoke rak í fyrradag?

SVÖRIN ERU Á BLS. 58

Miklu munar á hvað kostar að gista á tjaldsvæðum landsins:

# Frítt í Fjarðabyggð og á Patreksfirði

**TJALDGISTING** Í nýrri könnun verðlagseftirlits ASÍ á tjaldsvæðum kemur fram að gisting í tvær nætur fyrir fjölskyldu með tvö börn, 12 og 15 ára, getur kostað allt að 4.800 krónur. Gjaldtaka var skoðuð á tæplega 60 stöðum og af þeim var kostnaðurinn á 15 stöðum 4000 krónur eða hærri en einungis var frítt á eitt tjaldsvæði, á Patreksfirði, en auk gistingar er þar aðeins boðið upp á salerni. Í könnuninni var gerður samanburður á verði fyrir gistingu á tjaldsvæðunum en ekki borin saman sú þjónusta sem boðið er upp á.

Tjaldsvæðin í Fjarðabyggð voru ekki tekin með í könnuninni en þar er gisting, og öll þjónusta, án endurgjalds. Jón Björn Hákonarson, upplýsingafulltrúi Fjarðabyggðar, segir að á tjaldsvæðinu í Neskaupstað séu salerni, sturtur, þvottavél og þurrkari og í júlí verði boðið upp á sama aðbúnað á tjaldsvæðinu á Reyðarfirði. „Á tjaldsvæðinu á Eskifirði eru nú salerni og sturtur og við erum að íhuga að setja þar upp þvottavél og þurrkara í sumar. Gisting, og allur aðbúnaður, er ókeypis á öllum þremur stöðunum,“ segir Jón Björn.

-kk



**TJALDSVÆÐIÐ Á ESKIFIRÐI** Upplýsingafulltrúi Fjarðabyggðar segir að þrátt fyrir kalt veður í júní hafi aðsókn á tjaldsvæðin í Fjarðabyggð verið meiri í ár en í meðalári.








**MANHATTAN FRAMTÍÐARINNAR** Þessi tölvugerða teikning sýnir nýja Frelsisturninn eins og hann kemur til með að líta út árið 2010.

Frelsisturninn á að koma í stað Tvíburaturnanna:

# Sterkbyggðasti og öruggasti skýjakljúfur í heimi

**BANDARÍKIN, AP** Frelsisturninn sem rísa á í stað Tvíburaturnanna sem hrundu til grunna í New York 11. september 2001 hefur tekið miklum breytingum frá því sem upphaflega var lagt upp með. Þar sem fyrstu hugmyndir þóttu ekki uppfylla kröfur sem gerðar voru til öryggis var hann hannaður upp á nýtt og á að vera sterkbyggðasti og öruggasti skýjakljúfur í heimi.

Búið er að birta nýjar teikningar af skýjakljúfnum sem virðist nú loksins vera að rísa, hornsteinn hans var lagður á þjóðhátíðardag Bandaríkjanna í fyrra.

Frelsisturninn rís frá grunni sem þakinn verður glansandi málmklæðningu. Klæðningin er ekki síður valin fyrir sakir öryggis en fegurðar, þar sem gert er ráð fyrir því að hún veiti góða vörn gegn bílasprengjum og öðrum sprengjum. Efsti hluti turnsins verður aftur á móti spírallaga og upplýstur.

„Á dulinn en mikilvægan hátt er þessi bygging minnisvarði þeirra sem við misstum,“ sagði aðalarkitektinn David Childs.

Stefnt er að því að taka turninn í notkun árið 2010. ■

Sjávarútvegsráðuneytið greiddi Félagi hrefnuveiðimanna 32 milljónir:

# Styrktu hvalveiðimenn í banni

**HVALVEIÐAR** Sjávarútvegsráðuneytið veitti Félagi hrefnuveiðimanna átta milljóna króna styrk á ári frá árinu 1998 til ársins 2001 en hrefnuveiðar voru bannaðar á þessum árum. Samtals námu styrkirnir 32 milljónum sem félagið fékk frá ráðuneytinu á þessum fjórum árum. Í bókhaldi ráðuneytisins eru þessar greiðslur skráðar sem styrkur til hrefnuveiðimanna.

Árni Mathiesen sjávarútvegsráðherra vildi ekki tjá sig um málið í gær þegar hann var spurður eftir því hvort hvalveiðimenn væru á greiðslum þegar á hvalveiðibanni stæði.

Einnig hefur ráðuneytið látið rúmar tvær milljónir króna af hendi rakna á sama tímabili til norsku samtakanna High North Alliance sem stofnuð voru til að berjast gegn hvalveiðibanninu. Í bókhaldinu eru þær greiðslur skráðar sem greiðslur til markaðs- og kynningarstarfs.

-jse



**HVALVEIÐAR** Hvalveiðimenn eru hér að störfum. Ekki fengust svör hjá sjávarútvegsráðherra um það hvers vegna Félag hrefnuveiðimanna fékk átta milljónir á þeim árum þegar enga hrefnu mátti veiða.







Petúníur
3 stk.
399

# Garðplöntu útsala

allt að
60%
afsláttur

## Allar garðplöntur á útsölu

**Verðdæmi:**

Margarita, **399** verð áður 699

Stjúpur, 20 stk. **799** verð áður 1199

Birki, **499** verð áður 865

Reyniviður, **999** verð áður 1470

Gullregn, **999** verð áður 1999

Grákvistur, **599** verð áður 1299

Blágreni, **599** verð áður 899

Sitkagreni, **599** verð áður 899

Sýrena, **499** verð áður 999

Loðvíðir, **299** verð áður 499

Hansarós, **399** verð áður 975



Flauelsblóm 10 stk. **499**



**Kistlar**, ný sending, þrjár stærðir
2.990, 4.990 og 6.990

blómaval
*heillandi heimur*

Sigtún - Grafarholt - Kringlan - Smáralind
- Akureyri - Keflavík - Selfoss -

FRÉTTABLAÐIÐ/KK



**SUMAR VIÐ ANDAPOLLINN** Sumarið er loks komið á Akureyri og notuðu þessir fuglavinir blíðuna til að gefa fuglunum á Andapollinum við sundlaugina brauð.

Golfvöllur Kjalar í Mosfellsbæ:

# Stórskemmdur eftir hross

**UMHVERFISMÁL** Töluverðar skemmdir urðu af völdum hrossa á golfvelli golfklúbbsins Kjalar í Mosfellsbæ fyrr í mánuðinum. Unnið hefur verið að lagfæringum, en tíma tekur að græða upp traðkið eftir hrossin.

„Það er talið að um hafi verið að ræða hrossarekstur úr bænum sem var á leiðinni upp í dal," segir Haukur Hafsteinsson umsjónarmaður golfvallarins. „Við fengum allir sjokk þegar við sáum þetta. Þeir sem hlut áttu að máli létu hins vegar ekkert vita, sem hefði þó óneitanlega verið skemmtilegra, heldur riðu bara áfram. Að minnsta kosti tveir hestar fóru inn á völlinn og jafnvel maður á hesti að elta þá. Hestarnir virðast hafa verið á stökkferð, því það voru spyrnuför eftir þá."

Haukur segir, að strax hefði verið farið í að græða skemmdirnar upp. Veðrið hefði hjálpað til með vætunni, þannig að völlurinn væri nú óðum að jafna sig.

„Við höfum verið í fyrirtaks samvinnu við hestamenn í Mosfellsbæ," segir Haukur. „Við vitum að þeir áttu klárlega engan hlut að máli þarna." -jss



**HAUKUR HAFSTEINSSON** Við eina flötina á golfvellinum sem hrossin hlupu yfir og skemmdu verulega.

Hraðakstur:

# Tíu teknir í Skagafirði

**LÖGREGLA** Tíu voru stöðvaðir fyrir of hraðan akstur, tíu bílar voru óskoðaðir og fimm ökumenn voru án ökuskírteinis á fyrsta degi umferðareftirlitsátaks samgönguráðuneytis og lögreglu í Skagafirði á þriðjudag.

Ríkislögreglustjóri heldur utan um eftirlitið, en lögregluumdæmi landsins skiptast á um að vakta vegkafla hér og hvar um landið. Að sögn lögreglu á Sauðárkróki eru 40 milljónir króna eyrnamerktar verkefninu og hafa myndavélar verið keyptar í gæslubíla þannig að einn lögreglumaður geti sinnt hraðamælingum. - óká



**REYKHÓLAR** Valnefnd í Reykhólaprestakalli mælir með Sjöfn Þór.

Reykhólaprestakall:

# Mælt með Sjöfn Þór

**KIRKJAN** Ákveðið var á valnefndarfundi í Reykhólaprestakalli að leggja til að Sjöfn Þór guðfræðingur yrði skipuð sóknarprestur. Valnefndin hefur því lokið störfum en kirkjumálaráðherra skipar í embættið samkvæmt niðurstöðu hennar. Sjö aðrir umsækjendur voru um embættið.

Sjöfn Þór útskrifaðist sem guðfræðingur árið 2003 og hefur síðan verið þjónustufulltrúi Kjalarnesprófastsdæmis, ásamt því að vera formaður Æskulýðssambands kirkjunnar og í stjórn samkirkjulegra samtaka ungs fólks í Evrópu. ■

## MALAVÍ

**BANVÆNAR UMRÆÐUR** Rodwell Munyenyembe, þingforseti Malaví, lést í fyrradag en hann fékk hjartaáfall í þinginu í umræðum um vantraust á Bingu wa Mutharika forseta landsins. Þegar átök virtust í aðsigi barði Munyenyembe fundarhamrinum hraustlega í pontuna en hneig að því búnu niður.

# Neyðarástand á Ítalíu

**Tíu manns hafa þegar látist vegna gífurlegra hita á Ítalíu. Ráðamenn í Suður-Evrópu búa sig undir hækkandi hitastig og óttast hitabylgju í líkingu við þá sem varð fjölda fólks að bana sumarið 2003.**

**HITABYLGJA** „Því er spáð að hitinn geti farið upp í 40 til 45 stig í heitustu borgunum. Það er neyðarástand í landinu, tíu manns hafa þegar látist, en á sunnudaginn lést sextugur Þjóðverji á ströndinni hér í bænum," segir Jóhanna Guðrún Gunnarsdóttir fararstjóri fyrir Úrval- Útsýn á Lido di Jesolo rétt hjá Feneyjum. Á Ítalíu er heitast í Mílanó, Flórens, Róm, Bologna og Brescia þar sem hitastig hefur verið um 35 gráður. Ástandið er verst í stórborgum Norður-Ítalíu vegna mengunar og gamalla húsa þar sem ekki er loftkæling en Jóhanna Guðrún segir að hitinn angri ferðamenn við ströndina ekki eins mikið.



**FRAKKLAND** Gamall maður fluttur á sjúkrahús vegna hitans í suður Frakklandi en talið er að tveir hafi látist í landinu nú þegar.

„Við erum að horfast í augu við hitabylgju sem er jafnstór ef ekki stærri en sú sem skall á 2003 og um það bil ein milljón manna eru í hættu," sagði Francesco Storace heilbrigðismálaráðherra Ítalíu við Reuters fréttastofuna. Árið 2003 létust 20.000 manns vegna hitans, flest eldra fólk. Yfirvöld á Ítalíu hafa beðið lækna um að fylgjast vel með öldruðum sjúklingum sínum sem eru í mestri hættu. Á mánudag var nýtt met slegið í rafmagnsnotkun á Ítalíu vegna mikillar notkunar loftkælikerfa.

Á Norður-Ítalíu valda miklir þurrkar vandræðum og óttast menn uppskerubrest. Sunnarlega á Spáni hefur hitastig sums staðar farið upp í 40 gráður og verstu þurrkar í 60 ár hrjá landið. „Hér er vel heitt en það er ekki hægt að tala um hitabylgju enn þá," segir Kristinn R. Ólafsson sem búsettur er í Madríd en hitinn þar er í 30 gráðum. „Vandinn er mikill á suðaustur Spáni, Alicante og þar um kring, þar sjá menn fram á vandræði vegna þurrka," segir hann.



**VATIKANIÐ** Ferðamenn kæla sig fyrir framan Péturskirkjuna í Róm þar sem hitinn var í 35 gráðum.

Heilbrigðisráðherra Frakklands, Xavier Bertrand, hefur komið af stað neyðaráætlun vegna hugsanlegrar hitabylgju í Frakklandi sem felst í því að fylgjast með um 100.000 manns sem taldir eru viðkvæmir fyrir hita. -rsg




FRÉTTABLAÐIÐ/EVA HREINSDÓTTIR



**SVEITABÆR Í ÁRNESSÝSLU** Verð á jörðum verður hærra eftir því sem lengra er farið frá höfuðborgarsvæðinu.

Verð á jörðum hefur hækkað:

# Vill rými og rólegheit

**FASTEIGNIR** Samhliða háu fasteignaverði í Reykjavík hefur orðið mikil hækkun á verði jarða í nágrenni borgarinnar. Magnús Leópoldsson, fasteignasali, telur jafnvel að jarðaverð hafi hækkað meira en almennt fasteignaverð, en erfitt sé að draga heildstæðar ályktanir af verði á jörðum, þar spili margt inn í og þurfi að meta hvert tilfelli fyrir sig. „Ef við erum komin yfir Hellisheiði eða upp í Borgarfjörð munar um hvern kílómetra, þannig að þær verða ódýrari eftir því sem þær eru lengra frá höfuðborgarsvæðinu. Þetta hefur þó verið að breytast. Nú eru víðar þéttbýlissvæði á landinu og jarðirnar dýrari þar í kring."

Magnús segir að almennt sé mikill áhugi á jörðum á landinu og sá áhugi hafi lengi verið til staðar, ekki endilega að fólk vilji byggja sumarbústaði eða stunda búskap heldur setjast að á jörðum í kring um þéttbýlin. „Fólk vill eiga heima í útjaðri þéttbýlis þar sem það getur haft nóg pláss í kring um sig." - at

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 28720 06/2005

**Þér er boðið í veislu** í tilefni 35 ára afmælis Toyota á Íslandi.

**Afmælisboðið verður haldið á Nýbýlavegi 4-8, frá 25.- 30. júní. Þar verður nóg um að vera:**

- Ný lán frá Glitni fyrir allt að 90% af kaupverði.
- Allt að helmingur lántökugjalds felldur niður.
- Allir sem kaupa nýjan bíl fá flugmiða fyrir tvo með Icelandair.
- Allir afmælisgestir geta unnið ferðir á Formúluna eða á HM í frjálsum.
- Formúlubíll á staðnum og formúlugjafir fyrir þá sem reynsluaka.

**Veitingar í boði alla vikuna.**

**Láttu sjá þig og hafðu engar áhyggjur af afmælisgjöfum, þær eru á staðnum.**

**Opið í dag frá kl. 9.00 til 18.00.**

Í samstarfi við Glitnir

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070



www.bmvalla.is

BM·VALLÁ

Söludeildir:
• Í Fornalundi Reykjavík 585 5050 • Suðurhrauni 6 Hafnarfirði 585 5080 •
• V/Súluveg Akureyri 460 2200 • Ægisgötu 6 Reyðarfirði 477 2050 •
• Höfðaseli 4 Akranes 433 5600 •


Öfgasinnaðir gyðingar valda usla á Gaza:

# Efndu til illinda við ísraelska hermenn

**GAZA, AP** Til átaka kom á milli öfgafullra gyðinga sem leggjast gegn brottflutningi landnema af Gaza-ströndinni, ísraelskra hermanna og Palestínumanna í gær.

Ólga vegna áforma Ísraelsstjórnar um að flytja landnema á brott af Gaza-ströndinni fer vaxandi en í gær skarst alvarlega í odda á milli þeirra sem harðast berjast gegn brottflutningnum og ísraelska hersins. Hópur ungra öfgasinnaðra gyðinga hafði lagt undir sig yfirgefið hús á Gaza en þegar hermenn rýmdu húsið í dögun kom til nokkurra átaka.

Síðar um daginn köstuðu öfgamennirnir steinum í palestínska vegfarendur og færðust þeir í aukana þegar hermenn reyndu að skerast í leikinn. Einn Palestínumannanna liggur lífshættulega slasaður á sjúkrahúsi.

Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels, fordæmdi rósturnar harðlega í gær og sagðist mundu tala við öfgamenn með tveimur hrútshornum. Hörð viðbrögð hans þykja gefa til kynna að hann óttist að illindin muni aukast og stefna brottflutningnum í hættu.

Þá ollu mótstöðumenn brottflutningsins töfum á helstu umferðaræðum í Jerúsalem og Tel Aviv en mótmæli fóru þó friðsamlega fram. ■


**HARKA HLAUPIN Í SPILIÐ** Til átaka kom á milli ungra öfgamanna og ísraelskra hermanna þegar hinir fyrrnefndu lögðu undir sig hús á Gaza-ströndinni í gær. Flytja varð nokkra á sjúkrahús.


FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**BUSH VEIFAR** „Þegar fregnir berast af öllu þessu ofbeldi þá veit ég að Bandaríkjamenn spyrja sig hvort fórnirnar séu þess virði. Þær eru þess virði vegna þess að þær eru nauðsynlegar öryggishagsmunum lands okkar," sagði Bush í ávarpi sínu.

# Bush tengir Íraksstríðið við árásirnar ellefta september

**George W. Bush var ómyrkur í máli í þjóðarávarpi sínu í fyrrinótt. Hann sagði að innrásin í Írak væri lykilatriði í stríðinu gegn hryðjuverkum og engin áform væru um að kalla herlið Bandaríkjamanna heim.**

**ÍRAK** George W. Bush Bandaríkjaforseti reyndi í sjónvarpsávarpi sínu í fyrrinótt að sannfæra þjóð sína um að innrásin í Írak hafi verið nauðsynlegur liður í stríðinu gegn hryðjuverkum. Skiptar skoðanir eru um ágæti ræðunnar á alþjóðavettvangi.

Þegar ár er síðan Írakar fengu fullveldi sitt á nýjan leik hefur stuðningur við stríðsreksturinn dvínað umtalsvert í Bandaríkjunum. Nýjustu kannanir sýna að einungis þriðjungur Bandaríkjamanna telur að herir bandamanna séu að vinna stríðið, níu prósentustigum færri en í febrúar.

Ávarpið sem Bush flutti úr herstöðinni í Fort Bragg í Norður-Karólínu í fyrrinótt bar þess merki að hann tæki stöðuna í heimalandi sínu alvarlega og því reyndi hann að höfða til þjóðarinnar með því að tengja innrásina í Írak við hryðjuverkaárásirnar 11. september 2001. „Upphaf stríðsins má rekja til 11. september. Óvinum okkar mun takast ætlunarverk sitt ef við gleymum þeirri lexíu sem við lærðum þá og skiljum íröska þjóðina eftir í höndum Abu Musab al-Zarqawi og Mið-Austurlönd í höndum Osama bin Laden."

Athygli vakti að Bush var ómyrkur í máli um hversu erfið staðan í Írak er. „Þegar fregnir berast af öllu þessu ofbeldi þá veit ég að Bandaríkjamenn spyrja sig hvort fórnirnar séu þess virði. Þær eru þess virði vegna þess að þær eru nauðsynlegar öryggishagsmunum lands okkar." Hann ítrekaði hins vegar að hvorki væri til sérstök tímaáætlun um hvenær herinn yrði kallaður heim né væri á döfinni að fjölga hermönnum í Írak.

Bush lýsti því ennfremur að til að ná fram sigri þyrfti bæði að styrkja hersveitir Íraka þar til þær gætu sjálfar séð um að tryggja öryggi landsmanna og aðstoða þá við að semja stjórnarskrá og halda kosningar.

Helstu bandamenn Bandaríkjanna voru ánægðir með ræðu Bush. Forsætisráðherra Ástralíustjórnar sagði að hún undirstrikaði nauðsyn þess að berjast fyrir frelsi og lýðræði. Í yfirlýsingu kínversku ríkisstjórnarinnar var þess hins vegar óskað að Írakar fengju raunverulegt sjálfstæði sem fyrst. Breski þingmaðurinn George Galloway fann ávarpinu flest til foráttu eins og við var að búast. „Allt sem þrjóska Bush hefur skilað er dauði fjölda fólks, bæði Íraka og annarra."

Sjá síðu 24

sveinng@frettabladid.is

Fjármálaeftirlitið um sparisjóðsstjórnir:

# Eiga að upplýsa um virkan hlut

**VIÐSKIPTI** Jóhannes Sigurðsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík, segist ekki vita hvað Fjármálaeftirlitið hafði undir höndum þegar það sendi út bréf til stofnfjáreigenda í Sparisjóði Hafnarfjarðar en hann telur líklegt að eftirlitið hafi fengið upplýsingar um að verið væri að safna saman mörgum hlutum.

„Almenna reglan með fjármálafyrirtæki er sú að þegar einhver ætlar að eignast virkan eignarhlut þá þarf samþykki Fjármálaeftirlitsins. En þar sem eigendaskipti á stofnfjárhlutum í sparisjóði eru háð samþykki stjórnar hans þá kemur málið kemur alltaf inn á borð stjórnar sparisjóðs og síðan er það hennar að koma upplýsingum til stjórnvalda."

Jóhannes telur að Fjármálaeftirlitið gangi nokkuð hart fram í þessu máli við að kalla eftir upplýsingum um viðskipti á stofnfjárbréfum. Hann bendir á að Fjármálaeftirlitið hafi óskað eftir upplýsingum frá 20 stærstu hluthöfunum í Íslandsbanka hvernig þeir hygðust beita atkvæðisrétti sínum á aðalfundi bankans í mars.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**STJÓRN Á AÐ UPPLÝSA** Jóhannes Sigurðsson telur að stjórn sparisjóðs eigi að upplýsa FME ef aðili óski eftir virkum eignarhluti. Þessu sé öðruvísi farið með önnur fjármálafyrirtæki þar sem fyrst skuli leitað til FME.

- eþa

DEBENHAMS

# útsalan hefst í dag kl. 11.00

# 30-50%

## afsláttur af völdum vörum

## Komdu og gerðu góð kaup!




DEBENHAMS

SMÁRALIND

# LANDSINS M

# ACER



## ACER 9104WLMi 2.0GHz CENTRINO DOTHAN 760

**SJÓNVARPSKORT**
Með þægilegri fjarstýringu sem geymist í PCMCIA rauf tölvunnar þegar hún er ekki í notkun

**15,4" CRYSTALBRITE**
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**8xDVD +/- SKRIFARI**
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**RADEON X600**
Eitt nýjasta skjákortið frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík

**TENGINGAR**
Hlaðin öllum helstu tengjum FireWire, 3xUSB2, infrared Bluetooth, TV út, kortalesari o.fl.

**ÞYNGD AÐEINS 2.9KG**
Acer 9104WLMi fartölvan er 2.9kg og með rafhlöðu sem endist í allt að 3 tíma

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | **2.0GHz Pentium M Dothan760**<br>Intel Centrum er með 2MB cache |
| Vinnsluminni | **512MB 333MHz DDR**<br>Stækkanlegt í 2 GB |
| Harðdiskur | **80GB Ultra ATA100**<br>4200 RPM hraður og hljóðlátur |
| DVD Skrifari | **8xDVD±RW Dual Layer skrifari**<br>Skrifar og les DVD og CD diska |
| Skjár | **15,4" WXGA WideScreen skjár**<br>Breiðstjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | **128MB ATI Radeon X600**<br>Sjálfstætt minni, TV-út og TV-inn |
| Hátalarar | **Hljóðkerfi með 2 hátölurum**<br>Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi |
| Netkort | **Gigabit 10/100/1000**<br>Einnig 56K módem innbyggt |
| Þráðlaust | **54Mbps þráðlaust netkort**<br>Innbyggt 54Mbps Wireless 802.11g |
| Stýrikerfi | **Windows XP Home**<br>Á íslensku eða ensku |
| Kortalesari | **3 in 1 minnis-kortalesari**<br>Innbyggður kortalesari fyrir flest kort |

VL18
*Samtals kr. 186.223
9.994

# VERÐ 179.900

## ACER 5001 LMi

acer



VL15
* Samtals kr. 103411
6.660

1.6Ghz AMD Turion HT - 64 bita örgjörvi með 512K cache
512 MB DDR minni • 40 GB harðdiskur • DVD±RW skrifari
15" XGA skjár 1024x768dpi • 64MB M760GX Mirage2 skjákort
Innbyggt þráðlaust netkort 54Mbps 802.11gi • Aðeins 2.8kg
Windows XP Home á íslensku eða ensku, þitt er valið

**VERÐ 99.900**

## ACER 4101WLMi

acer




VL15
* Samtals kr. 139642
8.993

1.6GHz Intel Pentium M Dothan 730 örgjörvi með 2MB cache
512MB DDR2 minni • 80GB harðdiskur • DVD±RW skrifari
15,4" WXGA skjár 1280x800dpi • 64MB ATI Mobility Radeon
X700 skjákort m/ TV-Out • Innbyggt þráðlaust netkort 54Mbps
802.11g • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 134.900**

## ACE K7 TILBOÐ 1

ACE

1.8GHz AMD Duron örgjörvi • 128MB DDR266 minni • 40GB harður diskur • 52x hraða hljóðlátt geisladrif 17" CRT skjár • 64MB Unichrome skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 49.900**

## ACE K8 TILBOÐ 3

ACE

VL15
* Samtals kr. 155.169
9.993

3500+ Athlon64 • 1GB minni 200GB harðdiskur • DVD±RW skrifari 17" LCD Acer skjár • 256MB GeForce6 NX6600 • Innbyggt 10/100/1000 netkort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 149.900**

## ACE P4 TILBOÐ 4

ACE

VL12
* Samtals kr. 134.466
10.825

3.0 GHz Intel P4 Prescott örgjörvi 512MB minni • 200GB Western Digital harðdiskur • 17" LCD Acer skjár Radeon 128MB ATI X300SE skjákort Windows XP Pro á íslensku eða ensku

**VERÐ 129.900**

## ACE P4 TILBOÐ 6

ACE

VL18
* Samtals kr. 175.872
9.439

3.4 GHz Intel P4 550 Prescott • 512MB minni • 200GB Western Digital harðdiskur 17" LCD Acer skjár • 16xDVD skrifari 256MB - GeForce6 NX6600 Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 169.900**

Tilboð meðan birgðir endast

Á tilboði með tölvu - Internet Security 2005
**VERÐ 2.990**

2GB download 4MB tenging
**HiveLite**
kr. 3.990* á mánuði
*M.v 12 mánaða samning á kreditkort eða með greiðsluseðli

Sennheiser RS110 þráðlaus heyrnatól
**VERÐ 4.990**

Canon iP4000 litaprentari Prentar beint á geisladiska
**VERÐ 17.900**

256MB,USB 2,0 minnislykill frá Sandisk Cruzer Micro
**VERÐ 2.990**

Kworld sjónvarpskort með FM útvarpi
**VERÐ 7.990**

256MB MP3 spilari frá MSI með heyrnatólum
**VERÐ 8.990**

17" ACER 1715S LCD skjár 500:1 í skerpu og 12ms
**VERÐ 24.900**

VISA OG EURO RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA • ÖLL VERÐ OG UPPLÝSINGAR BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR

# TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐU

# ESTA ÚRVAL

# AivX ferða spilari

Sarotech

**BEINT Í SJÓNVARP**
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist í græjunum, allt án tölvu

**HÝSING**
Virkar einnig sem venjulegur 2,5" ferða harðdiskflakkari og tengist þá beint í USB tengi tölvunnar

**BEINT Í GRÆJUR**
Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr AivX spilaranum án tölvu eða sjónvarps

**ÖRUGG VINNSLA**
Sarotech AivX spilarinn er í hæsta gæðaflokki og virkar án vandræða með flestum fartölvu 2.5" harðdiskum

**EKKERT MÁL**
Spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og AVI, DivX3-5, DAT, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG

**FYLGIHLUTIR**
Allir kaplar, fyrirferðalítil taska og fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum

| ÁN HD | 40GB | 80GB |
|---|---|---|
| 12.900 | 19.900 | 26.900 |

## GEFORCE 6 NX6200

MSI

ENGIN VIFTA • ENGINN HÁVAÐI •

Viftulaust MSI GeForce 6 NX6200 skjákort með 128MB minni TV-út tengi í sjónvarp, VGA og DVI skjátengi • AGP8x stuðningur við HDTV • Ný kynslóð af öflugum og hljóðlátum skjákortum frá MSI án viftu sem þýðir enginn hávaði

**VERÐ 9.990**

## Xs - DRIVE

XDRIVE II

**EINFALT Í NOTKUN**
Einstaklega einfalt og öruggt í notkun, bara að stinga kortinu í og ýta á "Copy" hnappinn

**HLEÐSLURAFHLAÐA**
Xs Drive II er með innbyggðri Lithium-ion hleðslurafhlöðu sem endist í allt að 1.6 klst.

**UPPLÝSINGAR Á SKJÁ**
Handhægur skjár sýnir hleðslu rafhlöðu, stöðu afritunar og ef pláss klárast á harða diskinum

**HARÐUR DISKUR**
Xs Drive II er með innbyggðum hörðum disk sem hægt er að fá í stærðum frá 40GB til 80GB

**LES FLEST MINNISKORT**
Les flest allar gerðir minniskorta í dag, Compact Flash, Secure Digital, Memory Stick, SmartMedia ofl.

**FLOTT TASKA FYLGIR**
Handhæg burðartaska ver drifið fyrir hnjaski og í henni er líka pláss fyrir auka minniskort

| 40GB | 60GB | 80GB |
|---|---|---|
| 16.900 | 19.900 | 22.900 |

## ACER CR5130

5.3 MegaPixel • 3x aðdráttur á linsu 15 ramma myndskeið á sek. Silfurlitað ál hús • 64MB minniskort • 1000mAh Lithium hleðslurafhlaða • Glæsileg taska

**VERÐ 19.900**

## CANON iP3000

Einstök ljósmyndagæði og hraði Prentar á geisladiska • 4 hylkja prentkerfi • Fullnýtir A4 síðu 4800dpi upplausn • 22 bls á mín. í svörtu og 15 bls á mín. í lit

**VERÐ 11.900**

## SÚPERTURN 3

**2500+**

- 2500+ AMD Sempron HT
- MSI K7NGM2 nForce2 móðurborð
- 512MB DDR400 Corsair minni
- 160GB 7200RPM WD - 8MB
- 128MB GeForce4 skjákort
- Dolby Digital 5.1 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, USB2
- Medium 300W turn

**VERÐ 37.900**

## SAROTECH HÝSING

Sarotech AivX hýsing fyrir 3,5" harðdiska, tengist beint við sjónvarp án tölvu, spilar divx, xvid, mp3, avi, og fleiri gerðir myndbandsskráa, fjarstýring og taska fylgir

**VERÐ 14.900**

Logitech MX518 Gaming Grade Optical Mús
**VERÐ 5.990**

Logitech Webcam Messenger vefmyndavél
**VERÐ 4.990**

16x DVD MSI skrifari með Nero hugbúnaði
**VERÐ 6.990**

Hágæða minniskort frá Sandisk fyrir allar Digital myndavélar á frábæru verði

512MB DDR400 MHz minni, lífstíðarábyrgð
**VERÐ 4.990**

200GB Western Digital Special Edition harðdiskur
**VERÐ 8.990**

Glæstileg utanáliggjandi harðdiska hýsing
**VERÐ 4.990**

Ótrúlega smá 40GB hýsing frá Western Digital
**VERÐ 12.900**

Vaxtalaust tilboð er miðað við 12 til 18 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.

# TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

**REYKJAVÍK**
Nóatúni 17
Sími 562 6730

**AKUREYRI**
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

**KEFLAVÍK**
Hafnargötu 90
Sími 534 7400




Mál Arons Pálma:

# Ný von um lausn

**MANNRÉTTINDI** Vonir standa til að Aron Pálmi Ágústsson, sem setið hefur í stofufangelsi í Bandaríkjunum frá 1997 og á eftir tvö ár af tíu ára fangelsisdómi, fái að koma til Íslands á næstu vikum. Þriggja manna sendinefnd RJF-hópsins, sem berst fyrir frelsun Arons, heldur um miðjan næsta mánuð til Texas.

„Okkur hefur borist mikilsvirtur liðsauki sem ætlar að leggjast á árar með okkur,“ segir Einar S. Einarsson, talsmaður RJF, og vísar til þess að virtur lögfræðingur í Bandaríkjunum af íslenskum ættum, Knut S. Johnsson, ætli í sjálfboðavinnu að beita sér fyrir frelsun Arons. Knut er sonur fyrrum ræðismanns Íslands í Chicago. **- óká**



**ARON PÁLMI ÁGÚSTSSON** Aron Pálmi hefur setið í stofufangelsi frá árinu 1997 þegar hann var 13 ára gamall. Hann var dæmdur í Texas í Bandaríkjunum fyrir kynferðisbrot sem átti sér stað þegar hann var 11 ára.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**ÖKUTÆKJAÓÐ** Rúmlega 60 prósent fleiri vélknúin ökutæki hafa verið skráð hér á landi það sem af er árinu en á sama tíma í fyrra.

Gríðarleg fjölgun nýrra ökutækja:

# Fjögur þúsund nýir bílar í júní

**INNFLUTNINGUR** Innflutningur og sala á nýjum bílum og öðrum vélknúnum ökutækjum það sem af er þessu ári eru talin vera allt að 66 prósentum meiri en á sama tíma í fyrra. Hafa bílaumboðin vart við að afgreiða nýja bíla og eru dæmi um að stöku tegundir seljist allt að 90 prósent betur nú en fyrir ári.

Hjá Umferðarstofu hefur orðið rúmlega 60 prósent aukning á nýskráningum miðað við júnímánuð 2004 en þá eru til talin öll vélknúin ökutæki sem þarfnast skáningar. Séu einkabílar teknir sér voru 2,700 nýir bílar skráðir í júní í fyrra en eru nú til samanburðar orðnir tæplega 3,700 og eru enn nokkrir dagar í mánaðamót.

Hjá bílaumboðunum eru menn almennt sammála um að sala nýrra bíla þetta árið komi flestum á óvart en ástæður þess séu fyrst og fremst hagstætt gengi krónunnar, almennt batnandi árferði og hagstæð lán sem bjóðist kaupendum nýrra bifreiða. **-aöe**



FRÉTTABLAÐIÐ/BB

**NAKINN VÍÐIR** Trjámaðkar hafa étið laufin á þessum Alaskavíði á Höfn en Rannveig Einarsdóttir segir að maðkinum fjölgi mikið í þurrkatíð.

Miklir þurrkar í Hornafirði:

# Hætta á skriðuföllum ef mikið rignir

**ÞURRKAR** Óvenju lítið hefur rignt á Höfn í Hornafirði það sem af er sumri og segir Rannveig Einarsdóttir, svæðisstjóri hjá Suðurlandsskógum, að elstu menn muni vart aðra eins þurrkatíð. Þegar líða tekur á vikuna gerir Veðurstofan ráð fyrir töluverði úrkomu í nágrenni Hafnar og telur Reynir Gunnarsson, rekstrarstjóri Vegagerðarinnar á Höfn, að hætta geti skapast á skriðuföllum á veginn um Þvottárskriður austan Hafnar. „Þegar mikið rignir í þurra jörð aukast líkur á skriðuföllum,“ segir Reynir.

Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur segir að frá miðjum apríl að telja sé úrkoman við Höfn langt undir meðaltali. „Sáralítil úrkoma var á þessu svæði frá 18. apríl og fram að sumarsólstöðum 21. júní en dagana í kringum sólstöðurnar mældist úrkoman 20 til 30 mm. Það sem af er júní er úrkoman 42 mm en meðalúrkoma í júní á þessum slóðum er 86 mm,“ segir Einar. **-kk**


Tilboðin gilda til 3. júlí eða á meðan birgðir endast
EKKERT BRUÐL
Sumar og sól í Bónus!
33cl Coca Cola
49 33cl KR.
BÓNUS
UNG naut
BÓNUS
EKKERT BRUÐL
10 stykki 115g ungnautahamborgarar
1099 KR.
FROSNIR OG FÍNIR Í FERÐALAGIÐ 10 x 115 grömm
ÍSLENSKIR TÓMATAR
115 kg KR.
ÍSLENSKAR AGÚRKUR
115 kg KR.
39KR. stykkið
EINNOTA GRILL
95 KR.
EINNOTA Kolagrill
ENGANGSGRILL
GRANDSALAT
ferskt og gott í potti
Einnota matarráhöld
EKKERT BRUÐL
VELJIÐ SJÁLF!
25 bollar,
25 diskar,
25 hnífar,
25 teskeiðar,
25 skeiðar
eða 25 gafflar
99 25 stykki KR.
FJÖLKORNABRAUÐ
69 385g KR.
FJÖLKORNA
NÝTT ÍSL. GRANDSALAT
159 KR.
PLANTA Í POTTI
6x 33 sl
6 Thule
KIPPUTILBOÐ Í BÓNUS
NÝ ÍSLENSK PAPRIKA
279 kg KR.
íslensk paprika
Veljum íslenskt!
THULE 6x 33 sl
399 KR.
FROSIN HINDBER
129 300g KR.
FROSIN JARÐARBER
159 750g KR.
SÓLHVARFA GULRÆTUR
259 500g POKI KR.
hindbær
jordbær
íslenskar gulrætur
Birgjum okkur upp í Bónus!
YLRÆKTAÐAR
nýjar íslenskar gulrætur



**VOPNIN KVÖDD** Ólögleg vopn sem lögreglan í Kenýa gerði upptæk á undanförnu ári voru brennd á báli í gær í Nairóbí í gær.

Árekstur geimfars og halastjörnu:

# Hópur Íslendinga fylgist með á Hawai

**STJÖRNUFRÆÐI** Níu manna hópur íslenskra framhaldsskólanema ásamt kennurum er nú á leið til Hawaii þar sem þeir munu fylgjast með árekstri Deep Impact geimfarsins og halastjörnunnar Tempel 1. Hópurinn mun enn fremur taka þátt í rannsóknum í kjölfar árekstursins en hann hefur fylgst með undirbúningi hans í vetur.

Áreksturinn verður á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna þann fjórða júlí. Geimfarið, sem er 370 kílógrömm, mun skella á halastjörnunni á tíu þúsund kílómetra hraða á klukkustund sem er tífaldur hraði byssukúlu. Orkan sem losnar við áreksturinn samsvarar því að fimm tonn af dýnamíti séu sprengd og búast má við að gígur á stærð við Laugardalsvöll geti myndast.

Vísindamenn NASA vonast til að við áreksturinn fái þeir betri hugmynd um efnasamsetningu halastjarna. Margir vísindamenn telja að vatn á jörðinni hafi upphaflega komið frá þeim sem og ýmis lífræn efnasambönd. Árekstrar halastjarna og jarðarinnar í fyrndinni kunna að hafa ráðið úrslitum um þróun lífs á jörðinni. Stefnumót geimfarsins og halastjörnunnar verður 130 milljón kílómetra frá jörðu. - grs



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**RÉTT FYRIR ÁREKSTURINN** Þessi teiknaða mynd sýnir geimskipið Deep Impact og halastjörnuna. Vonast er til að gígurinn verði nógu djúpur til að kjarni halastjörnunnar sjáist

Forstöðumenn ríkisstofnana:

# Veikindin flóknust

**LAUNAMÁL** Forstöðumenn ríkisstofnana telja sig helst þurfa að leita sérfræðiaðstoðar til skýringar á kjarasamningum þegar kemur að launagreiðslum vegna veikindaleyfa starfsmanna. Þetta kemur fram í niðurstöðum könnunar sem starfsmannaskrifstofa fjármálaráðuneytisins gerði meðal forstöðumanna.

Annað sem vefst helst fyrir forstöðumönnum eru tryggingar og launasetningar. Það sem vafðist minnst fyrir þeim var hvernig skyldi útfæra vaktavinnu og laun á ferðalögum. - bþg



**Í HLÍÐUM KALDBAKS** Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri og Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA, með Grenivík í baksýn.

Útivist í Eyjafirði:

# Vegur á Kaldbak

**ÚTIVIST** Kaupfélag Eyfirðinga og Grýtubakkahreppur hafa hvort um sig afhent samstarfshópnum Kaldbakur kallar hálfa milljón króna, en hópurinn ætlar að auðvelda útivistarfólki aðgengi að fjallinu Kaldbaki við austanverðan Eyjafjörð. Á undanförnum árum hefur verið boðið upp á ferðir á Kaldbak í snjótroðara en til þess að auka aðgengi að fjallinu á að byggja veg frá Grenivík upp í Grenjárdal í sunnanverðum Kaldbaki. „Við vonumst til að geta tekið veginn í notkun í haust en fyrst þarf samstarfshópurinn að finna vegstæði, gera kostnaðaráætlun og fjármagna verkefnið,“ segir Guðný Sverrisdóttir, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps.

Guðný segir vinsældir Kaldbaks sem útivistarsvæðis fara vaxandi með hverju árinu, ekki síst meðal skíða-, göngu- og vélsleðafólks. „Margir halda því fram að aflíðandi hlíð Kaldbaks sé lengsta og skemmtilegasta skíðabrekka landsins en snjór er lengur í hlíðum Kaldbaks en í mörgum öðrum fjöllum við Eyjafjörð,“ segir Guðný. - kk





ALVÖRU HUMAR
& ANNAÐ FISKMETI

Við höfum opnað nýja og glæsilega fiskbúð í verslunarmiðstöðinni Sunnumörk í Hveragerði.

Við bjóðum gæðahumar sem er sérstaklega flokkaður fyrir þig. Einnig svigna borðin undan öðru fiskmeti og tilbúnum fiskréttum – ferskum á hlaðborði hafsins.

Í ÚTILEGUNA EÐA BÚSTAÐINN!

Þegar rennt er austur fyrir fjall, í sumarbústaðinn eða útileguna, er tilvalið að koma við hjá okkur. Góð veisla byrjar hjá okkur, því við erum í leiðinni.

kaldaljós 2005

OPNUNARTÍMI
MÁNUDAGA - FIMMTUDAGA............11:00 - 18:30
FÖSTUDAGA....................................11:00 - 19:30
LAUGARDAGA..................................12:00 - 16:00

VERSLUNARMIÐSTÖÐIN
SUNNUMÖRK VIÐ ÞJÓÐVEG NR. 1



HUMARBÚÐIN -
HLAÐBORÐ HAFSINS
SUNNUMÖRK 2,
810 HVERAGERÐI
SÍMI 483 3206

Humarbúðin
Hlaðborð hafsins

Breytingar á löggjöf:

## Þeim hæfustu veitt landvist

**DANMÖRK** Danska ríkisstjórnin íhugar að breyta innflytjendalöggjöf sinni með það fyrir augum að laða til landsins fleiri vel menntaða útlendinga.

Stjórnin ræðir hvort taka eigi upp punktakerfi til að meta þá útlendinga sem vilja flytja til landsins. Umsækjendur fengju punkta fyrir þætti á borð við menntun, tungumálakunnáttu og atvinnumöguleika og nái þeir tilskildum punktafjölda fá þeir atvinnu- og dvalarleyfi.

„Það er ljóst að við þurfum á fleiri hæfum starfskröftum að halda til þess að geta mætt aukinni samkeppni,“ sagði Bendt Bendtsen, atvinnumálaráðherra. ■

Starfshópur gegn listaverkafölsunum:

# Opinberar aðgerðir duga ekki

**LISTAVERK** Ekki er hægt að beita opinberum aðgerðum til að koma í veg fyrir listaverkafalsanir. Það er álit starfshóps sem skipaður var af menntamálaráðherra til að fjalla um fölsun listaverka og hvernig hægt er að bregðast við þeim vanda. Hins vegar telur starfshópurinn hægt að búa þannig um hnútana, með fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum, að erfitt verði að bjóða fölsuð verk til sölu á markaði. „Starfshópurinn skilaði af sér greinargerð í gær og leggur í henni fram tillögur, meðal annars nokkuð veigamiklar tillögur um lagabreytingar,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra.

Í tillögum starfshópsins er gert ráð fyrir því að kaupendur geti gert kröfur um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem seljendur láta í té um verkin. Með hertum lagaskilyrðum og aukinni upplýsingagjöf, nái markaðurinn jafnvægi og fölsuðum verkum verði ýtt út af honum. Jafnframt er talið nauðsynlegt að gerðar verði ráðstafanir til að efla rannsóknir á íslenskri listasögu, enda verði það til þess að fækka fölsuðum málverkum í umferð. **- írs**



**VERK EIGNAÐ KJARVAL** Þetta er ein af þeim myndum sem styr stóð um í málverkafölsunarmálinu.

Björgunarskipið Björg:

## Dró skútu til hafnar

**SJÓVÁ** Björgunarskipið Björg á Rifi sótti um miðjan dag í fyrradag franska skútu sem flækt hafði netadræsu í skrúfu hjá sér. Að sögn Landsbjargar var veður gott og sóttist björgunin vel, en skútuna hafði rekið nokkuð nærri landi þegar að var komið.

Tveir voru í áhöfn skútunnar sem er um sex metra löng. Þetta er í annað sinn á nokkrum dögum sem björgunarsveitin á Rifi aðstoðar franska skútu.

**-óká**



**SAFNIÐ GLJÚFRASTEINN** Á sjöunda þúsund manns hafa heimsótt safnið sem er tileinkað nóbelsskáldinu.

Heimsóknir í Gljúfrastein:

## Mest Íslendingar

**SÖFN** „Aðsóknin hefur verið nokkuð góð frá því að safnið var opnað,“ segir Guðný Dóra Gestsdóttir, forstöðumaður Gljúfrasteins, safns sem tileinkað er minningu nóbelsskáldsins Halldórs Laxness.

„Síðan safnið var opnað 4. september í fyrra hafa á sjöunda þúsund gestir komið í heimsókn.“

Guðný segir að Íslendingar séu í miklum meirihluta gestanna, þótt erlendir gestir séu þó nokkrir. „Í vor hefði maður samt viljað sjá fleiri ferðmenn, en svipaða sögu segja allir sem eru í ferðamannaþjónustu.“ ■

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**STÚLKUM BJARGAÐ ÚR SJÁLFHELDU** Fimm ungum stúlkum var í gær bjargað úr sjálfheldu í bröttum skriðum í Húsavíkurfjalli. Björgunarsveit og lögregla voru send á staðinn og aðstoðuðu stúlkurnar við að komast klakklaust niður af fjallinu. Stúlkurnar, sem eru um þrettán ára gamlar, voru í gönguferð en skriðurnar sem þær festust í eru býsna brattar og að sögn lögreglu mjög lausar í sér.

**MAÐUR DATT AF HJÓLI** Maður á fimmtugsaldri slasaðist nokkuð þegar hann datt af hjóli á hafnarsvæðinu á Húsavík. Slysið átti sér stað fyrir utan veitingastaðinn Gamla Bauk stuttu eftir miðnætti í gær. Maðurinn slasaðist nokkuð og var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri til frekari skoðunar.



## „ORÐRÉTT“

*„Ég hef á undangengnum árum fengið tilboð frá öllum toppliðum í Evrópu að Kiel undanskildu en ég hef hingað til vísað þeim öllum í burtu frá mér.“*

ALFREÐ GÍSLASON HANDBOLTAÞJÁLFARI Í MORGUNBLAÐINU.

*„Markmið mitt er að verða bæjarstjóri fyrir 2010, það hefur ekki breyst.“*

ÓMAR STEFÁNSSON, BÆJARFULLTRÚI Í KÓPAVOGI, Í DV.

nær og fjær

# tilveran

**HALTUR LEIÐIR BLINDAN:** PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

## Hlýtt á Kaffibrúsakallana og jólatrén 2025 trygg

Við gengum frá Ytri-Dalbæ að Núpum í gær. Leiðin er falleg og gott að vera komnir í landslag og líf á ný eftir Sandana um daginn. Gola kyssti kinn og rigningarúði lék um okkur. Allt í lagi með það. Líkamlegt ástand er þokkalegt og Bjarki er allur að koma til. Hann hefur göngu á degi hverjum en Tómas dregur hann að landi undir lokin.

Andlega hliðin er ágæt líka, raunar mesta furða hvað okkur semur vel ennþá.

Til að stytta okkur stundir á göngunni sjálfri hlustum við á tónlist og eins og gengur hefur hver sinn smekk. Við eigum það þó sameiginlegt að geta allir skemmt okkur yfir Kaffibrúsaköllunum og setjum þá á þegar við þurfum góðan húmor til að létta móralinn.

Í gærmorgun fengum við félagsskap fyrstu fimm kílómetrana þegar Gunnsteinn Ómarsson sveitarstjóri Skaftárhrepps og Þorsteinn Kristinsson hreppsnefndarmaður gengu með okkur. Það er alltaf gaman þegar einhverjir slást í hópinn, ekki síst þegar um heimamenn ræðir sem geta frætt okkur um sögu og staðhætti.

Við fylgdumst með gróðursetningu jólatrjáa að Ytri-Ásum í fyrradag og Ásta bóndi bauð okkur að koma eftir tuttugu ár og fá hjá henni tré. Ekki er að efa að við förum (þó væntanlega akandi) til hennar árið 2025 og hermum loforðið upp á hana.



Það er þó ekki Ásta sem er á myndinni með okkur nú heldur Kristín Jónsdóttir, vinkona okkar í Skarðshlíð, sem gaf okkur pönnsur með rjóma á laugardag. Kveðja, gönguhrólfarnir.

## SJÓNARHÓLL

JÓHANNES PÁLL II Í TÖLU HELGRA MANNA



GUNNAR EYJÓLFSSON LEIKARI

### *Hlaut að koma að þessu*

Undirbúningur er hafinn að því að taka Jóhannes Pál II, fyrrum páfa, í tölu dýrlinga.

„Það hlaut að koma að því fyrr eða síðar og ég er ekki hissa á að þetta gerist svona fljótt,“ segir Gunnar Eyjólfsson leikari. „Þeir í Vatíkaninu gera sínar ráðstafanir. Þetta fer allt eftir kraftaverkunum sem hægt er að sanna að hann hafi gert og líferni hans. En málsvari myrkvahöfðingjans er líka til staðar og tínir til allt neikvætt í fari mannsins og þar er engin miskunn hjá Magnúsi.“

Gunnar segir að eitt af kraftaverkum Jóhannesar Páls II sé að hann hafi verið einn af mestu byltingarmönnum síðustu aldar. „Það var hann sem gaf fjórum austantjaldsþjóðum kjark til að rísa upp gegn guðleysi kommúnismans og ég er alveg viss um að hann verður tekinn í tölu heilagra manna.“

# Margir Íslendingar eru greindir

**Stefnt er að stofnun Íslandsdeildar samtaka fólks með háa greindarvísitölu. Greindur Svíi, sem er nýfluttur til Íslands, stendur að stofnun deildarinnar.**

Mensa eru alþjóðleg samtök fólks með háa greindarvísitölu og er tilgangur þeirra að hlúa að mannlegri greind. Er það gert með því að skapa örvandi umhverfi fyrir viðkomandi einstaklinga.

Ekki er hlaupið að því að fá inngöngu; uppfylla þarf ströng skilyrði og sýna fram á talsvert mikla greind. Greindarvísitala fólks þarf að vera um eða við toppinn á viðurkenndum greindarvísitöluskölum en reikna má með að nokkur þúsund Íslendingar búi að slíkri greind.

Lennart Edenfjord skipuleggur stofnun Íslandsdeildar Mensa en sjálfur er hann vel yfir meðallagi greindur.

„Þetta eru mjög virk samtök og maður kemst í samband við margt fólk alls staðar í heiminum,“ segir Lennart.



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

LENNART EDENFJORD Mensa er latína og þýðir „borð“. Nafnið vísar í hringborðsumræður, þar sem þættir á borð við kynþátt, þjóðerni, aldur, stjórnmál og félagslegan bakgrunn skipta engu máli, heldur einungis gagnrýnar og gáfulegar umræður.



Erlend Mensa-samtök skipuleggja ýmiss konar viðburði þar sem fólk með háa greindarvísitölu kemur saman. „Eftir því sem fjölgar í hópnum hér á landi munum við gera slíkt hið sama,“ segir Lennart, en þangað til verður netið aðalvettvangur félagsins.

„Umræðuefnin snúast um allt milli himins og jarðar,“ segir hann. „Svo eru skipulögð námskeið fyrir börn með háa greindarvísitölu, til að hjálpa þeim að nýta sér þennan styrk sinn og veita þeim stuðning, því mörg undrabörn eru misskilin í skóla.“

Lennart er Svíi en flutti hingað á síðasta ári og vinnur nú á 1919 hótelinu í miðborg Reykjavíkur. „Þegar ég kom til Íslands athugaði ég hvort til væri íslenskt Mensa en sá að svo var ekki. Það var formaðurinn í viðburðadeild sænska Mensa sem spurði hvort ég vildi ekki bara byrja með þetta hérna.“ Lennart tók sænska formanninn á orðinu og vinnur nú hörðum höndum að stofnun Íslandsdeildarinnar. Landsmenn geta tekið Mensa-prófið frá og með 20. ágúst og viðbúið að fjölmargir kanni greind sína og freisti þess að fá inngöngu í samtökin. Einnig er hægt að leggja fram gögn frá viðurkenndum sálfræðingi til að fá inngöngu.

Mensa-samtökin voru stofnuð í Oxford á Englandi árið 1946 og eru félagsmenn í kringum 100.000 í um 100 löndum. Að sögn Lennarts eru nú þegar fimm Íslendingar í Mensa.

Meðlimir koma úr öllum þjóðfélagsstéttum og frægt er orðið að Hollywood-stjörnurnar Sharon Stone, Steve Martin, Geena Davis og Jodie Foster eru félagar.

rosag@frettabladid.is




Skiltagerðarmaður:

# Setur upp tölu látinna

Þegar keyrt er austur yfir Hellisheiði veltir fólk því oft fyrir sér hvort talan á minnisvarða Umferðarstofu hafi hækkað þegar snúið er til baka til borgarinnar. Hvert númer táknar dauðaslys og virðist sem tölurnar birtist um leið og eitthvað hefur komið fyrir. En hver er maðurinn á bak við tölurnar?

Reynir Sveinsson er skiltagerðarmaður og fyrrverandi lögreglumaður. Hann hefur séð um að setja upp tölurnar frá því skiltið var sett upp á Hellisheiðinni árið 2000. Hann segir starfann vissulega dapurlegan. „Þetta kemur svolítið við mann,“ segir Reynir sem er þó orðinn sjóaður í þessum málum enda starfaði hann í níu ár hjá lögreglunni og hluta af þeim tíma við rannsóknir á slysum.

Reynir segist ávallt vera tilbúinn að leggja af stað þegar kallið kemur en miðað er við að setja aldrei upp töluna fyrr en búið er að tilkynna um slysið í fjölmiðlum. Hann segir þægilegt að hafa einhvern með sér þegar hann fer í þessar ferðir en vitanlega geti hann fengið einhvern til að leysa sig af ef hann þarf að skreppa burt.




Í VINNUNNI Reynir Sveinsson hefur sett upp tölur látinna á minnismerki Umferðarstofu á Hellisheiði í hart nær fimm ár.

„Það kemur alltaf meira við mann ef maður kannast við viðkomandi, og ef tveir fara í sama slysinu,“ segir Reynir sem verður sár að sjá þegar menn keyra ógætilega. Sjálfur segir hann tölurnar minna sig á að keyra varlega þegar hann er á leiðinni yfir heiðina og láta það ekki ergja sig þó aðrir vilji fara hraðar. „Það þarf hver að bera ábyrgð á sér,“ segir Reynir, sem býst ekki við að verða í þessu starfi um ókomna framtíð enda ekki ljóst hve lengi minnisvarðinn verður á heiðinni.■

Afburðanemar fá vegleg peningaverðlaun:

# Verðlaunum varið í húsnæðiskaup og nám

**VERÐLAUN** Kristján Friðrik Alexandersson og Sigurður Örn Stefánsson hlutu 750 þúsund krónum hvor, úr Verðlaunasjóði Guðmundar P. Bjarnasonar frá Akranesi.

Verðlaunin hljóta þeir vegna framúrskarandi námsárangurs. Báðir útskrifuðust úr BS-námi við Háskóla Íslands um helgina; Kristján Friðrik úr efnafræði og Sigurður Örn úr eðlisfræði.

Þeir eru þakklátir og ánægðir með verðlaunin en hyggjast verja fénu hvor á sinn hátt. Sigurður Örn ætlar að leggja sitt í banka og nota til húsnæðiskaupa þegar þar að kemur en Kristján Friðrik ætlar að nýta peningana til þess að létta sér lífið í framhaldsnámi í Oxford, sem hann hefur í haust.

Tvímenningarnir voru bekkjarfélagar í Menntaskólanum á Akureyri og kepptu saman á Ólympíuleikunum í eðlisfræði.

Í Oxford ætlar Kristján Friðrik að læra fræðilega eðlisefnafræði en Sigurður Örn ætlar í fræðilega nútímaeðlisfræði í HÍ.

Í sumar vinnur Kristján Friðrik á Raunvísindastofnun Háskólans en Sigurður Örn hjá Íslenskum orkurannsóknum.

-bþs



**ÁNÆGÐIR** Sigurður Örn og Kristján Friðrik fengu 750 þúsund krónur hvor úr Verðlaunasjóði Guðmundar P. Bjarnasonar. Guðmundur fæddist á Sýruparti á Akranesi árið 1909 en býr nú á dvalarheimilinu Höfða. Hann átti þess ekki kost að stunda háskólanám en vann að netagerð, fiskmati og útgerð.



**ANNO 2012** Svona sér listamaður Ólympíuleikvanginn í New York-borg árið 2012 fyrir sér. Fjórar borgir hafa sótt um að halda leikana það ár.



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**LÖNG LEIÐ** Hestarnir sem fara milli Ontario og Gimli hafa þegar verið sendir utan. Þeirra bíður 400 kílómetra reiðtúr.

Riðið í vesturheim:

## Frá Eyrarbakka til Gimli

Á morgun leggja fimm reiðmenn upp í ferð frá Eyrarbakka til Gimli í Kanada. Förin er farin til að efla tengsl Íslendinga og Vestur-Íslendinga og minnast sögu íslenskra landnema í Vesturheimi.

Fimmmenningarnir heita Elín Ósk Þórisdóttir, Karl Ágúst Andrésson, Friðþjófur Ragnar Friðþjófsson, Lauren Arnason og Valur Örn Gíslason og eru öll þaulvanir hestamenn. Riðið verður sem leið liggur frá Eyrarbakka til Hveragerðis, þaðan til Þingvalla og loks í Mosfellsbæinn. Hópurinn flýgur svo utan og hefur ferðina á ný í Ontario 16. júlí og áætlar að vera í tvær vikur á baki uns komið er til Gimli en 400 kílómetrar skilja borgirnar að.

Ungur Kanadamaður, Declan O'Driscoll, er upphafsmaður ferðarinnar og ætlar hann að gera henni skil í heimildarmynd.

Hátíð verður við pósthúsið á Eyrarbakka á morgun þegar hestamennirnir leggja í hann og þeim meðal annars afhent bréf frá Byggðasafninu í bænum til Vestur-Íslendinga. Hátíðin og reiðtúrinn langi hefjast klukkan 16 á föstudag.

- bþs







LIVE 8

VIÐ STYÐJUM LIVE8!

TÓNLEIKAR

til stuðnings Live8 í Hljómskálagarðinum

20.30-23.00 föstudaginn 1. júlí

FRAM KOMA:

Bubbi Morthens
Hjálmar
Kimono
Leaves
Mínus
Papar
Ragnheiður Gröndal
Singapore Sling
Stuðmenn
Without Gravity
(áður Tenderfoot)

Augu heimsins munu beinast að Edinborg næstu daga þar sem leiðtogar ríkustu landa heims koma saman til fundar og ræða málefni fátækustu ríkja heims. Gríðarlegir hagsmunir eru í veði: á hverjum degi deyja 50 þúsund manns í Afríku úr hungri og sjúkdómum. Þetta samsvarar því að öll íslenska þjóðin létist á innan við einni viku.

„Live8" tónleikarnir nú um helgina hafa það að markmiði að hvetja leiðtogana til að gefa eftir skuldir fátækustu ríkjanna, brjóta niður óréttlátar viðskiptahindranir og að tvöfalda þróunaraðstoð.

Við Íslendingar eigum og getum stutt þessi markmið – í verki - á alþjóðavettvangi.

Alþingi Íslendinga samþykkti fyrir tuttugu árum að 0.7% þjóðarframleiðslu skyldi renna til þróunarsamvinnu innan sjö ára. Nú 20 árum síðar er þróunaraðstoð okkar innan við þriðjung þessa.

Er þetta sæmandi einni ríkustu þjóð í heimi?
Við undirritaðir tónlistarmenn teljum að svo sé ekki.

**Við skorum á almenning að sýna stuðning sinn í verki og mæta á tónleika til stuðnings „Live8" í Hljómskálagarðinum föstudagskvöldið 1. júlí.**

Bubbi Morthens
Einar Örn Benediktsson
Ellen Kristjánsdóttir
Emiliana Torrini
Ensími
Helgi Björnsson
Hjálmar
Jagúar
Kimono
KK
Leaves
Mínus
Múgison
Ragnheiður Gröndal
Singapore Sling
Sölvi Blöndal/Quarashi
Stuðmenn
Without Gravity

Styrkt af Reykjavíkurborg

Landsbankinn  BAUGUR GROUP  ICELANDAIR  United Nations 60

## SVONA ERUM VIÐ

DVD-spilara eign landsmanna

Heimild: Hagstofan




Tölur fyrir 2004 eru ekki til

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: FLÉTTULISTAR

# *Árangursríkasta leiðin til jafnréttis*



Vinstrihreyfingin grænt framboð hefur ákveðið að við næsta prófkjör sem fram fer 1. október næstkomandi muni framboðslisti flokksins vera fléttulisti. Það er í fyrsta skipti sem slíkt fyrirkomulag verður viðhaft hér á landi.

**Hvað er fléttulisti?**

Fléttulisti er aðferð til þess að jafna hlutfall kynjana um leið og kosið er á framboðslista. Það fer þannig fram að ef karl hlýtur flest atkvæði skipar atkvæðamesta konan annað sætið og öfugt. Þannig skipta kynin með sér sætum á víxl á listanum.

**Hverjir eru kosti og gallar þessa kerfis?**

Helsti kostur þessa kerfis er sá að það er talið árangursríkasta leiðin til þess að koma á jafnrétti með tiltölulega einföldum hætti. Þeir sem gagnrýna það hafa hins vegar bent á að hæfni einstaklingsins ætti að ráða um það hvar hann lendir á listanum en ekki kyn. Eins hafa þeir bent á að þetta kerfi skerði í raun val þeirra sem kjósa þar sem kyn frambjóðanda getur ráðið meiru um hvar hann lendir en sá fjöldi atkvæða sem hann fær.

**Hvar hefur fléttulistum verið beitt?**

Sósíaldemókratar í Svíþjóð hafa notað þetta kerfi við sínar uppstillingar. Einnig hefur þetta verið haft að viðmiði við val á ráðherrum þar í landi sem og í nýjustu ríkisstjórn Sósíallista á Spáni. Aðallega er þetta kerfi viðhaft á Norðurlöndunum en þó síst af hægriflokkunum.

## SPURT & SVARAÐ

**HVERJU BREYTIR AMNESTY HÉR?**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**JÓHANNA K. EYJÓLFSDÓTTIR**
framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty

### *Ýta á stjórnvöld*

Um síðustu helgi stóð Íslandsdeild Amnesty International fyrir uppákomu á Austurvelli þar sem fólki var boðið að reyna á eigin skinni hluta pyntinga sem fangar Bandaríkjahers í Guantanamo-búðunum hafa mátt sæta.

**Hverju skilar Amnesty hér í litlu velmegunarríki?**

Starfið gengur út á alþjóðlega samstöðu. Einstakir félagar skrifa bréf til yfirvalda þar sem mannréttindi eru brotin og stór hluti félaga hér tekur reglulega þátt í því.

**Vinnur Íslandsdeildin með stjórnvöldum hér?**

Við höfum átt ágætt samstarf við utanríkisráðuneytið, en yfirvöld hafa til dæmis staðið sig vel í tengslum við bann við barnahermennsku og við stofnun Alþjóðlega sakamáladómstólsins. Nýjasta dæmið er svo undirritun Evrópusamnings sem tryggja á betur réttindi fórnarlamba mansals.

**Hvar mættu stjórnvöld hér taka sig á?**

Yfirvöld mættu á köflum vera beinskeittari í yfirlýsingum, en núna leggjum við áherslu á að stjórnvöld taki virkan þátt í undirbúningi alþjóðlegs samnings um vopnasölu og beiti sér fyrir vernd mannréttinda í stríðinu gegn hryðjuverkum og ýti á bandarísk yfirvöld að loka Guantanamo-búðunum. Þá viljum við að stjórnvöld beiti sér fyrir gerð alþjóðlegs samnings um ábyrgð fyrirtækja í tengslum við mannréttindi.

# Engin afstaða til tengsla Finns og Halldórs

**Tveir hæstaréttarlögmenn hafa skilað álitsgerð sem þeir voru fengnir til að vinna að beiðni stjórnarandstöðunnar. Þeir telja margt í minnisblaði Ríkisendurskoðunar frá því um miðjan mánuðinn verulegum annmörkum háð. Bent er á sterk tengsl Halldórs Ásgrímssonar og Finns Ingólfssonar.**

Minnisblað Ríkisendurskoðunar um hæfi Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra er verulegum annmörkum háð. Þetta kemur fram í álitsgerð hæstaréttarlögmannanna Sifjar Konráðsdóttur og Björns L. Bergssonar, sem unnin var að beiðni þingflokka stjórnarandstöðunnar. Í álitsgerðinni er verulegum efasemdum lýst yfir minnisblaði ríkisendurskoðanda sem dreift var á fundi fjárlaganefndar um miðjan mánuðinn en sjö spurningar voru lagðar fyrir lögmennina að ósk stjórnarandstöðunnar sem hafa nú skilað áliti sínu.

Lögmennirnir segja að með álitsgerðinni séu þeir þó ekki að leysa úr því álitaefni hvort Halldór Ásgrímsson hafi verið hæfur eða vanhæfur til að fjalla um sölu á hlut ríkisins í Búnaðarbankanum árið 2003. Þess hafi ekki verið óskað af álitsbeiðanda né heldur telja lögmennirnir að nægjanlega mikil gögn liggi fyrir í málinu til þess að hægt sé að kveða upp slíkan úrskurð.

**1. Ríkisendurskoðandi sem málsaðili**

Ríkisendurskoðandi er ekki réttur aðili til að fjalla um hæfi eða vanhæfi stjórnvaldshafa að mati lögmannanna. Það sé einkum hlutverk umboðsmanns Alþingis að fjalla um vanhæfi stjórnvaldshafa. Á það er hins vegar fallist með Ríkisendurskoðun af lögmönnunum að það geti verið eðlilegt að Ríkisendurskoðun hugi að hæfi Halldórs í ljósi tengsla hans sjálfs við S-hópinn. Sé það þess vegna athyglisvert að Ríkisendurskoðun hafi ekki gert slíkt þegar það gerði úttekt á einkavæðingu ríkisfyrirtækja í desember 2003 enda hafði þá þegar verið fjallað um tengsl Skinneyjar-Þinganess hf. og Hesteyrar hf. á opinberum vettvangi.

**2. Lögformleg staða Halldórs Ásgrímssonar**

Ótvírætt virðist að mati lögmannanna að reynt hafi getað á hæfi Halldórs Ásgrímssonar í störfum ríkisstjórnarinnar sjálfrar en ekki aðeins í störfum hans í ráðherranefnd um einkavæðingu. Þannig hafi allir sem hafi stjórnsýslu með höndum hlutverk starfsmanns í skilningi stjórnsýslulaganna. Þannig er hafnað þeirri skoðun Ríkisendurskoðunar að þar sem ráðherranefndin sé ekki lögformlega varin þá falli hún utan gildissviðs stjórnsýslulaganna.

**3. Hvort Halldóri hafi borið að víkja**

Halldór hefur í störfum sínum sem varaformaður ráðherranefndar annast stjórnsýsluverkefni að mati lögmannanna. Bein lagaskylda hvíli á öllum þeim sem slíkum verkefnum sinna að gæta að hæfi sínu. Þeim beri að vekja athygli formanns stjórnsýslunefndar á því hvort hæfi þeirra orki tvímælis. Halldóri hafi borið eins og öðrum að gæta að hæfi sínu.

**4. Tímamörk hæfisskilyrða**

Veikindaleyfi Halldórs frá 14. október til 26. nóvember 2002 hefur enga afgerandi þýðingu við úrlausn álitaefnis um hvort hann hafi verið hæfur til að fjalla um sölu hlutar ríkisins í Búnaðarbankanum til S-hópsins að mati lögmannanna. Spurning um vanhæfi hljóti að hafa vaknað strax og S-hópurinn skilaði inn tilkynningu um áhuga á kaupum á kjölfestuhlut í bönkunum.

**5. Tímamörk við eigendaskipti**

Lögmennirnir eru ekki sammála þeirri túlkun Ríkisendurskoðunar að eigendaskipti á bréfum Hesteyrar ehf. í Keri hf. hafi verið 12. nóvember eða þann dag sem samningur var gerður. Segir í álitsgerðinni að ganga eigi út frá þeirri dagsetningu þegar öll skilyrði samnings milli aðilanna voru uppfyllt eða 19. nóvember.

**6. Prósentuhlutfall við hagsmunamat**

Í álitinu segir að ekki sé almennt augljóst að við þær aðstæður sem um ræðir varðandi hagsmuni Halldórs þegar meta á prósentu-hlutfall eignarhluta fjölskyldu hans í Skinney-Þinganesi, hafi ómálefnaleg sjónarmið haft áhrif á ákvörðunina. Ekki beri aðeins að líta til hlutfalls heldur einnig þess að um viðskipti fyrir um tvö hundruð milljónir hafi verið að ræða.

**7. Vanhæfi á grundvelli tengsla við S-hópinn**

Einn helsti forsvarsmaður S-hópsins var Finnur Ingólfsson, forstjóri VÍS, sem var náinn samstarfsmaður Halldórs um langt árabil. Lögmennirnir telja að óhjákvæmilegt hafi verið vegna tengsla Halldórs við Finn að taka afstöðu til þess að þeir höfðu starfað náið saman í gegnum árin.

**Ríkisendurskoðun bar að setja fyrirvara**

Í niðurstöðu álitsgerðarinnar segir að umfjöllun um hæfi Halldórs Ásgrímssonar í minnisblaði Ríkisendurskoðunar hafi verið mjög takmörkuð án þess að skýrt sé kveðið á um hvers vegna svo sé. Einnig kemur fram að Ríkisendurskoðun hafi borið að setja þá fyrirvara að umfjöllun hennar hafi aðeins beinst að afmörkuðum þætti álitaefnis og spurningum um hæfi Halldórs hafi verið haldið utan við athugunina að öðru leyti en varðar eignatengsl hans og vandamanna.

Sjá álitsgerðina í heild sinni á visir.is.

**hjalmar@frettabladid.is**



**FINNUR INGÓLFSSON** Finnur pakkar saman á skrifstofu sinni í Seðlabanka Íslands í september 2002. Hálfu ári síðar hafði hann keypt stóran hlut í Búnaðarbankanum fyrir hönd VÍS þar sem hann tók við forstjórastöðu.






ENNEMM / SIA / NM17031

# Útsalan

## er hafin í Smáralind

**15-70% AFSLÁTTUR**

Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / 528 8000 / www.smaralind.is

## SVONA ERUM VIÐ

**BORGARLEGAR HJÓNAVÍGSLUR**

Heimild: Hagstofan




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL. GREINING:** RÆÐA BUSH BANDARÍKJAFORSETA

# *Stríðið klætt í svarthvítan búning*



Fátt nýtt kom fram í sjónvarpsávarpi George W. Bush Bandaríkjaforseta í fyrrinótt. Hann reyndi að stappa stálinu í þjóð sína með því að höfða til tilfinninga hennar og var auðheyrt að andstaða almennings við stríðsreksturinn í Írak var honum ofarlega í huga.

**Stríðið gegn hryðjuverkum**
Rauður þráður í ræðu Bush var að Íraksstríðið væri sársaukafulllur en nauðsynlegur liður í stríðinu gegn hryðjuverkum. „Okkur er í raun aðeins ein leið fær í baráttunni og hún er að taka á hryðjuverkamönnunum erlendis áður en þeir láta til skarar skríða hérlendis.“ Bush persónugerði stríðið með því að nefna Osama bin Laden og Abu Musab al-Zarqawi á nafn, sem er óvenjulegt. Hann nefndi auk þess árásirnar 11. september alls fimm sinnum í þessu samhengi og sló því þannig á tilfinningastrengi í brjósti þjóðar sinnar. Bandaríska ríksstjórnin hefur lengi reynt að spyrða Írak og al-Kaída saman. Flestir stjórnmálaskýrendur telja hins vegar að engin slík tengsl hafi verið fyrir hendi á meðan Saddam Hussein var við völd og uppgangur al-Kaída í Írak undir stjórn al-Zarqawi sé frekar afleiðing af innrásinni en orsök hennar.

**Hverju skilar ræðan?**
Ræðu Bush ber auðvitað að skoða í ljósi þverrandi stuðnings heima fyrir við stríðsreksturinn í Írak. Hann veit að ef allt fer á versta veg í Írak verður honum kennt um. Alan Lichman, prófessor í sagnfræði við American University í Washington, segir í samtali við BBC að eflaust hafi forsetanum tekist að telja kjarkinn í þjóðina – um sinn. Um leið og gefur á bátinn og næsta mannskæða árás verður gerð mun ræðan verða öllum gleymd.

## SPURT & SVARAÐ

**RÆÐA GEORGE W. BUSH**



**SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR**
stjórnmálafræðingur

### *Bjóst við tímaramma*

Í fyrrirnótt hélt George W. Bush, forseti Bandaríkjanna, ávarp í herstöðinni í Fort Bragg í N-Karólínu sem sjónvarpað var um gjörvöll Bandaríkin. Í ræðunni fjallaði Bush um stöðu og horfur í Írak. Silja Bára Ómarsdóttir er stjórnmálafræðingur og hefur kynnt sér bandarísk stjórnmál.

**Hvernig fannst þér ræðan?**
Mér fannst ekkert nýtt koma fram þannig séð. Hann var bara að reyna að verja sína stöðu og ákvarðanir. Hann reyndi í rauninni að kynna sem fegursta mynd af ástandinu í Írak. Hann veit að meira en helmingur Bandaríkjamanna telur að herinn eigi ekki að vera í Írak þannig að þetta eru í rauninni björgunaraðgerðir.

**Kom eitthvað á óvart í ræðunni?**
Þetta var alveg eins og ég bjóst við. Maður hefði samt kannski haldið að hann myndi gefa sér einhvern tímaramma í Írak, en í staðinn sagði hann að tilbúnar tímasetningar væru í rauninni ekki til neins.

**Hvað má lesa úr ræðunni um stöðu Bush?**
Mér finnst að þetta sé nú þegar farið að snúast um næstu kosningar. Bush getur ekki boðið sig fram aftur þannig að fólk er farið að velta því fyrir sér hvað hann sé eiginlega að gera þarna. Hann hefur í sjálfu sér engu að tapa.


ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.

Talstöðin
FM 90,9




**ENN EITT FÓRNARLAMBIÐ** Dhari Ali al-Fayadh, aldursforseti íraska þingsins var borinn til grafar í gær en hann var ráðinn af dögum á mánudaginn. Að líkindum hafa um 25.000 Írakar týnt lífi í átökum og árásum síðan ráðist var inn í landið í mars 2003.

# Vítahringurinn í Írak

**Ári eftir að hernámsliðið færði Írökum fullveldi sitt á nýjan leik virðist lítið hafa þokast í friðarátt. Þeir sem réðust inn í landið á sínum tíma eru í erfiðri klemmu: Mun ástandið í landinu lagast ef herliðið verður kallað heim?**



**FRÉTTAVIÐTAL**
FRIÐARHORFUR Í ÍRAK

**SVEINN GUÐMARSSON**
BLAÐAMAÐUR

Ár er liðið síðan öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti ályktun sem kvað á um að Írakar hefðu fengið fullveldi sitt á ný. Í ávarpi sínu af því tilefni var George W. Bush Bandaríkjaforseti glaður í bragði. „Þetta er dagur vonar fyrir Íraka og dagurinn sem hryðjuverkamenn vonuðu að myndi aldrei renna upp. Illvirki hafa ekki komið í veg fyrir fullveldi Íraks og þeim mun ekki takast að hindra að lýðræði komist á í landinu.“

Ári síðar hefur heldur dregið úr bjartsýninni. Þótt efnt hafi verið til kosninga og ríkisstjórn mynduð þá er í besta falli hægt að tala um að lýðræðið sé í skjóli bandarískrar herverndar – eins þversagnarkennt og það hljómar. Donald Rumsfeld, landvarnaráðherra Bandaríkjanna, hefur viðurkennt að rúmur áratugur gæti liðið þangað sigur ynnist á uppreisnaröflunum í Írak og Bush dró engan dul á í ræðu sinni í fyrrinótt hversu erfitt viðureignar ástandið væri.

Í ræðu sinni ítrekaði Bush að hvorki væru áform um að bæta við bandarískt herlið í landinu né kalla það heim. Um þetta eru skiptar skoðanir, sumir telja að vera hersins sé orsök ófriðarins, aðrir benda á að fjandinn verði laus við ótímabært brotthvarf hernámsliðsins.

**Mannfallið er mikið**
Enginn veit með vissu hversu margir hafa farist í átökum og tilræðum í Írak síðan ráðist var inn í landið í mars 2003. Í könnun Sameinuðu þjóðanna frá í maí á þessu ári er því haldið fram að um 24.000 Írakar (bæði hermenn og borgarar) hafi beðið bana. Breska rannsóknarverkefnið Iraq Body Count áætlar að 22.500-25.500 borgarar hafi týnt lífi síðan innrásin var gerð og í fyrrahaust staðhæfði læknaritið Lancet að í það minnsta 100.000 manns hefðu farist. Yfir 1.700 bandarískir hermenn liggja í valnum eftir átök síðustu tveggja ára og frá því að ríkisstjórn Ibrahim al-Jaafari tók við völdum í apríllok hafa um 1.360 Írakar fallið. Því bendir fátt til að uppreisnin sé „í dauðateygjunum,“ eins og Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna hélt fram á dögunum.

**Erlendir vígamenn**
Allstór hluti ofbeldisverkanna í Írak er framinn af erlendum vígamönnum sem aðhyllast öfgakennda útgáfu af íslam og heyja heilagt stríð gegn vestrænum áhrifum í Mið-Austurlöndum. Al-Kaída sellan í Írak sem Jórdaninn Abu Musab al-Zarqawi stýrir er besta dæmið um það. Í þeim tilvikum þar sem tekist hefur að bera kennsl á sjálfsmorðssprengjumenn eru þeir oftast af erlendum uppruna, til dæmis frá Sýrlandi, Jemen eða Sádi-Arabíu.

Það er gilt sjónarmið að segja að brotthvarf bandarískra hermanna frá Írak myndi að líkindum draga úr hryðjuverkaárásum þessara hópa og þannig leiða til friðsælla ástands. Á móti má færa fyrir því rök að vígamennirnir muni beina spjótum sínum að ríkisstjórninni eftir að herliðið er farið – ekki síst þegar haft er í huga að al-Kaída telur sjía, sem nú stýra Írak, vera trúvillinga sem verði að uppræta. Það gæti leitt til þess að Írak yrði griðastaður öfgamanna stjórnleysi að bráð, rétt eins og Afganistan var á tímum talibanastjórnarinnar.

**Vítahringur**
Íraskir súnníar eru annar hópur sem staðið hefur fyrir uppreisn gegn hernámsliðinu og ríkisstjórninni og á vissan hátt er andstaða þeirra skiljanleg.

Í fyrsta lagi telja þeir sig hafa verið setta til hliðar við stjórn landsins. Þátttaka þeirra í kosningunum í janúar var afar léleg, til dæmis vegna vantrúar á að þeir fengju nokkur raunveruleg völd. Þeir hafa líka verið fældir frá stjórnmálaþátttöku, ýmist með hótunum eða ofbeldi. Þannig var lagaprófessor úr röðum súnnía sem lýst hafði áhuga á að taka þátt í yfirstandandi stjórnarskrárgerð ráðinn af dögum í síðustu viku.

Í öðru lagi er öryggisástandið einna ótryggast í héruðum súnnía. Bæir á borð við Haditha í Anbarhéraði eru undir stjórn uppreisnarmanna og þar eru átök daglegt brauð. Sökum stöðugra átaka falla margir óbreyttir borgarar fyrir byssukúlum bandamanna á slíkum svæðum sem aftur elur af sér meiri ólgu og óánægju.

Í þriðja lagi má svo nefna hægaganginn við uppbyggingu landsins. Íbúar Bagdad þurfa að búa við rafmagnsleysi fimmtán klukkustundir á dag. Engin holræsi eru hjá 37 prósentum þjóðarinnar. Drykkjarvatn og eldsneyti er af skornum skammti. Ríflega þriðjungur ungs fólks er atvinnulaus. Rósturnar í landinu eru aðalástæða þess hve hægt gengur að koma þjóðlífinu í betra horf og þar sem ólgan er mest á svæðum súnnía er ástandið jafnframt verst þar. Því er um vítahring að ræða, ómögulegt er að byggja upp þjóðfélagið á meðan vargöld ríkir en hún stafar meðal annars af því hversu hægt gengur að byggja upp.

**Illskásti kosturinn**
Hvað er þá til ráða? Kalla Bandaríkjaher heim frá Írak, bæta við liðið eða hvorugt? Óvissan um hvað gerist ef herliðið er kallað heim er of mikil til að á það sé hættandi á næstunni. Margir telja að Bandaríkjamenn eigi frekar að auka við lið sitt í Írak en það verður að teljast bæði óskynsamlegt og ólíklegt þar sem það myndi hleypa enn verra blóði í stóran hluta uppreisnarliðsins og falla í grýttan jarðveg í Bandaríkjunum þar sem stuðningurinn við stríðsreksturinn er í sögulegu lágmarki.

Illskásti kosturinn virðist því að halda í horfinu og reyna þess í stað að byggja íraska herinn upp á markvissan hátt þótt það muni taka langan tíma. Sömuleiðis er mikilvægt að styðja við stjórnmálauppbygginu í landinu og fá súnníum þau völd og áhrif sem þeim ber. Þessari áætlun kvaðst Bush einmitt ætla að fylgja í ávarpi sínu í fyrrinótt.

Jafnframt verður að efna til einhvers konar samræðu við hluta uppreisnarmannanna, til dæmis súnníana sem með réttu eru ósáttir við sinn hag. Í gær var einmitt kynnt stofnun pólitískra regnhlífarsamtaka nokkurra íraskra uppreisnarhópa sem eykur vonir um að þeir séu tilbúnir til að láta af ofbeldi og semja á friðsamlegan og skynsaman hátt. Sé rétt haldið á spöðunum má því eygja vonarglætu.■

# grillmatseðillinn fæst í nettó

## -á betra verði



þú sparar 1.198 kr.kg

2.796 kr.kg.

Gourmet Tornado steik



gæða-kjöt

1.889 kr.kg.

þú sparar 809 kr.kg

Gourmet piparsteik
áður 2.698 kr.kg.



1.798 kr.kg.

SS Grand Orange lambainnralæri

íslensk gæði...



hollt og gott!

29 kr.kg.

Íslenskar agúrkur

íslensk gæði...



99 kr.kg.

Íslenskir tómatar

íslensk gæði...



129 kr.kg.

Íslenskir kirsuberjatómatar



geggjað á grillið

959 kr.kg.

Gourmet lambaframpartsneiðar



vá!

30% afsláttur

Gourmet lærisneiðar



þú sparar 799 kr.kg

1.199 kr.kg.

Gourmet Tex Mex grísakótilettur



þú sparar 660 kr.kg

1.539 kr.kg.

Lambasneiðar með pestó



50% afsláttur

Franskar grillpylsur



995 kr.kg.

SS Mexíkó helgarsteik

Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is

## allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 30. júní - 3. júlí (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

nettó

## HÚSBÍLAFLOTINN

> FJÖLDI SKRÁÐRA NÝRRA HÚSBÍLA

| | |
|---|---|
| 2000 | 32 |
| 2001 | 39 |
| 2002 | 64 |
| 2003 | 107 |
| 2004 | 171 |
| 2005 | 132 |

# neytendur
*hagur heimilanna*

ÚTGJÖLD HEIMILANNA

## *Neysla eykst mikið milli ára*

Neysluútgjöld íslenskra heimila jukust um rúm 50 prósent á sjö ára tímabili frá 1995 til áranna 2000 til 2002 samkvæmt ítarlegri rannsókn á útgjöldum heimilanna í landinu sem Hagstofa Íslands stóð fyrir. Voru niðurstöður þeirra rannsóknar bornar saman við aðra slíka úttekt sem gerð var árið 1995.

Margt athyglisvert kemur þar fram. Fjölskyldumynstur og heimilisgerð hefur breyst talsvert hin síðari ár. Rúm 34 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu 2002 voru hjón eða sambýlisfólk með börn en fjöldi einhleypra á sama svæði var litlu minni, tæp 30 prósent. Tæplega 80 prósent allra í landinu búa í sínu eigin húsnæði.

Sjónvarpstæki eru á 97 prósentum íslenskra heimila og fer þeim fjölgandi sem nota fleiri en eitt tæki. Voru til að mynda rúm fimm prósent heimila með fleiri en fjögur sjónvarpstæki árið 2002.

Ísskápar eru reyndar algengustu heimilistæki á Íslandi. Slíkan skáp má finna á 98,9 prósentum allra heimila. Önnur tæki sem ómissandi þóttu á flestum heimilum fyrir þremur árum voru heimasími, þvottavél, myndbandstæki, bíll og farsími í þessari röð. Miðað við öra þróun og tækjaæði landsmanna má búast við að farsíminn sé nú til á mun fleiri heimilum auk þess sem tölvur hvers konar eru að öllum líkindum mun algengari en þær voru árið 2002.

-aöe



**ÁRLEG MEÐALNEYSLA Á HVERT HEIMILI Í HÖFUÐBORGINNI 2000-2002**

| | |
|---|---|
| Matur og drykkjarvörur | 550 þús. |
| Áfengi og tóbak | 138 þús. |
| Föt og skór | 215 þús. |
| Húsnæði, hiti og rafmagn | 774 þús. |
| Heilsugæsla | 135 þús. |

### NÝJAR REGLUR UM RÉTT FLUGFARÞEGA

**» Erfiðara að neita farþegum um far**

Flugfélög þurfa nú að ná samningum við farþega um greiðslu áður en vísað er frá.

Ef neyðst er til að vísa farþegum frá eru flugfélög skaðabótaskyld.

Sé ferð frestað eða brottför tefst lengur en fimm tíma á farþegi rétt á endurgreiðslu.

**» Bótaréttur farþega**

Þegar farþega er neitað um sæti sitt.

Endurgreiðsla fargjalds falli flug niður.

Bætur komi til ef flugi seinkar um fjóra tíma eða minna í stöku tilfellum

# Hundraða þúsunda króna munur á bílalánum

**Útbreiddur er sá misskilningur að nokk sama sé hvar bílalán sé tekið þegar kaupa skal nýjan bíl. Séu tilboð lánsfyrirtækja borin saman kemur í ljós að kostnaðarmunur getur skipt hundruðum þúsunda króna.**



**NEYTENDUR** Munur á lánskostnaði vegna bílalána við kaup á nýjum fólksbíl hjá sex stærstu lánafyrirtækjunum getur samkvæmt könnun Fréttablaðsins numið hundruðum þúsunda og margborgar það sig fyrir þá sem eru í slíkum hugleiðingum að vanda valið og gera samanburð áður en kaup eiga sér stað.

Í dæmi blaðsins var ákveðið að kanna kostnað við kaup á nýjum Toyota Avensis, sem verðlagður er á 2.340.000 krónur frá umboðinu. Mesti munur á tilboðum lánsfyrirækjanna reyndist vera tæpar 220 þúsund krónur, eins og sést á meðfylgjandi töflu.

Þar sem umrædd fyrirtæki bjóða ekki öll þann kost að lána fyrir öllu kaupverðinu var miðað við að kaupandi borgaði innborgun upp á 585 þúsund krónur og lánsupphæðin því 1.755.000 sem eftir stæði. Öll fyrirtækin nema SP Fjármögnun og Frjálsi fjárfestingarbankinn bæta kostnaði strax við þá fjárhæð og eftir að annar kostnaður, vextir og þóknun bætast ofan á fæst út heildarlánskostnaður fyrir lántakandann. Sé sú upphæð að fullu greidd á kaupandinn bíl sinn skuldlausan með öllu.

Fyrir lán til bílakaupa að upphæð 1.755.000 krónur er dýrast að versla við Glitni og kostar lánið þar 603 þúsund krónur. SP Fjármögnun kemur best út og býður sama lán fyrir 385 þúsund krónur.

Þessi mikli munur á fyrirtækjunum skýrist að mestu af mismunandi kostnaði sem hvert fyrirtæki leggur á hvert lán fyrir sig. Stimpilgjöld, stofngjöld, þinglýsingargjöld og þóknun hvers fyrir sig er misjöfn og ber að taka fram að ekkert tillit er tekið til ýmissa frádráttarpakka sem flest fyrirtækin bjóða. Er lánskostnaður þá lækkaður sé lántakinn þegar í viðskiptum við fyrirtækin eða hafi hug á slíku í leiðinni. Er þannig hægt að spara 15-20 þúsund krónur í viðbót við þær upphæðir sem fram koma í töflunni.

Tekið skal fram að þeir söluaðilar sem rætt var við hjá viðkomandi lánastofnunum bentu allir á þann möguleika að taka bílasamning fremur en bílalán enda væri það í flestum eða öllum tilfellum hagkvæmara fyrir kaupendur.

albert@frettabladid.is

**MISMUNANDI BÍLALÁN VEGNA KAUPA Á BIFREIÐ**

| | Kaupverð | Innborgun | Lánsupphæð | Vextir | Meðalgr. | Heildargr. | Lántökukostn. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Glitnir | 2.340.000 | 585.000 | 1.848.793 | 6% | 26.961 | 2.358.555 | *603.555* |
| Frjálsi fjárfestingarb. | 2.340.000 | 585.000 | 1.755.000 | 6% | 27.261 | 2.289.950 | *534.950* |
| Tryggingamiðstöðin | 2.340.000 | 585.000 | 1.783.110 | 6% | 28.996 | 2.340.676 | *585.676* |
| SP Fjármögnun | 2.340.000 | 585.000 | 1.755.000 | 6% | 26.848 | 2.140.660 | *385.660* |
| Sjóvá-Almennar | 2.340.000 | 585.000 | 1.829.535 | 6% | 26.723 | 2.241.666 | *486.666* |
| Lýsing | 2.340.000 | 585.000 | 1.876.745 | 6% | 27.,273 | 2.290.968 | *535.968* |




Iceland Express:

## Villandi auglýsingar

**NEYTENDUR** Flugfélagið Iceland Express auglýsir þessa dagana hversu auðvelt og ódýrt það sé að fljúga til London með félaginu og taka þátt í þeim fjölmörgu menningar- og tónlistarhátíðum sem þar eiga sér stað. Auglýsir IE þar þar lægstu mögulegu verð félagsins sem eru að mestu uppseld langt fram á haust.

Að sögn Samkeppnisstofnunar er líklegt að auglýsingarnar brjóti á bága við lög en skýrt er kveðið á um í lögunum að óheimilt sé að auglýsa verð sem ekki standast þegar til kemur.t

- aöe



FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

**ÓDÝRT KVEÐIÐ** Þau fargjöld sem Iceland Express augýsir þessa dagana bjóðast ekki fyrr en í haust og vetur.

Neytendasamtökin:

## Falleinkunn Akureyringa

**NEYTENDUR** Verslanir í miðbæ Akureyrar fá falleinkunn hjá Neytendasamtökunum fyrir slæmar verðmerkingar sínar í búðargluggum en lög kveða á um að allar slíkar vörur skuli verðmerktar.

Aðeins 36 prósent verslana í höfuðstað Norðurlands þóttu vera með góðar merkingar en fjöldi verslana hafði litlar eða alls engar merkingar. Til samanburðar leiddi könnun í Kringlunni í Reykjavík í ljós að rúm 70 prósent verslana þar inni framfylgdu lögum þessum til fullnustu.

- aöe



# útsala

íþróttaskór sundföt sportfatnaður barnafatnaður

# 30 til 70 prósent afsláttur

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS UTI 28746 06/2005

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Þungaskattur af litlum dísilbílum verður framvegis innifalinn í olíuverðinu.

## Olían dýrari en bensínið

Tímamót eru í dag í sölu eldsneytis á Íslandi, þegar loks verður farið að selja litaða olíu og hætt verður að innheimta sérstakan þungaskatt af litlum dísilbílum. Það er með ólíkindum að þetta skuli ekki hafa gerst fyrr, líkt og í flestum ef ekki öllum nágrannalöndum okkar. Þeir sem hafa átt mikilla hagsmuna að gæta varðandi þessa breytingu eins og fyrirtæki og einstaklingar sem stunda þungaflutninga hafa gert athugasemdir við þessa breytingu. Þeir munu eftir sem áður greiða kílómetragjald og nota þá litaða olíu.

Víðast hvar í nágrannalöndunum er dísilolían ódýrari en bensín, en hér verður þessu öfugt farið. Upphaflega var við það miðað að olían yrði ódýrari en bensínið og það var ein af röksemdunum fyrir því að þessi breyting var samþykkt. Af einhverjum orsökum stefnir allt í að bensínið verði ódýrara, hvaða rök sem kunna að liggja þar að baki.

Þróunin hefur verið sú í nágrannalöndunum að fleiri og fleiri fólksbílar nota dísilolíu, og er nú svo komið að um helmingur nýrra fólksbíla í Evrópu er með dísilvél og í sumum löndum er hlutfallið jafnvel enn hærra. Stjórnvöld hafa víða með ákveðnum hætti stuðlað að því að fólk kaupi sér frekar fólksbíla með dísilvél en bensínvél. Haldið hefur verið uppi áróðri um að slíkir bílar séu sparneytnari og betri fyrir umhverfið, því mun minni útblástursmegin er frá dísilbílunum. Í samræmi við þetta hafa stjórnvöld stuðlað að því að dísilolían sé ódýrari en bensínið. Það er því nær óskiljanlegt hvers vegna stjórnvöld hér hafa ekki farið sömu leið og skuldar fjármálaráðuneytið bíleigendum skýringar á því.

Stóru og þungu langflutningabílarnir munu eftir sem áður aka eftir kílómetramæli og greiða þungaskatt samkvæmt eknum kílómetrum, en ekki olíueyðslu. Það verða því litlu fólksbílarnir sem áfram munu aðallega standa undir vegaframkvæmdum í landinu, svo öfugsnúið sem það nú er. Jafnframt því sem nær allir þungaflutningar fara nú fram á landi og umferð langflutningabíla hefur þar af leiðandi stóraukist hefur verið sýnt fram á að þessir stóru og þungu bílar slíta vegunum þúsundfalt á við fólksbíla. Reiknað hefur verið út að einn fullhlaðinn langflutningabíll slíti vegunum á við meira en 30 þúsund venjulega fólksbíla. Það nær því ekki nokkurri átt að slíkir bílar greiði hlutfallslega mun minni þungaskatt en léttari bílar. Með vaxandi landflutningum er ljóst að vegakerfið þarf mun meira viðhald og endurbætur, ef vel á vera, og þess vegna eiga þeir sem slíta vegunum mest að greiða það sem þeim ber. Það er svo spurning hvort stjórnvöld gæti gert eitthvað til að stuðla að auknum sjóflutningum milli landshluta. Víða um land hafa á undanförnum árum verið lagðir miklir fjármunir í hafnargerð og nú er svo komið að margar hafnir eru sáralítið eða ekkert notaðar til sjóflutninga. Þær koma að vísu að góðu gagni fyrir smábáta og bryggjuhátíðir, en það er ekki nóg. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Endurhvarf til eitís

Búast má við mikilli örtröð við Egilshöll í kvöld þar sem margir þeir sem voru upp á sitt besta á níunda áratug síðustu aldar koma saman til að hlýða á Duran Duran. Mikið hefur farið fyrir umræðu um tónleikana að undanförnu og reyna menn að endurvekja deilur aðdáenda hljómsveitanna sem ku hafa tröllriðið íslensku þjóðfélagi fyrir tveimur áratugum eða svo. Og þó Duran Duran-aðdáendur telji sig væntanlega sigurvegara í kvöld geta Whammarar huggað sig við að sleppa við umferðarteppu eftir tónleika. Eftir Iron Maiden-tónleikana 7. júní voru enn langar bílarunur á leið frá tónleikastað tveimur tímum eftir tónleikana.



### ...viljann fyrir verkið

Meðal þeirra sem hafa reynt að endurvekja deilurnar eru Orri Hauksson (Duran Duran) og Svavar Örn (Wham) sem voru kallaðir í Kvöldþáttinn á Sirkus í fyrrakvöld til að ræða um hljómsveitirnar. Hvor reyndi að tala hinn í kútinn, lofsyngja sína sveit og níða skóinn af hinni. Eitthvað virtist tónninn þó innantómur, helst að menn reyndu að rifja upp gamla tíma án þess þó að missa ekki fram af sér beislið sem þroskuðum og fullorðnum einstaklingum sem væru vaxnir upp úr þessu.

### Nýr banabiti

Héðan heldur hljómsveitin til Rómar þar sem hún tekur þátt í Live 8-tónleikum, ein fárra hljómsveita sem tróðu upp á Live Aid fyrir tveimur áratugum og aftur á Live 8 núna. Margir telja reyndar að frammistaða hljómsveitarinnar á Live Aid hafi verið banabiti hljómsveitarinnar. Þá var Simon Le Bon, söngvari hljómsveitarinnar, svo rammfalskur að jafnvel hörðustu aðdáendur hljómsveitarinnar áttu í vandræðum með að afsaka sveitina. Svo er spurning hvort Duran Duran standi sig betur í þetta skiptið eða hvort hnignun hljómsveitarinnar hefjist á ný.

brynjolfur@frettabladid.is

## Loftkæling hitabeltisins

Í DAG
ORKUMÁL Í AFRÍKU



ÞORVALDUR GYLFASON

Meira síðar: þessu lofaði ég lesendum mínum að leiðarlokum fyrir hálfum mánuði. Málsefnið var örbirgð Afríku og færar leiðir til að sigrast á henni. Kannski virkjun? – spurði ég. Ég átti ekki við Kárahnjúka, hafi einhver haldið það, heldur Kongó.

Kongó? Já, Kongó.

Málið er þetta. Afríka á við mikil og margslungin vandamál að stríða, og sum þeirra vekja athygli umheimsins langt umfram önnur. Allir vita um heilbrigðisvandann (eyðni, malaríu o.fl.), ónóga menntun, hindurvitni, útbreidda spillingu o.s.frv. Hitt vita færri, að orkumál álfunnar eru í ólestri – þess konar ólestri, sem leggur lamandi hönd á líf fólksins þarna suður frá. Ég hef lýst því áður í þessu plássi, að raforkan í Afríku er svo dýr, að venjulegt fólk hefur ekki ráð á því að kæla húsin sín þrátt fyrir þrúgandi hita víðast hvar, endar slagar rafmagnskostnaðurinn við loftkælingu hátt upp í húsaleiguna. Menn eiga flestir fullt í fangi með að standa í skilum með leiguna, þótt þeir þurfi ekki líka að punga út allt að því öðru eins fyrir lúxus á borð við loftkælingu. Nærri má geta, hversu dýrt mönnum reynist það þá að raflýsa húsin sín og borgir og bæi þarna niður frá. Heiðrík næturmynd af Afríku segir í reyndinni allt, sem segja þarf um þetta mál: rafvæðingu álfunnar miklu er ábótavant. Myrkur og svækja draga mátt úr fólkinu.

En loftkæling er ekki lúxus í hitabeltinu, ef að er gáð, heldur beinlínis lífsnauðsyn. Lee Kwan Yew, landsfaðir og fyrrv. forsætisráðherra Singapúr, lýsir því í sjálfsævisögu sinni, hversu almenn loftkæling skipti sköpum fyrir framþróunina þar í landi: fólkið gekk bókstaflega í gegnum endurnýjun lífdaganna, þegar svækjan innan dyra vék fyrir svölu lofti. Hví skyldi hið sama þá ekki eiga við annars staðar í hitabeltinu? Ef það tækist að útvega Afríku ódýrt rafmagn, myndu vellíðan og lífskjör fólksins þar klárlega taka kipp.

*Heiðrík næturmynd af Afríku segir í reyndinni allt, sem segja þarf um þetta mál: rafvæðingu álfunnar miklu er ábótavant. Myrkur og svækja draga mátt úr fólkinu.*

Ástandið í orkumálum Afríku er aðkallandi m.a. vegna þess, að Kongófljót býr yfir sjöttungi alls virkjanlegs vatnsafls í heiminum. Þessi mikla móða liggur miðsvæðis um álfuna og er mikilvæg samgönguæð og er þó enn að mestu leyti óvirkjuð. En nú er að vísu breyting í vændum. Suðurafrískt orkufyrirtæki, Eskom að nafni, býst nú til að byggja stærstu vatnsvirkjun heimsins í ármynninu í vestanverðri Kongó, ekki langt fyrir sunnan miðbaug. Áin sprettur upp í hálöndum Sambíu 1.800 metra yfir sjávarmáli og rennur rangsælis í risavöxnum niðurhallandi boga út í Atlantshafið á vesturströnd Kongó. Ráðgert er, að virkjunin verði 40 þúsund megavött að stærð á móti 690 megavöttum í Kárahnjúkavirkjun til viðmiðunar. Virkjunin í Kongó verður því sextíu sinnum aflmeiri en Kárahnjúkavirkjun og tvisvar til þrisvar sinnum aflmeiri en stærsta virkjun heimsins nú, en hún er í Gulafljóti í Kína. Vatnsorkan í Kongófljóti mun trúlega duga allri Afríku og vel það. Þarna verða engin uppistöðulón, heldur verða lykkjur lagðar á fljótið og vatninu veitt í gegnum túrbínur utan meginstraumsins og síðan aftur út í ána til að halda umhverfisraskinu í lágmarki, svo sem gert hefur verið í Kanada, Noregi og Sviss. Orka verður afgangs handa Suður-Evrópu, enda þótt Afríka rafvæðist til fulls – eða svo segja þeir hjá Eskom. Ætlanin er að samtengja orkunet álfunnar, svo að rafmagnið flæði hindrunarlaust yfir landamærin um alla álfu.

Áætlaður virkjunarkostnaður í Kongó er 50 milljarðar Bandaríkjadollara og jafngildir tveggja mánaða landsframleiðslu allra Afríkulanda sunnan Saharaeyðimerkurinnar. Það er mikið fé. Vonir standa til, að Alþjóðabankinn og einkafjárfestar leggi fé í púkkið. Aðeins fimm til tíu prósent Afríkubúa hafa nú aðgang að rafmagni. Einmitt þannig var ástatt fyrir Íslandi, þegar Einar Benediktsson skáld og aðrir reyndu að opna augu þjóðarinnar fyrir nauðsyn rafvæðingar og virkjunar fallvatnanna hér heima í byrjun 20. aldar. Virkjun vatnsorkunnar dróst von úr viti fyrir þrjózku og þröngsýni heimamanna og er fyrst nú að ná máli – nú, þegar rafvæðingu Íslands er löngu lokið og menn greinir á um það, hvort stórvirkjanir á borð við Kárahnjúkavirkjun fullnægi kröfum nútímans til umhverfisverndar, menntunar og atvinnulífs í okkar heimshluta. Afríka gerir aðrar kröfur. Þar er af nógu að taka: Níl er tvö þúsund kílómetrum lengri en Kongó og er einnig að mestu leyti óbeizluð enn. ■











FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

www.volkswagen.is




# Nýr Polo
**Verð frá 1.395.000 kr.**

# Nýr Fox
**Verð frá 1.150.000 kr.**

**Öruggastur í sínum flokki**

**Volkswagen Fox reyndist öruggasti bíllinn í sínum stærðarflokki í árekstrarprófi ADAC í Þýskalandi og fékk fjórar stjörnur.** Prófið er byggt á staðli EuroNCAP og er árangur Fox betri en hjá sambærilegum bílum frá Renault, Toyota, Citroen og Peugeot í samskonar prófum.

Heimild: Byggt á nýlegu árekstrarprófi ADAC og Autobild.

**TDI® dísilvélar – tækniundur fyrir tuttugustu og fyrstu öldina.**

DIESEL =

- **hljóðlátari**
- **meiri kraftur og snerpa**
- **minni eyðsla**
- **umhverfisvænni**

HEKLA kynnir tvo nýja bíla: Volkswagen Fox og nýja útgáfu af Volkswagen Polo. Frábær hönnun, kraftur og öryggi eru lykilatriðin. Bílarnir eru rúmgóðir, ríkulega búnir og verðið er hreint frábært.

**Polo og Fox fást nú með nýju umhverfisvænu TDI® dísilvélunum sem gera þá einstaklega hagkvæma í rekstri. Komdu og reynsluaktu.**

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# Meira er ekki alltaf betra



**UMRÆÐAN**
VÍTAMÍNBÆTT MATVÆLI

**SIGRÚN MJÖLL HALLDÓRSDÓTTIR**
**UNA BJÖRK JÓHANNSDÓTTIR**



Í nútíma samfélagi er sá misskilningur algengur að meira sé betra varðandi neyslu næringarefna, en sannleikurinn er sá að of mikil neysla á ýmsum næringarefnum getur verið skaðleg.

Manneskja sem fer eftir almennum ráðleggingum um mataræði ætti að öllum líkindum að fá nægilegt magn þeirra næringarefna sem hún þarfnast úr fæðunni, án þess að þurfa að borða vítamíntöflur eða vítamínbættar afurðir. Þessar ráðleggingar eru hérlendis settar fram af Lýðheilsustöð.

### Nýjar hættur

Ekki er hægt að gera beinar rannsóknir á mönnum varðandi ofnotkun næringarefna. Það er einfaldlega ekki siðferðilega rétt að gefa eitrunarskammta í tilraunaskyni. En á að láta markaðinn skera úr um þetta? Mjög hefur færst í vöxt að bæta ýmsum vítamínum og steinefnum í matvörur og ef ekkert er að gert mun það halda áfram. Framleiðendur gera þetta sjálfsagt sumir af umhyggju fyrir neytendum því að þeir telja að viðkomandi efni skorti í venjulegt samsett fæði, en sá skortur þarf þó ekki að vera raunverulega til staðar.

Önnur ástæða er að upplýsingar um viðbæturnar koma fram í auglýsingum og kynningu á vörunni og er ætlað að auka sölu hennar. Markaðurinn tekur ekki tillit til óupplýstra neytenda sem kaupa það sem fyrir þá er lagt. Mikilvægt er að fræða neytendur um hvað þeir eru að láta ofan í sig. Það er ljóst að eftir því sem ýmis næringarefni koma fyrir sem viðbætur í fleiri matvælum verður erfiðara fyrir neytandann að forðast ofskammta. Upprunalega hreina varan sem ekki hefur verið fiktað í með viðbótum til að auka sölu verður þá eftirsóknarverðari fyrir neytandann. Verra er að upp er komin ný staða sem setur viðkvæmustu hópana, eins og börn og ófrískar konur, í sérstaka hættu varðandi eitrun af völdum næringarefna. Þeir sem fara hátt yfir ráðlagðan dagskammt og yfir þau mörk sem sett eru sem efri mörk daglegrar inntöku geta átt á hættu að verða fyrir eitrunaráhrifum vegna næringarefna. Eitrunarmörk fituleysanlegra vítamína (K-, D-, A- og E-vítamín) eru hlutfallslega lægri en vatnsleysanlegra vítamína (B- og C-vítamín) þar sem líkaminn skilur út ofgnótt af vatnsleysanlegum vítamínum en fituleysanlegu vítamínin sitja eftir í fituvef líkama. Einnig geta sum næringarefni hindrað frásog annarra næringarefna. Því er slæmt að fá of mikið af einu sem hindrar svo frásog annars sem gæti verið af skornum skammti.

*Verra er að upp er komin ný staða sem setur viðkvæmustu hópana, eins og börn og ófrískar konur, í sérstaka hættu varðandi eitrun af völdum næringarefna.*

### Vítamínbætt matvæli

Sum Norðurlönd banna ýmsar gerðir af amerísku morgunkorni vegna vítamínbætingar þeirra sem er talin óæskileg. Mesta hættan af þessum vörum er að börnin borði meira en einn til tvo diska og fái þar með of mikið af næringarefnum. Mörg snefilefni safnast upp í líkamanum og má þar nefna járn. Þó járnskortur sé algengur getur ofgnótt járns verið skaðleg. Hérlendis er mikil hefð fyrir þessum gerðum morgunkorns en sett hafa verið efri mörk um hve miklu af næringarefnum má bæta í matvæli af þessari gerð. Í mörgum vítamínbættum afurðum er B-vítamín, t.d. fólasíni, sem aðeins virðist vanta í fæðu kvenna á barnseignaraldri. Þessar afurðir eru því góðar fyrir þann hóp fólks. Eðlilegasta uppspretta fólasíns er ávextir og grænmeti í því magni sem ráðlagt er að neyta þeirra; um fimm skammtar á dag eða 500 grömm. Á þann hátt fást einnig önnur efni í hæfilegu magni sem eru holl og góð fyrir líkamann.

Vítamínbæting er ekki alslæm. Margt fólk þarf á þessum vörum að halda. Þar má nefna eldra fólk og fólk sem af einhverjum ástæðum fær ekki nægilegt magn næringarefna úr fæðunni t.d. vegna sjúkdóma, lystarleysis eða lélegs fæðis. Fyrir fólk sem neytir almennt næringarsnauðrar fæðu geta vítamínbættar afurðir verið mikilvæg uppspretta járns og annarra næringarefna.

Samkvæmt niðurstöðum landskönnunar á mataræði fullorðinna Íslendinga árið 2002 er D-vítamín eina vítamínið sem er af skornum skammti í fæðu Íslendinga. Það er vegna þess að líkaminn myndar D-vítamín úr sólarljósi sem er lítið af á norðlægum slóðum yfir vetrarmánuðina, einnig finnst D-vítamín í fáum matvörum og er því sterkasti leikurinn að taka lýsi, sem er eina fæðubótarefnið sem allir næringarfræðingar eru sammála um að eigi að vera hluti af mataræði Íslendinga.

### Mikilvægt að upplýsa

Hér á landi er ofgnótt af vítamínbættum vörum á markaðnum og því þarf að treysta á að fólk misnoti þær ekki. Helstu eitrunaráhættuhópar eru börn og fólk sem vegna erfðaeiginleika frásogar of mikið af tilteknu næringarefni og getur þá verið hætta á t.d. ofhleðslu járns. Mikilvægt er því að upplýsa og fræða almenning um að það geti verið eins hættulegt að neyta of mikils af næringarefnum og að neyta of lítils af þeim. Ráðlagður dagskammtur hvers næringarefnis uppfyllir þarfir langflestra einstaklinga fyrir efnið. Fólk getur reiknað út næringarinntöku sína á vefnum www.matarvefurinn.

*Höfundur eru nemendur í matvæla- og næringarfræðiskor í Háskóla Íslands.*

## AF NETINU

### Gott hjá Bubba

Það er gott hjá Bubba að láta til skarar skríða og fara í mál og sýnir fólki að það stendur ekki varnarlaust gegn slíkri blaðamennsku. Í ýmsum tilvikum veigrar fólk sér við að gera eitthvað í málunum þegar það verður fyrir ósanngjarnri umfjöllun, einfaldlega vegna þess að það er hrætt við afleiðingarnar. Nú er ég ekki að halda því fram að slíkur ótti sé endilega réttmætur eða að blaðamenn Hér & nú eða DV taki fólk sem kvartar eða kærir sérstaklega fyrir. En málið er að ýmsir óttast að svo sé. Og fjölmiðlar eru farnir ansi langt út af sporinu þegar almenningur er farinn að óttast þá.

**Árni Helgason – djoflaeyjan.com**

### Alfreð heldur dauðahaldi

Alfreð Þorsteinsson er fremstur í hópi þeirra framsóknarmanna, sem mælir með því, að áfram verði haldið samstarfi innan R-listans. Sú spurning er áleitin, hvort ástæðan fyrir því, að Alfreð heldur þessu dauðahaldi í R-listann sé sú, að hann vilji ekki láta mæla fylgi Framsóknarflokksins beint í borgarstjórnarkosningum – það er að gefa kjósendum til að segja milliliðalaust álit sitt á því, hvernig þeim finnst fulltrúar Framsóknarflokksins í borgarstjórn Reykjavíkur standa sig.

**Björn Bjarnason – bjorn.is**

### Bær í blóma

En er skynsamlegt af Garðabæ að samþykkja þessar áætlanir? Er þess virði fyrir bæjarfélag sem vill vera þekkt fyrir að vera bær í blóma að leyfa það að 26 hektarar af bæjarverndaðu svæði sé brotið undir stórmarkaði, skyndibitastaði og mikið flæmi bílastæða? Er bæjarfélagið með þessu e.t.v. að ganga gegn vilja bæjarbúa sem að undanförnu hefur kristallast í röð af vel heppnuðum og árangursríkum íbúaþingum?

**Samúel T. Pétursson – deiglan.com**






# Umferðarnashyrningar

**UMRÆÐAN**
UMFERÐ Á ÍSLANDI

**FRIÐRIK RAFNSSON**
BÓKMENNTAFRÆÐINGUR OG ÞÝÐANDI



Nýverið varð ég fyrir þeirri óhugnanlegu reynslu að vera farþegi í bíl sem ekið var á löglegum hraða milli Reykjavíkur og Kópavogs. Bílstjórinn var erlendur ríkisborgari, nýbúinn að taka bílpróf hérlendis og vissi sem var að það þýddi ekkert að lúsast áfram, affarasælast væri að halda sig sem næst leyfilegum hámarkshraða.

Þrátt fyrir löghlýðni bílstjórans þeyttust aðrir bílar á sömu leið framúr okkur, sumir eftir að hafa ekið okkur uppi á leifturhraða, sumir liggjandi á flautunni grautfúlir á svip. Manngreyið við stýrið notaði fyrsta tækifæri til að komast út af aðalbrautinni, beygði sem leið lá upp á Kópavogbrúna og þaðan inn á stæðið fyrir framan einn ljúfasta stað höfuðborgarsvæðisins, Listasafnið í Kópavogi. Sloppnir í bili, en svo þurfti að komast lifandi til baka aftur...

Óhugnanleg reynsla, segi ég, vegna þess að á þessum stutta kafla skynjaði maður stressið, firringuna, að ég segi nú ekki mannvonskuna sem skein úr ökulagi og svip annarra bílstjóra sem tókst að verða ótrúlega pirraðir af litlu tilefni (löglegum hraða okkar) á örskömmum tíma (nokkrum sekúndum). Oft hefur maður nú þurft að afsaka hallærislegt skemmtanalíf Íslendinga fyrir útlendingum og benda á að við höfum ekki haft nema nokkur ár til að tileinka okkur vínmenningu, en hvernig átti maður að skýra þetta háttalag, þar sem gerendur voru (vonandi) allsgáðir? Er þetta samskonar vanþroski og í umgengni við áfengi? Er ástæðan skortur á hraðaskyni, vegna þess að við stukkum nánast beint af hestinum í bílana, án viðkomu í vögnum?

Einhverra hluta rifjaðist upp fyrir mér merkilegt leikrit eftir Ionesco, Nashyrningarnir, þegar ég var kominn óhultur aftur heim og fór að hugsa um þetta. Leikritið fjallar í stuttu máli um það hvernig heilt samfélag gengur smátt og smátt sömu vitleysunni á hönd, breytist úr manneskjum í nashyrninga sem hlusta ekki á neitt, heldur æða hugsunarlaust áfram á allt sem fyrir verður. Leikritið hefur oft verið túlkað sem ádeila á pólitískar eða trúarlegar öfgar þar sem fólk hlustar ekki á neitt í kringum sig heldur æðir áfram í blindni hvað sem tautar og raular, en það er fyrst og fremst frábær lýsing á harðhugsun eins og þeirri sem mjög er ríkjandi hérlendis, meðal annars í umferðinni.

En Ionesco hefði allt eins getað verið að skrifa ádeilu á íslenska bílstjóra. Íslensk umferðar(ó)menning er einhvern veginn einmitt þannig. Í áðurnefndri Kópavogsferð leið okkur erlenda ökumanninum einmitt eins og lömbum í nashyrningshjörð, innan um íslensku umferðarnashyrningana. Maður var skíthræddur um að lenda undir einhverjum torfærujeppanna eða fá framúraksturskappa í hliðina.

Nashyrningar eru stórmerkileg dýr og það er mjög gaman að skoða þá í safaríferð í Afríku eða dýragarði. En þeir þykja ekkert sérlega skarpir og eru fremur sjóndaprir, þunglamalegir og svifaseinir. Þeir eiga í það minnsta ekki að vera með bílpróf og bílstjórar sem eru skyldir þeim andlega eiga heldur ekki að vera með það. Þeir sem rækta nashyrningseðli sitt með bensínfætinum í umferðinni eru stórhættulegar skepnur sem þarf að halda niðri með öllum tiltækum ráðum. Enda er ökuskírteini ekki vopn eða skotveiðileyfi eins og ýmsir virðast halda, heldur aðgöngumiði að samskipta- og samgöngutækinu bifreið.

FASTEIGNIR **HEIMILI** HEILSA HÚS NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR **TÍSKA** ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ o.fl.

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ


| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 3.03 | 13.31 | 23.58 |
| AKUREYRI | 1.54 | 13.16 | 24.35 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

**heimili o.fl.**
Litskrúðugar skálar
BLS. 7



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

## Góðan dag!

**Í dag er fimmtudagur 30. júní, 181. dagur ársins 2005.**




**Smáauglýsingar**
*byrja í dag á bls. 9*


**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar



**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir




FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Guðrún Lísa notar stígvélin aðallega þegar hún spilar með hljómsveit sinni, Ísafold.

# Skór með góða strauma

***Guðrún Lísa Einarsdóttir, söngkona í hljómsveitinni Ísafold, tengist fötunum sínum og skóm sterkum persónulegum böndum og getur ómögulegt hent hlutum úr fataskápnum sínum.***

„Ég á eitt skópar sem ég held mikið upp á. Það eru svört lág leðurstígvél í anda Hróa Hattar. Ég keypti þau fyrir einu og hálfu ári í Spútnik og ég gæti ekki lifað án þeirra," segir Guðrún Lísa.

„Hællinn er dottinn af þeim og það er gat á tánni þannig að þegar rignir verð ég blaut í fæturna um leið," segir Guðrún Lísa og hlær dátt en hún notar stígvélin aðallega þegar hún spilar með hljómsveitinni sinni. „Ég nota þá alltaf þegar ég spila. Ég held þeir gefi mér einhverja góða strauma. Svo eru þeir líka voðalega þægilegir. Ég fékk þá á tilboði á fimm þúsund krónur og ég held að þeir hafi ekki verið notaðir. Þeir voru að minnsta kosti mjög vel með farnir – en þeir eru það ekki núna," segir Guðrún Lísa og flissar.

Guðrún Lísa hefur ekki komið sér í það að gera við uppáhaldsskóna og finnst ekki líklegt að hún gerir það úr þessu. Það er nóg að gera hjá henni í sumar að spila og syngja þannig að spurning er hvort hún leggi ekki skónum í byrjun hausts. „Við vorum að spila á Gauki á Stöng síðustu helgi og verðum í Sjallanum 9. júlí. Svo erum við á stanslausum þeytingi í allt sumar þannig að það er nóg að gera. Ætli við skórnir verðum ekki bæði steindauð eftir ösina í sumar."

„Ég á helling af fötum og eins og með skóna þá tími ég alls ekki að henda þeim. Ég tengist þeim einhvern veginn og fer á algeran bömmer þegar ég tek til í fataskápnum mínum," segir Guðrún Lísa.

*lilja@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU *í tísku*

**Lee Ryan,** fyrrum meðlimur strákasveitarinnar Blue, er orðinn sendiherra fyrir tískumerkið Dolce & Gabbana. Starfið felst í því að hann getur valið sér hvaða föt sem er í tískuhúsinu en hann þarf að vera í að minnsta kosti einni af flík D&G þegar hann kemur fram opinberlega. Stjörnur eins og David og Victoria Beckham og Kylie Minogue eru líka sendiherrar fyrir fyrirtækið.



**Poppgyðjurnar** Jennifer Lopez og Britney Spears setja báðar ilmvatn á markaðinn næsta haust. Jennifer setur ilminn Live á markaðinn en Britney ilminn Fantasy. Jennifer hefur nú þegar sett þrjá ilmi á markað og hefur notið mikillar velgengni en Britney aðeins einn.

**Tískuhús** Louis Vuitton mun opna risastóra tískuverslun í vetur. Lúxusmerkið opnar verslunina í París þegar tískuvikan á sér stað í október. Hönnunarteymi Vuitton er um þessar mundir að hanna vörur sem eingöngu verða seldar í versluninni. Þessar vörur eru til dæmis krókódílaskór fyrir bæði kynin og ný gerð af Speedy-úrum sem munu kosta 20.000 dollara og verða skreytt demöntum og safírum í lögun Eiffel-turnsins.

*tiska@frettabladid.is*


# metasys®

Þinn stuðningur í baráttunni við aukakílóin

**Eykur brennslu,**
**jafnar blóðsykur og gefur meiri orku!**




**metasys®**
**áætlunin til að léttast**

metasys@simnet.is • www.metasys.is • sími 5517020

### Aukin orka meira úthald!

Ég er útskriftarnemi frá íþróttabraut KHÍ, spila körfubolta í úrvalsdeild, nemi í golfkennslu og jafnframt golfleiðbeinandi hjá golfklúbbi Sauðárkróks. Þegar mikið er að gera þarf maður eitthvað "EXTRA,, til að halda út bæði góðu þoli og einbeitingu svo eðlilegar framfarir geti átt sér stað bæði í leik og í starfi. Þess vegna mæli ég eindregið með notkun Metasys hylkjanna fyrir þá sem vilja auka orkuúthaldið og ná árangri! Auk þess er Metasys er 100% náttúruleg vara úr jurtaríkinu sem veldur engum aukaverkunum og er troðfullt af andoxunarefnum.



**Gunnlaugur Hafsteinn**

### Léttari gagnvart vigtinni og sálinni

Metasys hefur reynst mér frábærlega til að létta mig og styrkja en á 3 mánuðum eru farinn 6 kíló. En mest langar mig að segja hversu orkugefandi og hressandi Metasys er. Hef langtum betra úthald og er duglegri að mæta í ræktina, léttari gagnvart vigtinni og sálinni. Ekki spurning, mæli með Metasys.



**Elsa Kristín Gunnlaugsdóttir**
**Hjúkrunarstjóri**

### Sex kíló á tveimur mánuðum

Metasys er málið, hef tekið inn 4 hylki á dag í tæpa tvo mánuði og hef misst 6 kg. Það sem mér þykir einna best við Metasys er að hversu mikla orku ég hef og úthald. Verð ekkert þreyttur seinniparts dags eins og ég átti oft til með að vera. Ég mæli eindregið með Metasys og gef því mína bestu einkun.



**Bóas Ragnar Bóasson**

**Útsölustaðir metasys eru:** Lyfja, Lyf&heilsa, sjálfstæð apótek um allt land, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Yggdrasill, Maður lifandi, Lyfjaval, Blómaval, Heilsubúðin Njálsgötu, Heilsuhornið Akureyri, JSB dansrækt og Nordica Spa.

**Útsölur**
Nú er ráð að skella sér á útsölur og gera góð kaup. Sumrinu er fjarri því að vera lokið og enn nægur tími til að spranga um á sumarfötunum.


























FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Jóna Kristín starfaði hjá ítalska tískuhúsinu Simonetta um tíma.



Svartur blúndubolur. Verð 5.500 kr.



Hvít peysa úr míkróflísefni. Verð 13.000 kr.



Grænn toppur úr þæfðri ull og með ísaumuðum pallíettum. 19.500 kr.



Röndóttur sumarkjóll. Verð 11.000 kr.

# Skemmtilegast að sauma úr tai-silki

***Jóna Kristín Snorradóttir er ungur fatahönnuður. Hún hannar sína eigin fatalínu undir merkinu JK Hönnun og selur í Textíl Galleríi í Skipholtinu.***

„Ég lærði í fataiðn í Iðnskólanum og kláraði skólann fyrir tveimur árum. Hluti af náminu fólst í fimm mánaða starfsnámi á Ítalíu en þar vann ég hjá ítölsku fyrirtæki sem heitir Simonetta. Þetta er hátískufyrirtæki sem selur föt fyrir börn og fullorðna. Ég var meðal annars að teikna og sauma nýja línu frá Roberto Cavalli, sem er þekktur í tískuheiminum,“ segir Jóna, ánægð með reynsluna á Ítalíu. Eftir fimm mánaða starfsnám var Jónu boðin vinna hjá Simonetta en hún ákvað að fara heim og klára skólann. Nú er hún móðir á Selfossi og hefur nóg að gera í saumaskapnum og hönnuninni. Hún selur fatnað í Textíl Galleríi í Skipholti og tekur auk þess að sér fjölmörg sérverkefni.

„Ég er aðallega að selja boli, kjóla, pils, jakka og annan kvenfatnað. Svo sérsauma ég líka og hef gaman af því. Ég hef gert nokkra brúðarkjóla og einnig íslenska hátíðarbúninginn fyrir karlmenn.“

Hönnun Jónu er fjölbreytt, Hún notar alls konar efni og mynstur. Aðspurð segir hún að henni þyki skemmtilegast að sauma úr tai-silki en það sé dýrt. Hún vinnur líka töluvert af ullarvörum sem hún selur í verslunum fyrir ferðamenn.

Jóna segir að fatahönnunarbransinn sé erfiður og mikill dugnaður sé nauðsynlegur vilji maður ná langt.

„Ég stefni á að opna gallerý og saumastofu í Reykjavík ásamt stelpu sem útskrifaðist með mér. Við vonumst til að geta byrjað næsta sumar. Okkur langar að hafa þetta eitthvað öðruvísi en annars staðar og erum að velta upp skemmtilegum hugmyndum núna,“ segir Jóna Kristín Snorradóttir.

Hönnun Jónu er hægt að skoða á heimasíðu hennar www.jkhonnun.com



Brúnn flauelstoppur með handsaumuðu skrauti. Verð 19.500 kr.

thorgunnur@frettabladid.is

# Demi Moore andlit Versace

LEIKKONAN VERÐUR SÍFELLT FALLEGRI MEÐ ALDRINUM OG VERÐUR ANDLIT VERSACE NÆSTA HAUST OG VETUR.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Hin 43 ára gamla leikkona Demi Moore er nýtt andlit tískurisans Versace. Leikkonan mun sitja fyrir á sex auglýsingamyndum sem teknar verða af hinum vinsæla ljósmyndara Mario Testino. Auglýsingarnar prýða helstu glanstímarit heims í ágúst á þessu ári en með þessu tekur Moore við af Madonnu sem var andlit vor- og sumartískunnar hjá Versace. Sögur segja að Madonna hafi fengið 10,3 milljónir dollara í sinn hlut en ekki er ljóst hvað Moore fær.
„Ég hef þekkt Demi Moore í mörg ár og hún hefur aldrei verið jafn falleg og hún er núna," segir Donatella Versace í samtali við Women's Wear Daily.

# Cruz og Combs vinna saman

SEAN „P. DIDDY" COMBS VILL AÐ PENELOPE CRUZ KYNNI KVENFATALÍNU SÍNA.

Hiphop-stjarnan og fatahönnuðurinn Sean „P. Diddy" Combs stendur nú í samningaviðræðunum við spænsku leikkonuna Penelope Cruz. Combs vill ólmur að Cruz verði andlit hinnar nýju tískulínu sinnar sem mun einfaldlega heita Sean by Sean Combs. Karlfatalína rapparans, Sean John, hefur gengið mjög vel en nú vill Combs auka sölu nýju kvenfatalínunnar með hjálp suðrænu þokkagyðjunnar. Combs ákvað að tala við Cruz eftir að hann sá hana í auglýsingu hjá átrúnaðargoði sínu í tískuheiminum, Ralph Lauren.





## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Samaritaine, Galerie Lafayette, Printemps

Margir ferðamenn þekkja stóru verslunarhúsin í París eða galleríin eins og þau eru stundum kölluð. **Printemps**, **Bon Marche** og **BHV**, svo nokkur séu nefnd. Eitt vinsælasta verslunarhúsið er líklega **Galerie Lafayette** á Haussmann búlvarðinum sem getið er í mörgum ferðahandbókum. Þangað fara heilu rúturnar af Japönum eftir að hafa farið hringferð um París.

Eitt elsta verslunarhús Parísarborgar, **La Samaritaine**, lokaði nú fyrir tveimur vikum. Að sögn eigenda var það vegna lagfæringa á húsnæðinu en starfsfólkið er ekki visst um framhaldið. La Samaritaine er rúmlega hundrað og tuttugu ára fyrirtæki en byggingin við Rivoligötu sem þessi stórverslun er til húsa í, er um hundrað ára gömul og friðuð. Þess vegna þarf nú að fara út í kostnaðarsamar viðgerðir sem munu taka nokkur ár, meðal annars vegna eldvarna. Því hefur eigandinn, **Louis Vuitton Moet Hennessey** ákveðið að loka meðan á þeim stendur. Starfsfólkið heldur því hins vegar fram að eigandinn ætli að nota tækifærið og loka til frambúðar.

Efnahagsástand er erfitt í Frakklandi og hafa stóru verslunarhúsin ekki farið varhluta af því. Printemps er önnur stórverslun sem ekki gengur sem skyldi og hefur verið sögð til sölu þó François **Henri Pinault**, aðaleigandi **Gucci group** sem aftur á Printemps, hafi ekki staðfest það. Pinault er reyndar kenndur við Printemps en verslunarhúsið við Haussmann búlvarð þar sem kventískan er seld er eitt það fallegasta í París. Nú um helgina lokaði Galerie Lafayette fyrstu stórversluninni af fimm á landsbyggðinni sem eiga að hverfa vegna rekstrarerfiðleika.

Þessar stórverslanir reyna nú að endurskapa sér stöðu í verslunar- og tískuheiminum hér í erfiðu efnahagsumhverfi. Printemps opnaði til dæmis fyrir nokkrum árum lúxushæð þar sem eingöngu er að finna fínustu tískuhúsin, **Dior**, **Gucci**, **YSL**, **Bottega Veneta** og svo mætti lengi telja. Í verslunarheiminum er þetta kallað búð í búð, „*shop in shop*" (fundið upp í Bandaríkjunum). Þar hefur hvert tískuhús sitt svæði vel aðskilið frá hinum og meira hægt að tala um verslun en sölubás en allir endurgreiðslupappírar á virðisaukaskatti eru afgreiddir á einum stað. Þessi aðferð virkar mjög vel, sérstaklega fyrir útlendinga sem kunna vel að meta það að finna allt undir sama þaki, í loftkældu umhverfi í stað þess að þræða götur borgarinnar í sumarhitanum. Þetta á til dæmis við um konur frá Sádi-Arabíu eða Sameinuðu furstadæmunum, sveipaðar kuflum og slæðum frá toppi til táar. Þær eru ánægðar með að fá að rölta um í svalanum.


TRYGGÐARBÖND



Margir litir

4 dot....

Laugavegi 100, S. 561 9444

Hagkaupum Smáralind • Hagkaupum Kringlunni






5 sokkabuxur í brúsanum á aðeins kr. 2.900,-

FLOTTIR FÆTUR Í SUMAR
FRÁBÆR NÝJUNG

Þú spreyjar á þig sokkabuxurnar og færð aldrei lykkjufall

Brúðarkjólaleiga Dóru

Brúðarkjólaleiga Dóru /Anna Design Suðurlandsbraut 50 – Bláu húsin við Faxafen - Sími: 568 2560 Opið mán-fös 10-18 lau 10-14


FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Góðir sandalar á ströndina.



Appelsínugulir, sumarlegir og kvenlegir skór.

# Nýir skór frá Santana

***Fjölmargar nýjar týpur hafa bæst í skólínu gítarleikarans.***

Hinn suðræni og seiðandi Carlos Santana er best þekktur fyrir fimi sína á gítarinn góða. Karlinum er margt til lista lagt og fyrir stuttu frumsýndi hann nýjar týpur í kvenskólínu sinni, Carlos by Carlos Santana, í New York. Carlos hefur unnið með Brownshoe skókeðjunni síðan árið 2001 við gerð skónna og rennur hluti ágóðans til Milagro-sjóðsins sem styrkir börn og unglinga sem eiga um sárt að binda.

Skórnir hans Carlosar eru svo sannarlega sumarlegir og kvenlegir og greinilegt að gítarsnillingurinn er í góðum tengslum við sitt kvenlega eðli. Nýja línan sem Carlos kynnti fyrir skemmstu er aðeins brot af því sem koma skal því fjölmargar nýjar týpur bætast í línuna í júlí og ágúst.



Carlos var að sjálfsögðu á staðnum enda stoltur af skónum sínum.



Hvítir sandalar sem smellpassa í sumarbrúðkaupin.



Flottar, brúnar espadrillur.
























Styttan Davíð eftir Michelangelo var í aðalhlutverki á bolunum frá Rocco Barocco.



Strákarnir hennar Vivienne Westwood klæðast pilsum næsta vor og sumar.



Flottir í Hawaii-skyrtum! Strákarnir hans Gianni Versace voru vel olíubornir.



Óformlegur klæðnaður frá Miharayasuhiro. Bronsskórnir setja punktinn yfir i-ið.

# Sumartískan fer í hring

***Á tískuvikunni í Mílanó í vikunni sýndu hönnuðir karlatískuna fyrir vor og sumar á næsta ári, sem er ekki ósvipuð tískunni núna. Strákarnir hafa því heppnina með sér og þurfa ekki að endurnýja fataskápinn að ári.***

Það heitasta í vor- og sumartískunni fyrir karlmenn á næsta ári var sýnt með glæsibrag á tískuvikunni í Mílanó, sem hófst á sunnudaginn og lýkur í dag.

Ítalía er mekka tískuiðnaðarins í Evrópu eins og flestum ætti að vera kunnugt og Mílanó rótgróin borg á tískukortinu. Þar af leiðandi urðu tískuunnendur ekki fyrir vonbrigðum með vikuna þar sem allir heitustu hönnuðir heims sýndu nýjustu afurðir sínar með stæl.

Lítil breyting er á tískunni næsta vor og sumar. Strákarnir eru almennt töffarar. Töffarar sem eru óhræddir við að láta sjá sig í flottum litum, bolum með v-hálsmáli, kvartbuxum og með eyrnalokk í báðum eyrum. Leðurjakkar, mokkasínur, rifnar gallabuxur og stór sólgleraugu eru eitthvað sem strákarnir mega ekki klikka á næsta sumar – rétt eins og núna í sumar. Litir eru líka áberandi, þó jarðlitirnir séu ríkjandi, og steig Gianni Versace skrefið til fulls á tískuvikunni með línu af flottum Hawaii-skyrtum í anda Dr. Gunna, sem er greinilega á undan sinni samtíð. Dolce & Gabbana brugðust ekki tískugúrúum og sýndu enn eina gallalausu línuna þrátt fyrir opinberan skilnað fyrr á árinu. Samstarfið gengur greinilega vel og jafnvel betur en fyrir hjónaskilnaðinn.

Niðurstaðan er því sú að strákarnir eiga alls ekki að henda tískufötunum eftir sumarið þó þau gangi ekki í vetur – fötin bíða bara til næsta sumars.

lilja@frettabladid.is



Domenico Dolce og Stefano Gabbana klikka ekki frekar en fyrri daginn.



Alexander McQueen sparaði ekki sviðsmyndina en tískusýningin hans var sumarleg og töff.




FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Jóna Björg hefur flutt starfsemina í Kópavoginn.



Bleikur toppur kr. 15.900



Sjal kr. 7.900

# *Léttir toppar og sjöl úr silki*

***Jóna Björg Jónsdóttir, sem rekur Saumagallerí JBJ, hefur hannað nýja dömulínu ásamt dóttur sinni.***

Saumagallerí JBJ, í eigu Jónu Bjargar Jónsdóttir, flutti nýlega af Laugaveginum í lítið snoturt húsnæði í Kópavoginum. Saumagalleríið sem hefur síðastliðin átján ár sérhæft sig í framleiðslu á barnafatnaði, hefur nú víkkað sjóndeildarhringinn. Komin er í framleiðslu ný dömulína sem í grunninn samanstendur af kjólum, toppum og sjölum úr silki og ástralskri merinóull. Nýja dömulínan hefur fengið nafnið jbj design og þær Jóna Björg og dóttir hennar Guðrún Ragna sjá um hönnina á flíkunum. Flíkurnar eru mjög léttar, til dæmis eru topparnir einungis um 90-100 grömm og þar af leiðandi eru þeir afar þægilegir, engar tvær flíkur eru eins, hönnunin er mjög skemmtileg og möguleikarnir óteljandi.

Jbj design er að byrja að fóta sig og ýmislegt er í farvatninu, nýjar vörur bætast við daglega og einnig er á stefnuskránni hjá þeim mæðgum að hefja fljótlega hönnun og framleiðslu á brúðar- og skírnarkjólum.







Toppar kr. 17.900



Kjóll kr. 29.000



# Litríkar blúndur

***Í Verksmiðjunni á Skólavörðustígnum er ótrúlega litríkt vöruúrval þessa dagana.***

Stelpurnar sem reka Verksmiðjuna eru greinilega á sumarsandölunum því litirnir eru eins sumarlegir og sætir og frekast má vera. Það má eiginlega glitta í allt litrófið en það sem stendur upp úr er sennilega heitasti litur sumarsins, appelsínugulur, en svo er gult og grænt líka áberandi.

Rósa Helgadóttir, ein af Verksmiðjukonunum, hefur tekið ástfóstri við skæru sumarlitina og teflir þeim saman við blúndur í sinni sumarlínu.

Blúndurnar notar Rósa til þess að þrykkja skærlitu munstri á bómullarboli, bæði stutterma og síðerma og svo hefur hún þróað aðferð við að gúmmíþrykkja blúndu sem stífir hana upp svo úr henni verður armband. Þó stutt sé liðið á sumarið eru bolirnir og armböndin að seljast upp en von er á nýju upplagi í byrjun næsta mánaðar. Bolirnir kosta 4.700 kr og armböndin kr. 2.500.









**Listaverk**
Ótrúlegustu myndir og munir verða að listaverkum þegar búið er að ramma þá inn. Myndir sem börnin hafa málað, gamlir kóktappar, vasaklútar, veggfóður og miðar utan af niðursuðudósum eru dæmi um skemmtilega hluti sem sniðugt er að ramma inn.



Agnar lætur fara vel um sig í þægilegum appelsínuberkinum.

# Appelsínubörkur og maurar

***Agnar Már Magnússon og Helga Sigurþórsdóttir hafa gaman af skemmtilega hönnuðum stólum.***

Gestir á heimili Agnars Más Magnússonar píanóleikara og Helgu Sigurþórsdóttur kennara veita því fljótt athygli að heimilið prýða fallegir hönnunargripir í stólalíki. Meðal þeirra er Appelsínubörkurinn. „Þennan stól fundum við hjónin á útsölu í Epal fyrir nokkru og fannst við mjög heppin þar sem svona stólar eru sjaldan lækkaðir í verði. Appelsínubörkurinn er hannaður af Olav Eldöy og er rosalega þægilegur, eins og besti hægindastóll. Svo er hann svo flottur,“ segir Agnar og bætir því við að þótt stóllinn sé til í ýmsum litum hafi ekki komið til greina að kaupa öðruvísi en appelsínugulan. Enn fleiri flotta stóla má finna innanstokks. „Glærastóllinn hannaði Philip Stark. Hann heitir Louis's Ghost í höfuðið á Lúðvík fjórtánda og er í þessum gamla rokókóstíl nema hann er glær. Við stillum upp blómum á bak við og þá er eins og hann sé með blómamynstri. Svo vorum við að eignast tvo „maura“, borðstofustóla eftir Arne Jakobsen, og ætlum að ná okkur í fleiri svoleiðis“.

Agnar og Helga eru hrifin af hönnun almennt og finnst það skipta máli að á heimilinu sé að minnsta kosti einn hlutur sem er vel hannaður og lítur vel út frá öllum hliðum. „Við lítum ekki á þetta sem snobb heldur bara sem skemmtilegt áhugamál. Við höfum helst einbeitt okkur að því að kaupa stóla en svo er aldrei að vita hvaða húsgögn fylgja í kjölfarið,“ segir Agnar. „Stólarnir eru með húmor,“ bætir Helga við. „Húmorinn ræður svolítið ferðinni og gaman þegar hugmyndin og heitið tengjast hlutnum skemmtilega þó auðvitað sé notagildið aðalatriðið.“

Agnar og Helga eru á leiðinni í frí en þegar þau koma heim tekur kennslan við hjá Helgu og ýmsar annir hjá Agnari. „Ég er að gefa út plötu með Kristjönu Stefánsdóttur söngkonu, svona haustdjassplötu sem við tókum upp í New York. Svo kem ég til með að vera á fullu í leikhúsinu en það er leyndarmál ennþá.“ Það verður því nóg að gera og lítill tími til að sitja og gera ekki neitt. Þó það sé auðvitað einstök nautn í fallegum og þægilegum stól.

brynhildurb@frettabladid.is



Tveir maurar og von á fleirum.



Glæri draugastóllinn eftir Philip Stark.



Appelsínubörkurinn ber nafn með rentu.

Islensk list
er góð gjöf
galleri
ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN
Hafnarstræti 19
S. 551-1122

ÚTIARNAR ÚR POTTJÁRNI
Kr. 18.500.- Kr. 25.700.-
Arinbúðin

Sængurverasett í sumarlegum litum
Fatabúðin
Skólavörðustíg 21, 101 Reykjavík, sími 551 4050

Útsala í Duka
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322

HVERNIG LOPAPEYSU VILT ÞÚ?
þrönga, stutta eða eins og amma prjónaði?
Gott úrval og verð!
ICELAND
Þingholtsstræti 30
101 Reykjavík
sími 562 2116
kr. 11.400

HELENA RUBINSTEIN LANCÔME PARIS CLARINS PARIS
Gerið góð kaup!
Allar vörur án virðisaukaskatts
fimmtudag til laugardags!
GULLBRÁ, Nóatún 17 s. 562-4217

S.Ó. Garðverk
Fagmennska í fyrirrúmi
PALLASMÍÐI, HELLULÖGN, TRAKTORSGRAFA, MINI-VÉL OG VÖRUBÍLL MEÐ KRABBA
Sigurður Ólafsson
S: 822 3650

WWW.TJORVAR.IS

# Öll heimsins litaflóra

***Skálar og bakkar úr skeljum eru falleg stök eða mörg saman í hóp.***

Engu máli virðist skipta hversu mikið er til af skálum á heimilinu, það er alltaf hægt að bæta fleirum við. Skálar nýtast undir ótalmarga hluti eins og mat, skartgripi, sælgæti, plöntur, lykla og alla þá smáhluti sem hvergi virðast eiga heima. En þegar allt kemur til alls þurfa fallegar skálar svo sem ekki að innihalda neitt til þess að gleðja augað og taka þátt í því að skapa heimilislega stemningu.

## Fegurðardrottning í álveri

**Gísli Hjálmar Hauksson fulltrúi skrifar um útlit og öryggismál:**

„Ég tek við því þegar það er harnað ..." segir fegurðardrottningin Íris Hauksdóttir í Fréttablaðinu mánudaginn 19. júní og er þar með að vísa til starf síns hjá álverinu Alcan.

Það er í sjálfu sér ekki starfið sem fegurðardrottningunni hlotnaðist í þessu álveri, heldur umgörð viðtalsins sem vakti athygli mína. Mér virðist viðtalið ganga út á það að útlitið skipti (öllu) máli þegar um starf eða stöðu er að ræða. Það sem tók botninn úr fannst mér þó myndin af fegurðardrottningunni, þar sem hún „pósar" vel snyrt og máluð – ætti kannski betur heima í fegurðarsamkeppninni – þó er passað upp á að sjáist í öryggishjálminn.

Tvennt hvarflar að mér í þessu sambandi: annað hvort tók fegurðardrottningin hjálminn með sér heim fyrir myndatökuna, eða getur verið að hún sé þetta vel snyrt í vinnunni og myndin hafi verið tekin þar? Ef hún hefur fengið að taka hjálminn með sér heim hvort skiptir þá meira máli útlitið eða öryggið? Ef hún getur verið svona vel til höfð og snyrtileg í vinnuni, hvað gaf þá tilefni til viðtalsins?

## Gerum Krísuvík að stríðsminjasafni

**Guðfinnur skrifar:**

Ég hef verið að hugsa um þessa mynd sem á að taka upp í nágrenni Hafnarfjarðar. Hvernig væri að semja við framleiðendur myndarinnar um að halda eftir þessum skriðdrekum og halda eftir leikmyndinni og útbúa stríðsminjasafn? Ég tala ekki um ef þessi mynd yrði vinsæl, þá myndum við fá ferðamenn til að stoppa þarna og skoða. Svo gætum við sett upp styttu á fellinu með hermönnum að setja upp fána, gert þetta svolítið leikrænt. Krísuvíkin hefur ekki heillað mig í gegnum tíðina. Það er spurning að fara að nota landið í vistvænan iðnað, ferðaiðnað.

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.







## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.145 **-0.22%**

**Fjöldi viðskipta:** 345
**Velta:** 7.407 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Jarðboranir** | +3,38% | **Hampiðjan** | -5,63% |
| **Flaga** | +3,19% | **Mosaic Fashions** | -3,08% |
| **Íslandsbanki** | +1,12% | **Icelandic Group** | -2,59% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,60 -0,25% ... Atorka 5,85 -0,30% ... Bakkavör 39,50 – ... Burðarás 15,30 – ... FL Group 15,20 -1,90% ... Flaga 4,30 +3,20% ... Íslandsbanki 13,50 +1,10% ... KB banki 539 +0,20% ... Kögun 59,40 -1,00% ... Landsbankinn 17,10 -1,70% ... Marel 57,30 – ... Og fjarskipti 4,06 – ... Samherji 12,10 – ... Straumur 12,20 -1,20% ... Össur 79,50 -0,60%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn…*

### Ferðasögur nútímans

Blaðamaður Reuters-fréttastofunnar fjallar eins og margir kollegar hans um útrás íslenskra fyrirtækja og eru þessar frásagnir farnar að minna á reisubækur útlenskra manna um Ísland fyrr á öldum. Hann fjallar um þær breytingar sem hafa orðið á íslensku efnahagslífi á síðustu árum. Við þá götu sem Regan og Gorbatsjov hittust árið 1986 er nú fjármálamiðstöð Íslands þar sem glerbyggingar og háhýsi setja svip sinn á umhverfið. Blaðamaðurinn segir frá falli kolkrabbans, minna vægi sjávarútvegsins á þjóðarbúskapinn og hættunni á ofhitnun efnahagslífsins.
Blaðamaðurinn veltir því fyrir sér hvort krafturinn í fólkinu og í iðrum jarðar muni kollsteypa öllu en bæði seðlabankastjórinn og landsfaðirinn fullvissa hann um að allt sé undir „kontról“. Eflaust spyrst það út í hinn stóra heim hve Íslendingar eru lagnir við að temja náttúruöflin.



### Virkur eignarhluti

Í umræðunni um málefni Sparisjóðs Hafnarfjarðar hefur oft verið minnst á virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki sem er tíu prósenta eða meiri bein eða óbein hlutdeild í eigin fé. Samkvæmt lögunum ber að tilkynna Fjármálaeftirlitinu hyggist aðili eignast virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki og fá samþykki þess. Engar skýringar fylgja með lögunum um hvernig menn skula bera sig við ætli þeir sér að ná virkum eignarhlut. Hvar á eiginlega að byrja? Fer maður fyrst til Fjármálaeftirlitsins og spyr um leyfi eða á maður fyrst að kaupa eitt eða fleiri bréf í bankanum og spyrja svo um leyfi? Geta allir farið á fund eftirlitsins og tilkynnt um áætlanir um að eignast virkan eignarhlut?

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Baugur Group hefur keypt um fimm prósenta hluta í Burðarási af Landsbankanum. Um var að ræða framvirkan samning sem félagið hafði gert við bankann. Baugur hefur svo framselt hlutinn til Íslandsbanka, sem hefur selt Baugi hlutinn framvirkt til þriggja mánaða.

Hagvöxtur var um 3,8 prósent á fyrsta ársfjórðungi í Bandaríkjunum. Er það hærra hlutfall en reiknað hafði verið með en spáð hafði verið 3,5 prósenta vexti.

deCode genetics hefur hækkað nokkuð að undanförnu. Gengi félagsins náði í gær hæsta gildi í meira en ár þegar félagið fór yfir níu dali á hvern hlut. Markaðsvirði deCode er um 500 milljónir Bandaríkjadala eða rétt um 32 milljarðar króna.

# Nýta eigi einkaframtakið

**Einkaaðilar fljótari að reisa veg á Vestfjörðum en ríkið.**

Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, skorar á samgönguráðherra að nýta sér einkaframtakið við gerð vegar um Tröllatunguheiði á Vestfjörðum. Félagið Leið ehf. hafi undirbúið verkið sem einkaframkvæmd í þágu bættra samgangna, aukins umferðaröryggis, betri búsetuskilyrða og sparnaðar fyrir ríkið. Því sé einkennilegt ráðslag að ráðherra skuli vilja koma höndum yfir þessa vinnu, en hann hefur heimilað vegamálastjóra að ganga til samninga við Leið ehf. um kaup Vegagerðarinnar á þeirri vinnu sem fram hefur farið á vegum félagsins.“



**ÞÓR SIGFÚSSON**

Þór segir að verkið muni taka lengri tíma taki ríkið það yfir. Borið sé við skorti á fjármunum. Leið ehf. hafi kynnt umhverfismat vegna verksins og áformaði að ráðast í hönnun og gerð útboðsgagna. „Telja verður einkennilegt úr því sem komið er að kostir einkaframtaksins skuli ekki fá að njóta sín við gerð og flýtingu vegarins. „Kunnátta og geta einkaaðila til þessara hluta er fyrir hendi,“ segir Þór í grein á heimasíðu Verslunarráðs. **– bg**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**STYRKJA STÖÐUNA** Karl Wernersson, Einar Sveinsson og Bjarni Ármannsson hafa verið samstíga í rekstri Íslandsbanka. Kaup nýrra aðila á stórum hlut í bankanum eru talin styrkja stöðu þeirra í bankanum.

# Nýir aðilar á leið í lið með meirihluta í Íslandsbanka

**Kaup hluta fyrir á fjórtánda milljarð í Íslandsbanka styrkja Karl Wernersson og hans lið í bankaráðinu. Baugur og viðskiptafélagar eru taldir kaupendurnir. Meintir kaupendur verjast allra frétta, en kaupin eru talin liður í stærri áætlun.**

Vísir að nýjum meirihluta kann að vera að myndast í hluthafahópi Íslandsbanka. Viðskipti hafa verið með hluti í bankanum fyrir á fjórtánda milljarð síðustu daga. Talið er að á bak við hópinn sem er að kaupa standi fyrirtæki og einstaklingar sem vildu eiga samstarf við næststærsta hluthafa bankans, Milestone, undir forystu Karls Wernerssonar. Þar fer fremstur í flokki Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, ásamt félögum sem hann hefur átt samstarf við að undanförnu. Meðal þeirra sem nefndir eru í því samhengi eru Hannes Smárason, stjórnarformaður Flugleiða og Pálmi Haraldsson, kenndur við Feng. Líklegt er að fleiri fjárfestar sem verið hafa í samstarfi við Baug taki þátt í því að kaupa hluti í bankanum og styðja markmið Karls Wernerssonar innan Íslandsbanka.

Karl var í upphafi talinn vera í samstarfi við Björgólfsfeðga þegar hann keypti stóran hlut í bankanum. Á daginn hefur komið að Karl er á eigin forsendum í fjárfestingu sinni í bankanum. Hann hefur að undanförnu átt í samstarfi við Baug og Pálma Haraldsson og kom með þeim að kaupum Iceland-keðjunnar þegar Baugur og tengdir aðilar keyptu Big Food Group.

Samstarf Karls við Bjarna Ármannsson, forstjóra bankans, hefur gengið vel og meðal heimildamanna er talið að þeir séu arkitektarnir að komu Baugs og tengdra aðila í hluthafahóp bankans.

Karl vildi ásamt Jóni Ásgeiri stofna sérstakt félag utan um eignarhald í bankanum og tryggingafélaginu Sjóvá. Markmiðið var að hlutur Straums í Íslandsbanka rynni inn í það félag. Samkomulag um það náðist ekki og telja Íslandsbankamenn að Landsbankinn hafi stöðvað þessi viðskipti Straums, en Landsbankamenn eru meðal hluthafa Straums. Innan Straums segja menn hins vegar að viðskiptin hafi ekki verið nægjanlega hagstæð fyrir Straum.

Straumur er með mikla fjármuni bundna í Íslandsbanka og telja margir að hagsmunir Straums og Landsbankans fari ekki fullkomlega saman varðandi eignarhlutinn í Íslandsbanka. Sameiginlegu hagsmunirnir eru ef Straumi og Landsbankanum tekst að ná yfirhönd í Íslandsbanka. Hins vegar sitji Straumur uppi með margfalda áhættu á við Landsbankann ef ekki tekst að ná yfirráðum í bankanum.

Ljóst virðist að fyrst ekki tókst að sannfæra Straum um að selja, sé áætlunin sú að safna bréfum í bankanum og tryggja sér með því öruggan meirihluta í stjórn bankans.

Enginn virðist á þessu stigi vera tilbúinn að tjá sig um þessi viðskipti enda virðast hér á ferðinni fyrstu skref í stærri áætlun um yfirráð í Íslandsbanka. **haflidi@frettabladid.is**




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Norski hlutabréfamarkaðurinn í sókn:

# Nýjum félögum fjölgar

Félögum hefur fjölgað ört í norsku kauphöllinni á fyrri helmingi ársins. Samkvæmt frétt frá norsku kauphöllinni verða 23 ný félög skráð í kauphöllina á tímabilinu en aðeins sex afskráð. Hefur fyrirtækjum aldrei fjölgað svo mikið á norska markaðnum fyrir utan fyrri árshelming árið 1997.

Einkum er um að ræða félög sem sérhæfa í sig í orkuframleiðslu og olíuiðnaði, fjármálaþjónustu og tæknigeiranum. Einnig er algengt að erlend eignarhaldsfélög skrái sig í Noregi.

Efnahagsástand í Noregi er gott og sjá mörg fyrirtæki sér leik á borði að vaxa hratt með því að fara á hlutabréfamarkaðinn. **- eþa**



**FÉLÖGUM FJÖLGAR** Norski hlutabréfamarkaðurinn er spennandi í augum fjárfesta. Alls verða 23 ný félög skráð í norsku kauphöllina á fyrri helmingi ársins.



ÚTSALA

ZARA



**OTTO VON BISMARCK (1815-1898)**
lést þennan dag.

*„Aldrei trúa neinu í pólitík fyrr en því hefur verið neitað opinberlega.“*

***-Prins Otto af Bismarck var einn merkasti leiðtogi nítjándu aldar. Hann var forsætisráðherra Prússlands, sameinaði Þýskaland í nokkrum vel heppnuðum stríðum og var fyrsti kanslari þýska heimsveldisins.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Undarlegur dauði geimfara*

Þennan dag árið 1971 fundust þrír sovéskir geimfarar látnir í geimhylki geimfarsins Sojúz 11 eftir það sem virtist vera fullkomin lending í Kasakstan. Georgi Dobrovolsky, Vladislav Volkoj og Viktor Patsajev sátu allir í sætum sínum um borð í geimfarinu og virtust ekki hafa hlotið neina líkamlega áverka. Sovésk yfirvöld fyrirskipuðu strax að rannsókn yrði gerð á slysinu.

Áhöfnin hafði dvalist í 24 daga í geimnum en það var lengsti tími sem nokkur hafði dvalið í þyngdarleysi. Á sínum tíma var talið að það gæti hafa átt þátt í dauða geimfaranna. Þeir urðu einnig þeir fyrstu í heiminum til að dvelja í geimstöð og höfðu stundað rannsóknir og athuganir á geimstöðinni Saljút eitt.

Síðar kom í ljós að dauði geimfaranna varð vegna of hás blóðþrýstings sem hlaust af því að klefi þeirra afþrýsist. Ástæða þessa var sú að súrefni fór út um gat sem myndaðist þegar lendingarhylkið losnaði frá aðalfarinu. Í raun má segja að áhöfnin hefði aldrei átt að fara út í geim en hún var kölluð til þegar geimfari í aðaláhöfninni varð veikur.

Slysið kom í kjölfar þó nokkurra slysa sem tengdust Sojúz-geimskutlum en tvö ár liðu áður en Sovétmenn sendu mannað geimfar út í geim.

Geimfararnir þrír voru jarðaðir í Kreml við hlið Júrí Gagarín, fyrsta geimfarans, og voru útnefndir hetjur Sovétríkjanna.



**30. JÚNÍ 1971**

## MERKISATBURÐIR

**1856** Napóleon prins, bróðursonur Napóleons keisara Frakka, kemur til Reykjavíkur á herskipi.
**1862** Eldgos hefst vestan Vatnajökuls og stendur í rúm tvö ár.
**1874** Skólapiltar úr Lærða skólanum halda brennu á Melunum til þess að láta í ljós andúð sína á latneska stílnum.
**1910** Fyrsta íslenska konan útskrifast frá Menntaskólanum í Reykjavík.
**1968** Kristján Eldjárn er kjörinn forseti Íslands.
**1974** Kvenlögregluþjónar taka í fyrsta sinn þátt í löggæslu.
**1990** Kvennahlaup ÍSÍ haldið í fyrsta sinn.
**1992** Margrét Thatcher tekur sæti í lávarðadeild breska þingsins.

## JARÐARFARIR

13.00 **Alda Jóhanna Stangeland**, Barðavogi 3, Reykjavík, verður jarðsungin frá Langholtskirkju.

13.00 **Unnur Aðalsteinsdóttir**, Giljalandi 29, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

13.00 **Sigurveig Björgvinsdóttir**, Hamrahlíð 40, Vopnafirði, verður jarðsungin frá Vopnafjarðarkirkju.

13.00 **Þórarinn Sigurgeirsson** pípulagningameistari, Árskógum 6, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

14.00 **Ingólfur Jóhannsson**, Iðu, Biskupstungum, verður jarðsunginn frá Skálholtskirkju.

15.00 **Rúnar Gunnarsson**, Kleppsvegi 106, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Konráð Gíslason**

frá Frostastöðum, Furulundi 4, Varmahlíð,

verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 2. júlí kl. 11.00 fyrir hádegi.
Bálför fer fram síðar og jarðsett verður í Flugumýrarkirkjugarði.

**Helga Bjarnadóttir,**
**börn, tengdabörn og afabörn.**



†

*Sonur minn og bróðir okkar,*

**Rúnar Gunnarsson**

Kleppsvegi, 106 Reykjavík,

lést 21. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 30. júní kl. 15.00.

**Fyrir hönd systkina og annarra ættingja,**
**Gunnar R. Pétursson.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fanney Halldórsdóttir**

frá Sviðningi, Skagabyggð,

verður jarðsungin frá Hofskirkju, Skagabyggð, föstudaginn 1. júlí kl. 14.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.**

**SJÖFN ÞÓR:** SKIPUÐ SÓKNARPRESTUR REYKHÓLAPRESTAKALLS

# Tekur við starfi afa síns

„Mig hefur langað lengi til þess að verða prestur,“ segir hin 29 ára Sjöfn Þór, spennt yfir skipun sinni til sóknarprests í Reykhólaprestakalli. Sjöfn ákvað það strax eftir fermingu að hana langaði að verða prestur en afi hennar var séra Þórarinn Þór, sem einmitt var sóknarprestur á Bæ á Reykhólum og Patreksfirði.

Sjöfn segir þjónustuna vera mest heillandi við prestsstarfið. „Ég hef mjög sterka trú og langar til að þjóna bæði guði og mönnum,“ segir Sjöfn, sem telur að hún hafi fengið köllun strax á unga aldri.

„Ég held að góður prestur þurfi fyrst og fremst að hlusta og taka þátt í samfélaginu, vera góður í mannlegum samskiptum og hafa einlæga trú,“ segir Sjöfn, sem hlakkar til að búa á landsbyggðinni þar sem allt sé miklu rólegra og tími gefist til að sinna sóknarbörnum. Hún þekkir landsbyggðarlífið af eigin raun enda uppalin á Patreksfirði

Sjöfn hefur starfað lengi að æskulýðsmálum Þjóðkirkjunnar. „Ég vil vera með blómlegt barna- og æskulýðsstarf og laga það að sveitinni,“ segir Sjöfn. Hún gerir sér vel grein fyrir því að prestsstarfið geti verið erfitt og snúist um að deila bæði sorg og gleði.

„Ég vil líka leggja áherslu á það að eiga samskipti við alla,“ segir Sjöfn, sem er einstæð móðir og finnst spennandi kostur að ala dóttur sína, sem byrjar í skóla í haust, upp í fámenninu.

Sjöfn mun búa á Reykhólum í prestbústað sem var byggður þegar afi hennar var prestur á staðnum. Hún ætlar að flytja þangað um leið og hægt er en hún býst við að taka við starfinu 1. september þó sú dagsetning sé ekki á hreinu.

„Ég er svo heppin að fá að vinna við áhugamálið mitt,“ segir Sjöfn en að starfa með börnum og unglingum er henni mjög hugleikið. „Þá hefur blundað í mér hestabaktería,“ segir hún en hana hefur Sjöfn ekki fengið að rækta í lengri tíma. Líklega mun hún þó eiga hægara um vik þegar hún er komin í sveitina. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**PRESTUR** Sjöfn Þór er einstæð móðir og hlakkar til að ala dóttur sína upp í fámenni landsbyggðarinnar.

**FYRSTA STARFIÐ:** GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR KONSERTMEISTARI

# Skemmtiferð eða Schubert

Guðný Guðmundsdóttir byrjaði snemma að passa börn eins og venjan var á þeim tíma. Minnisstæðasta starfið tengdist þó ekki börnum. „Mest spennandi var þegar ég var í öðrum bekk í gagnfræðaskóla og hætti við að fara í vorferðina þar sem mér bauðst að spila með Sinfóníunni,“ segir Guðný, sem telur að hafa verið frekar óvenjulegt að standa frammi fyrir því að þurfa að velja milli skemmtiferðar með vinum sínum eða vinnu.

Hún valdi að spila með hljómsveitinni og sér ekki eftir því. „Á þeim tíma vantaði mikið af fólki í hljómsveitina,“ segir Guðný, sem var komin langt í námi þrátt fyrir ungan aldur. Kennari henna,r sem var fyrrverandi konsertmeistari, treysti henni til að spila Schubert sinfóníuna. „Ég æfði mig alveg eins og brjálæðingur,“ segir Guðný, sem lagði nótt við dag til að standast væntingar.

Guðný varð konsertmeistari Sinfóníunnar rúmum tíu árum síðar eftir strangt nám erlendis en var þó viðloðandi hljómsveitina allan tímann.

Guðný fékk að sjálfsögðu borgað fyrir starf sitt þennan dag enda var þegar á þeim tíma búið að stofna stéttarfélag sem sá til þess að nemendur væru ekki notaðir í staðinn fyrir atvinnufólk til að spara pening. Guðný man ekki eftir því hvað hún gerði við hýruna. „Ætli maður hafi ekki farið í fatabúð daginn eftir útborgun,“ segir hún og hlær. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Helgarsprengja

## Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind, Skeifu, Kringlu, Spöng og Akureyri

**2.990**




## Ideline krapvél

Ískrapsvél með skál

Einfalt, skemmtilegt og gott. Þú setur klaka í vélina og á nokkrum sekúndum er komið dýrindis ískrap sem má bragðbæta með t.d. uppáhaldsávaxtaþykkninu.

### Olympus C170 myndavél

**12.990**
fullt verð 14.990-




**Digital myndavél með 4 milljóna punkta upplausn**
4 megapixel
4x digital zoom
Linsa: 6.11mm
1,5" LCD skjár
Autofocus og auto white balance
Auto exposure og þrjár manual stillingar
Hágæða hreyfimyndataka
Þrjár myndstærðir
Auto flass og red eye reduction
Tímarofi
USB tenging við tölvu
14mb innra minni
Rauf fyrir xD kort
Hugbúnaður fylgir

### Olympus C480Z myndavél

**19.990**



**Digital myndavél með 4 milljóna punkta upplausn**
4 megapixel
3x optical og
4x digital zoom
Linsa: 6.3-18,9mm
1,5" LCD skjár
Autofocus og auto white balance
Auto exposure og þrjár manual stillingar
Hágæða hreyfimyndataka
Þrjár myndstærðir
Auto flass og red eye reduction
Tímarofi
USB tenging við tölvu
14mb innra minni
Rauf fyrir xD kort
Hugbúnaður fylgir

**1.990**




### Ideline Poppvél

900w poppari
Tekur 30g í hvert skipti
Tilbúið á aðeins 3 mínútum

### Olympus MJU500 myndavél

**29.990**
fullt verð 34.990-



**Digital myndavél með 5 milljóna punkta upplausn**
5 megapixel
3x optical zoom og 4x digital zoom
Linsa: 5.8 - 17.4mm
2,5" LCD skjár
Autofocus og auto white balance
Auto exposure og þrjár manual stillingar
Hágæða hreyfimyndataka með hljóði
Sex myndstærðir
Auto flass og red eye reduction
Tímarofi
USB tenging við tölvu
32mb xD kort fylgir
Hugbúnaður fylgir

### Minolta DIMAGE E500

**19.990**



**Lítil og nett Digital Myndavél**
5 megapixel
3x optical zoom og
4x digital zoom
2" skjár
Linsa: 5,4 - 16,2mm
Autofocus og auto white balance
Auto exposure
Hágæða hreyfimyndataka með hljóði
Fjórar myndstærðir
Auto flass og red eye reduction
Tímarofi
USB 2.0 tenging við tölvu
Notar 2xAA rafhlöður og SD kort
Tekur 80 ljósmyndir á 2xAA Alkaline rafhlöðum
Hugbúnaður og kapall fylgir

**3.990**
fullt verð 4.990-



### United ferðatæki

Ferðatæki með útvarpi, segulbandi og geislaspilara.

Gildir til 4. júlí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255



## Heyrst hefur ...

... að Hafnarfjarðarmafían sé svo örugg um sigur FH í Landsbankadeildinni að hún sé byrjuð að vinna í íslenskri rokkútgáfu af hinu sívinsæla lagi Queen „We Are the Champions" sem síðan eigi að spila í ræmur á sigurhátíðinni.

**sport**

sport@frettabladid.is

**TRAÐKAÐI Á ANDSTÆÐINGI:** EKKERT HÆGT AÐ GERA Í MÁLINU SEGIR FRAMKVÆMDASTJÓRI KSÍ

# *Tryggva ekki refsað fyrir fautaskapinn*



Tryggvi Sveinn Bjarnason, varnarmaður KR, fékk að líta rauða spjaldið í viðureign liðsins gegn Val á mánudagskvöld. Hann hefði með réttu átt að vera rekinn af velli í fyrri hálfleiknum þegar hann traðkaði á lærinu á Matthíasi Guðmundssyni, sóknarmanni Vals. Ólafur Ragnarsson, dómari leiksins, refsaði Tryggva þó ekki fyrir atvikið og KSÍ segist ekki geta refsað honum eftir á.

„Dómarinn var örugglega með augun á þessu umrædda atviki því boltinn var þarna við. Dómarinn og hans samstarfsmenn hljóta að hafa séð þetta atvik og metið sem svo að ekki væri um refsivert brot að ræða, hann getur varla verið að horfa á eitthvað annað því boltinn var þarna í þessu atviki," sagði Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ. Málið er því ekki í neinu ferli innan KSÍ.

„Myndavélar geta sýnt fram á að dómarinn hafi gert rangt eða rétt en dómararnir sjá um að dæma og þeir sáu atvikið og dæmdu eftir sinni upplifun. Sá dómur er því endanlegur. Dómarinn þarf að taka ákvörðun á örskotsstundu og það getur vel verið að honum finnist þetta alvarlegra eftir að hafa séð þetta í sjónvarpinu. Hann er í þessari erfiðu stöðu að sjá þetta bara einu sinni og þarf að taka ákvörðun strax," sagði Geir, en þær reglur gilda að ekki megi nota sjónvarpsupptökur til þess að dæma menn brotlega eftir á, reyndar með undantekningum.

„Það er eiginlega bara eitt dómstig í fótboltanum, þessi sekúnda sem dómarinn hefur til að taka ákvörðun. Það er endanlegt. Sjónvarpsupptökur hafa verið notaðar þegar leikmönnum hefur tekist að brjóta af sér þegar dómarinn sér ekki til, þá er leyfilegt að nota þær," sagði Geir Þorsteinsson.

## > Við furðum okkur á ...



... því að framkvæmdastjóri KSÍ skuli ekki taka á máli Tryggva Bjarnasonar, sem traðkaði viljandi á andstæðingi. Myndirnar af atvikinu tala sínu máli og það ber að refsa leikmönnum fyrir slíkan fautaskap sem á aldrei að sjást á vellinum. KSÍ sendir út röng skilaboð með því að taka ekki á málinu og það ekki í fyrsta sinn.

## > Leiðrétting



Þau leiðu mistök urðu í vinnslu blaðsins um daginn að Kristinn Jakobsson var sagður dómari á leik Fram og Keflavíkur. Hið réttara er að þann leik dæmdi Eyjólfur Kristinsson og hann fékk 6 í einkunn fyrir sinn fyrsta leik í efstu deild.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JÚNÍ**

27 28 29 **30** 1 2 3

**Fimmtudagur**

**LEIKIR**

- ☐ 19.15 **Þróttur** og **Valur** mætast á Laugardalsvelli í Landsbankadeild karla.
- ☐ 19.15 **FH** og **Fram** mætast á Kaplakrikavelli í Landsbankadeild karla.
- ☐ 20.00 **Keflavík** og **Grindavík** mætast á Keflavíkurvelli í Landsbankadeild karla.
- ☐ 20.00 **HK** og **Þór** mætast á Kópavogsvelli í 1. deild karla.

**SJÓNVARP**

- ☐ 07.00 **Olíssport** á Sýn endursýnt fjórum sinnum frá kvöldinu áður.
- ☐ 15.45 **Álfukeppnin** á Sýn. Úrslitaleikur Argentínu og Brasilíu. (e)
- ☐ 19.10 **Kraftasport** á Sýn. Sterkasti maður Íslands.
- ☐ 19.40 **Landsbankadeildin** á Sýn. Keflavík – Grindavík. (b)
- ☐ 22.00 **Olíssport** á Sýn.
- ☐ 23.10 **Fótboltakvöld** á RÚV.
- ☐ 23.15 **Landsbankadeildin** á Sýn. Keflavík – Grindavík. (e)

# Ólafur neitaði að taka lyfjapróf

**Ólafur Gottskálksson var í gær dæmdur í ótímabundið leikbann fyrir að neita að taka lyfjapróf. Enska knattspyrnusambandið vill setja Ólaf í alheimsbann frá knattspyrnu. Ólafur er fyrsti knattspyrnumaðurinn á Englandi sem mætir ekki í lyfjapróf síðan Rio Ferdinand skrópaði á sínum tíma.**

**FÓTBOLTI** Ólafur lét sig hverfa frá Englandi í kjölfarið og hefur félag hans Torquay ekkert heyrt frá honum síðan. Ólafur verður í leikbanni þar til hann mætir fyrir dóm aganefndar enska knattspyrnusambandsins. Ekki er talið líklegt að Ólafur geri það enda vissu Bretarnir ekki í gær hvar hann væri niðurkominn. Ólafur er staddur á Íslandi og hefur verið að leika með liði í utandeildinni síðustu vikur.

Ólafur hefur verið í herbúðum enska 2. deildarliðsins Torquay United og hann er fyrsti leikmaðurinn í Englandi sem er dæmdur í bann eftir að settar voru á laggirnar nýjar reglur um lyfjamál. Ástæða þess að Bretarnir breyttu reglunum er mál Rios Ferdinand en hann fékk sem kunnugt er átta mánaða keppnisbann á sínum tíma fyrir að mæta ekki í lyfjapróf.



**FERILLINN Á ENDA?** Knattspyrnuferill Ólafs Gottskálkssonar er væntanlega á enda eftir að enska knattspyrnusambandið dæmdi hann í ótímabundið bann í gær. Líklegt er að Ólafi verði meinað að leika knattspyrnu í öllum löndum heimsins. Ólafur sést hér í leik með Grindavík gegn Fylki. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

### Pakkaði saman og yfirgaf svæðið

„Leikmennirnir voru á æfingasvæðinu þegar lyfjaeftirlitið mætti í janúar," sagði Michael Bateson, stjórnarformaður Torquay, við breska fjölmiðla í gær.

„Ólafur bað um að sjá lista yfir þau efni sem voru á bannlista og spurði hvað myndi gerast ef hann greindist jákvæður af einhverju þeirra. Þegar hann fékk að vita um afleiðingarnar sagðist hann neita að taka prófið. Pakkaði saman, yfirgaf æfingasvæðið og við sáum hann aldrei aftur. Við reyndum að hringja í hann og skrifa honum bréf en hann svaraði aldrei. Hann flutti út úr íbúðinni sinni og hreinlega hvarf. Hann átti stórglæsilega kærustu og skildi hana líka eftir.

Í sannleika sagt held ég að hann hafi ekki verið að nota eiturlyf. Hann var í vandræðum með öxlina á sér og ef hann var að taka eitthvað þá var það eflaust tengt öxlinni á honum."

Það sem meira er hefur enska knattspyrnusambandið farið fram á við alþjóða knattspyrnusambandið, FIFA, að Ólafi verði meinað að leika knattspyrnu alls staðar í heiminum og hans bíður án nokkurs vafa að minnsta kosti átta mánaða keppnisbann fari svo að hann mæti einhvern tímann fyrir rétt hjá aganefnd enska knattspyrnusambandsins.

Ekki náðist samband við Ólaf í gær.

henry@frettabladid.is

Nýliðavalið í NBA-deildinni:

## Bucks valdi Bogut

**KÖRFUBOLTI** Hið árlega nýliðaval í NBA-deildinni fór fram í fyrrinótt, þar sem Milwaukee Bucks átti fyrsta valrétt. Liðið ákvað að fara öruggu leiðina í valinu og tók ástralska miðherjann Andrew Bogut frá Utah-háskólanum. Bogut er leikmaður sem mun strax verða liðinu mikill styrkur og vonast Bucks til að geta byggt lið sitt í kringum hann á næstu árum.

Atlanta tók áhættu og valdi hinn unga framherja Marvin Williams frá Norður-Karólínuháskólanum, en hann þykir vera líklegastur manna til að verða stórstjarna í deildinni. Utah fékk Deron Williams frá Illinois-háskólanum fyrir þriðja valréttinn og fær þar leikstjórnandann sem liðið vantaði svo sárlega, rétt eins og New Orleans Hornets, sem fékk Chris Paul frá Wake Forest fyrir fjórða valréttinn. - bb

Tímamót í ítalskri knattspyrnusögu:

## Zola leggur skóna á hilluna



**GIANFRANCO ZOLA** Átti frábæra leiktíð með Cagliari í fyrra og höfðu forráðamenn þar á bæ gert sér vonir um að Zola myndi spila eitt ár til viðbótar.

**FÓTBOLTI** Einn ástsælasti knattspyrnumaður Ítala fyrr og síðar, Gianfranco Zola, tilkynnti í gær að hann væri hættur að leika fótbolta, viku fyrir 39 ára afmælisdag sinn.

Zola, sem sló fyrst í gegn með Napoli, þegar hann var látinn taka við af sjálfum Diego Armando Maradona, og Parma á Ítalíu, lék í sjö ár með Chelsea í Englandi eftir að hafa komið þangað frá Parma fyrir 4,5 milljónir punda árið 1996.

Þrátt fyrir að hafa yfirgefið félagið til að enda ferilinn með liði Cagliari á Ítalíu verður hann ávallt í guðatölu á meðal stuðningsmanna Chelsea og er hans minnst sem einhvers vinsælasta leikmanns í sögu félagsins. Á sínum ferli með Chelsea skoraði Zola 80 mörk og hjálpaði félaginu til að vinna sex titla.

„Þetta var ekki auðveld ákvörðun en ég fann fyrir sterkri þrá til að helga mig hlutum sem ég hef vanrækt á síðustu árum," sagði Zola er hann greindi fjölmiðlum frá ákvörðun sinni og mátti sjá á kappanum að ákvörðunin hafði tekið á.

Zola var verðlaunaður með OBE-orðunni í Róm árið 2004 fyrir ómetanlegt starf í þágu fótboltans. - vig

Mateja Kezman:

## Chelsea hafði ekki trú á mér

**FÓTBOLTI** Serbneski sóknarmaðurinn Mateja Kezman, sem í gær gekk til liðs við Atletico Madrid frá Chelsea, segir að þeir bláklæddu hafi aldrei haft trú á sér.

„Það voru tuttugu félög sem vildu fá mig vegna hæfileika minna. Ég skil ekki af hverju Chelsea hafði ekki þessa trú á mér. Allir aðrir virðast halda að ég hafi burði til þess að verða einn af bestu framherjum heims," sagði Kezman í gær, en hann skoraði aðeins fjögur deildarmörk fyrir Chelsea á síðasta tímabili eftir að hafa komið frá PSV, þar sem hann skoraði 105 mörk á fjórum leiktíðum. - vig


Tilboðsverð 12.999 kr.




Fljótvirkasti miðaprentarinn

- Miðar á bréf, pakka, bréfabindi o.fl.
- Á CD/DVD diska, miðar úr plasti
- Prentar miða úr Word-, Excel- og Outlook
- Prentar merkiborða bæði á pappír og plast, stærðir eftir vali, allt að eins meters langa
- Allt að 62mm breidd
- 50 miðar á mínútu*
- USB tenging
- Windows hugbúnaður
- Sjálfvirk klipping
- Heilar lengjur eða staðlaðar

*Staðlaðir póstfangamiðar

Umboðsaðili:

Rafport

Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Sími 554 4443. Fax 554 4102.
rafport@rafport.is www.rafport.is
Umboðsmenn um land allt

brother At your side. QL-550

Augl. Þórhildar 1390.43


Nú er ódýrt að grilla!
HAMBORGARAR
ÚR KJÖTBORÐI
90 G
79 kr. stk
ÚR KJÖTBORÐI
30% AFSLÁTTUR Á ÖLLU PÖKKUÐU GRILLKJÖTI!
25% afsláttur við kassa
GRÍSA SPER-RIB
ÚR KJÖTBORÐI
599 kr. kg
Þú sparar 200 kr.
Venjulegt verð í Nóatúni er 799 kr./kg.
ÚR KJÖTBORÐI
HINDBER
Í BOXI
99 kr. pk
30% afsláttur við kassa
SPARAÐU
LÍFRÆNN
SAFI
199 kr. 1l
MÓA PIRI PIRI
LÆRI/LEGGIR
349 kr. kg
30% afsláttur við kassa
EINNOTA
GRILL
AÐEINS
299 kr.
Mundu CHESTER FRIED
NÓATÚN
OPIÐ
TIL KL. 21 ALLA DAGA



**MALCOLM GLAZER.** Glazer reynir nú hvað hann getur til þess að vinna aðdáendur Manchester United á sitt band.

Glazer-feðgarnir:

## Funda með ráðherra

**KNATTSPYRNA** Richard Caborn, íþróttamálaráðherra Bretlands, sat í gær fund með Malcolm Glazer og sonum hans þremur, Joel, Avram og Bryan, þar sem markmið þeirra með kaupunum á Manchester United voru rædd.

Feðgarnir, sem allir sitja í nýrri stjórn Manchester United, fullvissuðu ráðherrann um að þeir ætli sér að ná árangri með liðið, en stór hópur aðdáenda félagsins hefur gefið í skyn að Glazer sé einungis að hugsa um að hagnast á félaginu.

„Ef við ætlum að ná markmiðum okkar, verðum við að ná góðum árangri bæði í ensku úrvalsdeildinni og meistaradeild Evrópu,“ sagði Joel Glazer við fjölmiðla að fundi loknum. „Þó við séum fjárfestar þá erum við ekki að kaupa stærsta knattspyrnufélag heims til þess að láta því ganga illa. Það er öllum í hag að liði félagsins gangi vel og við munum reyna allt sem í okkar valdi stendur til þess að svo megi verða.“

Stuðningsmenn Man. Utd eru ekki enn farnir að trúa Glazerfeðgunum og nota þeir hvert tækifæri til þess að mótmæla kaupum þeirra á félaginu og sér ekki fyrir endann á þeim mótmælum. - mh

# Pulis gefur lítið fyrir gefnar ástæður uppsagnarinnar

**Tony Pulis, fráfarandi knattspyrnustjóri Stoke, kveðst ekki hafa neitt á móti erlendum leikmönnum og að stjóratíð hans sanni það. Johan Boskamp hefur verið ráðinn stjóri liðsins til næstu tveggja ára.**

**FÓTBOLTI** „Ég vill taka það fram að litarháttur eða þjóðerni hafa aldrei haft áhrif á hvernig ég stilli upp mínu liði,“ sagði vonsvikinn Tony Pulis í samtali við breska fjölmiðla í gær, daginn eftir að hafa verið rekinn frá enska knattspyrnufélaginu Stoke City, sem er að mestu í eigu íslenska fjárfesta.

Gunnar Þór Gíslason, stjórnarformaður Stoke, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að stjórnin hefði tekið þá ákvörðun að láta Pulis fara vegna tregðu hans við að leita á erlenda markaði eftir nýjum leikmönnum. Pulis gefur lítið fyrir þær ástæður. „Ég hef unnið með erlendum leikmönnum á tíma mínum hér hjá Stoke sem hafa verið að spila í mínu liði. Þetta snýst ekki um að kaupa til félagsins erlenda leikmenn, þetta snýst um að kaupa til félagsins góða leikmenn,“ sagði Pulis, sem mun þó fá mánaðarlegan launatékka frá Stoke næsta árið þar sem hann hafði skrifað undir nýjan samning við félagið í lok apríl sl.

Leikmenn og aðdáendur Stoke eru furðu lostnir yfir starfsaðferðum íslensku stjórnarinnar og kvaðst Gerry Taggart, fyrrverandi leikmaður Leicester en núverandi leikmaður Stoke, að hann væri í sjokki yfir fréttunum. „Þetta er hryllingur. Þetta sýnir einfaldlega að það er aldrei hægt að vita hvað er í gangi á bakvið tjöldin,“ sagði Taggart.



**JOHAN BOSKAMP** Á erfitt verkefni fyrir höndum hjá Stoke.

Það er því ljóst að það er ekki auðvelt starf sem bíður Johan Boskamp, nýs knattspyrnustjóra félagsins sem skrifaði undir tveggja ára samning við félagið í gær. Boskamp þessi stjórnaði meðal annars Anderlecht til þriggja meistaratitla í Belgíu fyrir rúmum áratug áður hann tók við Genk og gerði þá að bikarmeisturum í landinu. Þar þjálfaði hann meðal annars Þórð Guðjónsson, núverandi leikmann Stoke, með góðum árangri.

Fyrsta verk Boskamp verður að vinna traust leikmanna og áhangenda liðsins, en að sögn fjölmiðla í Stoke gæti það reynst afar erfitt þar sem ekki beri á öðru en að stjórn félagsins sé að skiptast í tvær fylkingar, þá íslensku og þá ensku, þar sem flestir sem að félaginu koma séu á bandi þeirra síðarnefndu. Stjórnarmaðurinn Peter Coates, sá hinn sami og gerði Íslendingunum tilboð í félagið í fyrradag upp á 500 milljónir sem var umsvifalaust hafnað,“ kveðst óttast um framtíð félagsins í kjölfarið á atburðum síðustu daga. „Að reka Pulis var einhver furðulegasta ákvörðun sem ég hef vitað til í enskri fótboltasögu. Ég hef miklar áhyggjur af því hvert þetta félag er að stefna,“ sagði hann. vignir@frettabladid.is



**GUÐJÓN ÞÓRÐARSON** Er búinn að vinna hug og hjörtu stuðningsmanna Notts County.

Guðjón Þórðarson :

## Vill vinna grannaslaginn

**FÓTBOLTI** Guðjón Þórðarson hefur lofað áhangendum Notts County að liðið muni leggja sig allt fram undir sinni stjórn á komandi tímabili, en leikmenn eru að koma saman eftir sumarleyfi um þessar mundir og munu hefja stífar æfingar að hætti Guðjóns til að koma sér í stand fyrir átökin.

Á heimasíðu félagsins í gær segir Guðjón að hann muni leggja sig fram við að bæta gengi liðsins eftir fremsta megni og þá einkum og sér í lagi í nágrannaslagnum við Mansfield Town. County hefur tapað þremur einvígjum liðanna í röð og Guðjóni þykir kominn tími á að breyta því.

„Það er jafnan allt undir í svona leikjum og erfitt að tapa fyrir grönnum sínum. Það er kominn tími á að Notts County sigri granna sína í Mansfield og ég segi fyrir mína parta að þó svo færi að við töpuðum fyrir þeim vil ég að menn geti sagt að þeir hafi lagt sig alla fram,“ sagði Guðjón en gaman er að fylgjast með lífinu sem kviknað hefur hjá Notts County frá því Guðjón tók við stjórnartaumunum. Daglega eru birtar jákvæðar og spennandi fréttir um starf félagsins og til að mynda þótti fréttnæmt hjá félaginu um daginn að íslenskir fjölmiðlar skyldu hafa hringt til félagsins og forvitnast um ráðningu Guðjóns. - bb




Guðmundur Viðar Mete skrifar undir hjá Keflavík:

## Er hann maðurinn sem Keflavík hefur vantað?

**FÓTBOLTI** Á laugardaginn kemur knattspyrnumaðurinn Guðmundur Viðar Mete hingað til lands og skrifar undir samning við Keflavík út tímabilið. Guðmundur steig sín fyrstu skref með Austra á Eskifirði en fór út til Svíþjóðar 10 ára gamall.

„Ég get ekki beðið eftir því að spila fótbolta á ný,“ segir Guðmundur, sem er spenntur fyrir því að sjá hvernig íslenska knattspyrnan er, hann hefur verið búsettur í Svíþjóð undanfarin fjórtán ár. „Ég hef náttúrlega aldrei spilað á Íslandi, ég er ákveðinn í að gera vel þar og svo er stefnan sett á að komast út aftur. Ég er búinn að vera meiddur af og til í eitt og hálft ár en hef verið í endurhæfingu undanfarinn mánuð.“ segir Guðmundur.

Hann hefur síðastliðin þrjú ár verið hjá Norrköping en þar á undan var hann hjá Malmö þar sem hann fór í gegnum unglingastarfið. Ástæðan fyrir því að Keflavík varð nú fyrir valinu er sú að hann þekkir vel til þjálfarans Kristjáns Guðmundssonar og markvarðarins Ómars Jóhannssonar frá því að hann var hjá Malmö. „Þrátt fyrir að hafa aldrei spilað í íslenska boltanum þá hef ég fylgst ágætlega með honum í gegnum fótbolta.net og þá hef ég verið í sambandi við þá Kristján og Ómar. Þetta verður örugglega skemmtilegt.“ sagði Guðmundur, en hann er 24 ára.



**KRISTJÁN GUÐMUNDSSON** Ánægður með nýja liðsmanninn.

Vörn Keflavíkur hefur ekki verið nægilega traust það sem af er tímabili og vonir bundnar við það að með komu Guðmundar lagist hún. Hann á ellefu leiki að baki fyrir U-21 landsliðið og var einnig með U-19 og U-17. Kristján Guðmundsson lýsir honum sem sterkum leikmanni, góðum skallamanni og fínum leiðtoga. „Hann er einmitt týpan sem okkur hefur vantað í vörnina,“ sagði Kristján. - egm

# ÚR SPORTINU

**Kevin Phillips**, framherji Southampton, er nú sagður á leiðinni til enska úrvalsdeildarfélagsins Aston Villa. **Phillips**, sem hefur ekki náð sér á strik hjá Southampton, lék áður með Sunderland og var þar mikill markahrókur. **Harry Redknapp** vill ólmur halda **Phillips** en ekki er talið líklegt að það gangi eftir. **Phillips** er einn af launahæstu leikmönnum Southampton, þrátt fyrir að hafa lækkað mikið í launum þegar hann fór frá Sunderland til Southampton á sínum tíma.



**Mamadou Niang**, leikmaður Strazbourg, er nú undir smásjá West Ham United, sem þurfa að styrkja sig mikið fyrir komandi átök í úrvalsdeildinni á næsta ári. **Alan Pardew**, knattspyrnustjóri West Ham, verður að styrkja framlínuna hjá sér, þar sem erfitt getur verið að reiða sig á markskorun hins þrjátíu og níu ára gamla **Teddy Sheringham**. Stjórn West Ham, sem fyrir nokkrum árum seldi marga af bestu ungu leikmönnunum sínum, hefur ekki gengið sem skildi á leikmannamarkaðnum í sumar og þarf nauðsynlega á liðsstyrk að halda.



**Kieron Dyer**, leikmaður Newcastle United og enska landsliðsins, mun fljótlega skrifa undir nýjan samning við félagið. **Graeme Souness**, knattspyrnustjóri Newcastle, sagðist fullviss um að félagið næði saman við hann. „**Dyer** hefur staðið sig vel síðan ég kom hingað. Hann er góður leikmaður sem við getum vonandi haft hjá okkur lengi.“ **Dyer** lenti í slagsmálum við **Lee Bowyer**, félaga sinn hjá Newcastle í fyrra og hefur síðan ekki verið vinsæll hjá stuðningsmönnum félagsins.



**Alex Ferguson**, knattspyrnustjóri Mancheser United, leggur nú mikla áherslu á að **Cristiano Ronaldo**, Portúgalinn snjalli, verði áfram hjá félaginu en illa hefur gengið að fá guttann til þess að skrifa undir nýjan samning við félagið. „Hann mun skrifa undir. Við getum ekki látið svona hæfileikaríkan dreng fara frá okkur. Hann á þrjú ár eftir af samningi sínum og það er ekkert sem mun standa í vegi fyrir því að hann endurnýji hann.“ **Ferguson** sér **Ronaldo** fyrir sér sem lykilmann hjá Manchester United næstu árin, ásamt enska landsliðsmanninum **Wayne Rooney** en Sir Alex telur þá geta leitt lið næstu kynslóðar hjá Man. Utd.



**Boudewijn Zenden**, leikmaður Middlebrough, er á leiðinni til Liverpool. **Rafael Benitez**, knattspyrnustjóri Liverpool, leitar nú að leikmönnum sem hafa reynslu að því að spila í úrvalsdeild og hafa að auki náð góðum árangri í Evrópukeppni. **Zenden**, sem leikið hefur með stórliðum eins og Barcelona, PSV og Chelsea, spilaði vel á síðasta tímabili en hann lék þá inni á miðri miðjunni ásamt landa sínum frá Hollandi, **George Boateng**. Mörg félög hafa borið víurnar í Zenden eftir tímabilið enda lék Hollendingurinn hreint frábærlega og vilja margir meina að hann hafi aldrei verið betri en síðasta vetur en síðustu tímabil þar á undan voru slök hjá kubbaða vængmanninum.



Julio Arca, bakvörður Sunderland, hefur trú á liðinu:

# Sunderland fellur ekki

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Sunderland, sem komst upp í ensku úrvalsdeildina eftir að hafa endað í efsta sæti í fyrstu deildinni, reyna nú hvað þeir geta til þess að styrkja leikmannahóp sinn fyrir keppnistímabilið sem hefst í haust.

Julio Arca, Argentínumaðurinn snjalli hjá Sunderland, er viss um að liðið hafi alla burði til þess að halda sér uppi í deildinni. „Sunderland er með fínt lið sem á eftir að verða ennþá betra með tilkomu nýrra leikmanna. Ég hef leikið með Sunderland í úrvalsdeildinni og veit því vel við hverju er að búast. Við erum kannski ekki með lið sem verður í toppbaráttunni, en mér finnst eðlilegt að stefna á það að vera um miðja deild.“ **- mh**



**JULIO ARCA** Argentíski vinstri bakvörðurinn spilaði stórt hlutverk þegar Sunderland tókst að vinna sér sæti í úrvalsdeildinni.








Umboðsmenn Akureyri: Haftækni · Egilsstaðir: Bílanaust · Grundarfjörður: Mareind · Ísafjörður: Bensínstöðin Keflavík: Tæknivík · Reyðarfjörður: Veiðiflugan · Selfoss: Hársnyrtistofa Leifs · Reykjavík: Arctic Trucks, Everest, Hlað, Intersport, RSH, Útilíf, Vesturröst · Vestmannaeyjar: Geisli · Fríhöfnin

FISKISLÓÐ 16 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000 | www.rs.is

fremstir fyrir bragðið



# Geri aðrir betur!

SS grillkjötið er nú komið í nýjar og þægilegri umbúðir.



Gjörið svo vel!



## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Landsbankadeild karla:*

| ÍA–ÍBV | 2–0 |
|---|---|

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 8 | 8 | 0 | 0 | 23–4 | 24 |
| **VALUR** | **8** | **6** | **0** | **2** | **18–5** | **18** |
| KEFLAVÍK | 8 | 4 | 2 | 2 | 15–18 | 14 |
| **FYLKIR** | **8** | **3** | **2** | **3** | **14–14** | **11** |
| KR | 8 | 3 | 1 | 4 | 8–11 | 10 |
| **ÍA** | **8** | **3** | **1** | **4** | **7–11** | **10** |
| FRAM | 8 | 2 | 2 | 4 | 9–9 | 8 |
| **GRINDAVÍK** | **8** | **2** | **2** | **4** | **9–15** | **8** |
| ÍBV | 8 | 2 | 0 | 6 | 6–18 | 6 |
| **ÞRÓTTUR** | **8** | **1** | **2** | **5** | **11–15** | **5** |

*Álfukeppnin:*

BRASILÍA–ARGENTÍNA 4-1
1–0 Adriano (11.), 2–0 Kaká (16.), 3–0 Ronaldinho (47.), 4–0 Adriano (63.), 4–1 Aimar (65.)

ÞÝSKALAND–MEXÍKÓ 4–3 (3–3)
1–0 Podolski (37.), 1–1 Fonseca (40.), 2–1 Schweinsteiger (41.), 2–2 Borgetti (58.), 3–2 Huth (81), 3–3 Borgetti (85.), 4–3 Ballack (96.).

*Norski bikarinn:*

BRANN–AALESUND 3–2
**Kristján Örn Sigurðsson** lék allan leikinn fyrir Brann en **Haraldur Guðmundsson** fór af velli á 83. mínútu hjá Aalesund.

STABÆK–FREDRIKSTAD 4–2
**Veigar Páll Gunnarsson** kom af bekknum á 69. mínútu hjá Stabæk.

*Sænska úrvalsdeildin:*

IFK GAUTABORG–HALMSTAD 4–0

Einar Örn Jónsson:

# Farinn til Spánar

**HANDBOLTI** Hornamaðurinn Einar Örn Jónsson er búinn að semja við spænska úrvalsdeildarfélagið Torrevieja en hann hefur síðustu ár leikið með Wallau Massenheim.

Þýska félagið fór sem kunnugt er á hausinn og því varð Einar að leita á önnur mið og úr varð að hann fór til Spánar.

# Litlaus en langþráður Skagasigur

**ÍA vann mikilvægan sigur gegn arfaslökum Eyjamönnum í döprum knattspyrnuleik á Akranesi. Sigurinn sendi Skagamenn í sjötta sæti Landsbankadeildarinnar.**

ÍA 2-0 ÍBV

Akranes áhorf: 712 Garðar Örn Hinriks. (6)

*1–0 Hafþór Ægir Vilhjálmsson (17.)*
*2–0 Andri Júlíusson (75.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 17–9 (6–0) |
| Varin skot | Bjarki 0 – Birkir 3 |
| Horn | 5–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–13 |
| Rangstöður | 2–7 |



BESTUR Á VELLINUM Hafþór Ægir Vilhjálmsson var mjög sprækur á vinstri kantinum í gær og skoraði gott mark. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

**FÓTBOLTI** Það var ljóst frá fyrstu mínútu að leikmenn ÍA ætluðu að selja sig dýrt gegn ÍBV í gærkvöldi og voru leikmenn liðsins afskaplega duglegir og agaðir allan leikinn.

Þeir voru verðlaunaðir með marki strax á 17. mínútu leiksins þar sem var að verki hinn ungi og bráðefnilegi Hafþór Ægir Vilhjálmsson. Þá skoraði hann með góðu skoti fyrir utan teig en þangað hrökk boltinn eftir að leikmenn ÍBV höfðu hreinsað hornspyrnu Dean Martin frá marki. Heimamenn héldu áfram að þjarma að marki ÍBV það sem eftir lifði leiks og bættu verðskuldað við marki stundarfjórðungi fyrir leikslok. Það gerði Andri Júlíusson, annar ungur leikmaður ÍA sem nýkominn var inn á sem varamaður, þegar hann lagði boltann framhjá Birki Kristinssyni í markinu eftir meistaralega sendingu Dean Martin.

Mörkin hefðu hæglega getað orðið fleiri hjá heimamönnum en þeir voru einstaklega óheppnir með skot sín í leiknum í gær.

Fótboltinn sem boðið var upp á í gær var í lágum gæðaflokki og augljóst að þarna eru á ferð tvö lið sem eiga í vandræðum í deildinni.

Þrátt fyrir að hafa verið nokkuð frá sínu besta voru Skagamenn mun markvissari í öllum sínum aðgerðum og hafa í eðlilegum degi skorað mun fleiri mörk. Þeirra sprækastur var markaskorarinn Hafþór og fór hann oft illa með varnarmenn ÍBV. Þá spilaði Pesic líklega sinn besta leik í sumar og Dean Martin var gríðarlega duglegur í stöðu fremsta miðjumannsins.

Lið ÍBV var, eins og svo oft áður á útivelli í sumar, heillum horfið lengst af og var það aðeins þegar boltinn fór í gegnum Atla Jóhannsson á vinstri kanti sem að eitthvað gerðist í sóknarleiknum. Er það hér með fullyrt að Atli er einn af hættulegustu upphafsmönnum skyndisókna sem til er á landinu.

Þegar horft er til þess að ÍBV lenti undir strax á 17. mínútu er með ólíkindum að sjá hversu aftarlega liðið spilaði það sem eftir lifði leiks.

Flestir leikmanna liðsins eru afar takmarkaðir knattspyrnumenn sem geta þó á góðum degi farið langt á baráttu og eljusemi, en þegar kemur að hugmyndaauðgi í sókninni er liði Eyjamanna stórlega ábótavant.

vignir@frettabladid.is

| ÍA 4–5–1 | | ÍBV 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Bjarki | 6 | Birkir | 7 |
| Guðjón | 6 | Bjarni Geir | 5 |
| Gunnlaugur | 6 | Páll | 5 |
| Reynir | 6 | Bjarni Hólm | 5 |
| Finnbogi | 4 | Adolf | 3 |
| **Hafþór** | **8*** | (55. Pétur | 5) |
| (90. Kristinn | –) | Atli | 7 |
| Pálmi | 5 | Heimir Snær | 4 |
| Martin | 7 | Jeffs | 5 |
| Pesic | 7 | Andri | 4 |
| (86. Sigurður | –) | Platt | 4 |
| Ellert | 3 | Steingrímur | 3 |
| (67. Andri | 7) | (70. Sam | 4) |
| Hjörtur Júlíus | 4 | | |

*MAÐUR LEIKSINS



SNILLINGAR Tveir af bestu knattspyrnumönnum heims, Robinho og Ronaldinho, kyssa hér Álfubikarinn í sameiningu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Úrslitaleikur Álfukeppninnar fór fram í gærkvöldi:

# Stórsigur Brasilíu á Argentínu

**FÓTBOLTI** Brasilía vann sannfærandi sigur á Argentínu í úrslitum Álfukeppninnar í gær. Síðast þegar liðin mættust fóru Argentínumenn illa með Brassana en taflið snerist algjörlega við í gær og það var aðeins eitt lið á vellinum allan leikinn.

Framherjinn stórkostlegi, Adriano, skoraði í tvígang og tryggði sér um leið markakóngstitil keppninnar. Ronaldinho og Kaká bættu við hvor sínu markinu og Aimar klóraði að lokum í bakkann. Litlu mátti muna að Brasilía bætti við mörkum en Argentína slapp með skrekkinn.

Þetta var 34. sigur Brasilíu á Argentínu í opinberum landsleik en alls hafa þjóðirnar mæst 89 sinnum frá árinu 1914. Argentína hefur sigrað 33 leiki þjóðanna þannig að það má vart á milli sjá hvor þjóðin er stærri og sterkari knattspyrnuþjóð.

Í leiknum um þriðja sætið í keppninni bar Þýskaland sigurorð af Mexíkó, 4–3, í framlengdum leik. Það var Michael Ballack sem skoraði sigurmark Þjóðverja í framlengingunni með skoti beint úr aukaspyrnu en flest mörk leiksins voru ákaflega falleg.

- hbg






# STUÐ MILLI STRÍÐA : Roger, ég elska þig!

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR** RIFJAR UPP TÖFFARA UNGLINGSÁRANNA


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Það skal viðurkennt. Simon Le Bon var aldrei minn maður. Það var eitthvað við hann sem mér þótti ekki nógu gott, að minnsta kosti ekki fyrir mig. Sem mikill Duranisti átti ég mér þó minn mann. Nú er hann kominn til landsins. Heldur tónleika í kvöld og ég kemst ekki til þess að segja honum að ég hafi alltaf elskað hann. Jafnvel þótt hann hafi alltaf verið pínu lúðalegur. Jafnvel þó svo hann hafi verið náunginn sem fyrst gekk úr skaftinu og var því upphafið af upplausn hljómsveitarinnar. Jafnvel þótt hann hafi kosið sveitalíf með eiginkonunni fram fyrir glamúrinn, eða kannski þess vegna, þó aldrei hafi verið hægt að saka mig um mikla sveitarómantík.

Feimni dökkhærði strákurinn á bak við trommurnar, var minn maður. Roger Taylor – úhhh. Fékk mig til að kikna í hnjánum á mínum unglingsárum og þá hefði ég allt gert til þess að komast í námunda við hann. Nú nenni ég ekki að reyna að hafa fyrir því að skipta um vaktir til að komast á hljómleikana. Mun bara sitja í mínum stól og skelli svo bara Duran diskunum í tækið þegar heim kemur. Syng með fullum hálsi; „ Some people call it a one night stand, but we can call it paradise.“ Svona textar eru enn skrifaðir, en ekki af jafnmiklum töffurum og Duraninu.

Þeir voru þarna fleiri í bandinu en Simon og Roger. Nick Rhodes, á hljómborðinu, sannarlega lífgaði upp á allar umræður um hljómsveitina. En hans nærvera var alltaf aðeins of mikil til að vera „sætasti strákurinn.“ John Taylor var alltof mikill töffari til að vera mín týpa, og ekki skánaði það eftir að hann flutti til Bandaríkjanna til að búa til kvikmyndatónlist. Þá varð hann svona Kaliforníutöffari, sem bara gerir ekkert fyrir mig. Andy Taylor var svona varaskeifa. Ef ég gæti ekki gifst Roger Taylor, þá kæmi Andy alveg til greina. Nú er eiginlega alveg útséð með að ég giftist hvorugum. Þess vegna er ég ekki alveg að missa mig, þó töffarar unglingsára minna séu loksins komnir til Íslands.

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott





**SPRINGSTEEN OG BONO** Bruce Springsteen er enginn venjulegur rokkari heldur allt að því lifandi goðsögn. Hér er hann ásamt söngvara U2 í New York nýverið.

Starfsfólk IGS: Fengu óvænta tónleika

# Springsteen spilaði og söng á Íslandi

Starfsfólk IGS á Keflavíkurflugvelli sem var á næturvakt í fyrrinótt fékk heldur betur óvæntan næturgest þegar sjálfur Bruce Springsteen mætti á svæðið í einkaþotu sinni. Flugvél hans millilenti hér á landi þar sem hún var sennilega að koma frá Berlín þar sem Bruce spilaði 28. júní en kappinn hefur verið á tónleikaferðalagi um Evrópu í júnímánuði. Tónleikaferðin er nokkuð óvenjuleg þar sem hún er órafmögnuð en Springsteen er að fylgja eftir plötu sinni Devils & Dust

Ekki voru neinir stjörnustælar í Bruce Springsteen heldur rabbaði hann við starfsfólkið um heima og geima. Springsteen brá sér síðan frá og vinur hans spurði starfsfólkið hvort það vildi ekki hlusta á goðið. Ekki stóð á svarinu enda í hópnum miklir Springsteen aðdáendur. Hann tók ein sex lög fyrir starfsmennina í lounge-herberginu, þeirra á meðal Down by the River, sem er eitt þekktasta lag Springsteen. Hann spurði loks starfsfólkið hvað væri dæmigert fyrir Íslendinga að drekka og borða. Ekki stóða á svarinu: Hákarl og brennivín.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**BRUCE MEÐ GÍTARINN** Springsteen tók fram gítarinn óumbeðinn og spilaði ein sex lög fyrir starfsfólk IGS, þeirra á meðal Down by the River

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele W405 þvottavél
Verð áður kr. 128.428
Tilboð:
kr. 89.900

Miele T233C þurrkari
barkalaus
Verð áður kr. 115.400
Tilboð:
kr. 80.781

Miele T223 þurrkari
fyrir útblástur
Verð áður kr. 98.800
Tilboð
kr. 69.160

Miele



Miele S371 Tango Plus ryksuga
með 1600W mótór
Verð áður kr. 21.300
Tilboð:
kr. 14.910

Miele þvottavélar, þurrkarar og ryksugur á einstöku tilboðsverði

30% afsláttur

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

Miele Tango ryksugur, Miele W405 þvottavélar ásamt Miele T233C og MieleT223 þurrkurum fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði.

GEISLI
Flötum 29, Vestmannaeyjum

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

vilborga@centrum.is

EIRVÍK
– hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

HLUSTAÐU ...
... BÁÐUM MEGIN
- það gæti verið meira í pakkanum!




HOMEBLEST
GOTT...
...BÁÐUM MEGIN!

! *Öll þriðjudagskvöld í sumar eru tónleikar á Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og bera tónleikarnir yfirskriftina Sumartónleikar í Sigurjónssafni. Næstkomandi þriðjudagskvöld mun Tríó Trix, sem skipað er þeim Sigríði Bjarneyju Baldvinsdóttur fiðluleikara, Vigdísi Másdóttur víóluleikara og Helgu Björgu Ágústsdóttur sellóleikara, leika verk eftir Ernö Dohnányi og Max Reger og hefjast tónleikarnir klukkan 20:30. Dagskrá tónleikaraðarinnar er hægt að nálgast á netsíðunni www.lso.is/tonl-i.htm.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Íslenskar bækur á þýska metsölulistanum*

Síðustu tvær vikurnar hafa tvær íslenskar bækur verið á þýska metsölulistanum yfir skáldsögur í kiljuformi. Bók Arnaldar Indriðasonar, Betty, fór beint í 15. sæti þýska metsölulistans og bók Viktors Arnar Ingólfssonar, Flateyjargáta, fór beint í 42. sætið. Metsölulistinn hefur nú verið uppfærður fyrir vikuna 8. júlí og og er bók Arnaldar komin í 7. sæti listans og bók Viktors í 27.

„Þetta kemur mjög á óvart því ég veit ekki til þess að unnið hafi verið eitthvað sérstaklega mikið kynningarstarf í Þýskalandi og bókin kom bara út í síðustu viku," segir Viktor Arnar Ingólfsson höfundur Flateyjargátu. „Þetta er sá listi sem allir horfa á í kiljunum og þeir hjá Eddu segja mér að ekki hafi gerst áður að tvær íslenskar bækur hafi verið á sama tíma á svo stórum lista í jafn stóru landi og Þýskalandi," segir Viktor en þýska þýðingin á bók hans er sú fyrsta sem gefin hefur verið út eftir hann á erlendu tungumáli.

Auk þessara tveggja bóka er bók Arnaldar Napóleónsskjölin í fimmtugasta sæti listans. Hægt er að skoða listann á netslóðinni http://harenberg.de.synkron.corpex-net.de/sw1300.asp.



**VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON** Þýsk þýðing á bók hans Flateyjargáta fór beint inn í 42. sæti þýska metsölulistans yfir skáldsögur í kiljuformi í síðustu viku. Bók Arnaldar Indriðasonar fór einnig beint inn í 15. sæti sæti sama lista.

## EKKI MISSA AF...



...brúðusýningu **Rúnu Gísladóttur** á **Bókasafni Seltjarnarness** sem verður opin til 10 júlí.

...tónleikum Brasilíukvintetts **Ife Tolentino** og **Óskars Guðjónssonar** sem leikur í **Iðnó** á föstudagskvöld klukkan 21:30.

...tónleikum Megasar og Súkkat **Megasukk** á **Grand Rokk** á laugardagskvöldið klukkan 23:00.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

27 28 29 **30** 1 2 3

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

- 21.30 **Blúskompaní Magnúsar Eiríkssonar** spilar Í Ketilshúsinu á Akureyri á Heitum fimmtudegi.
- 22.00 Hljómsveitin **Malus** spilar á **Pravda Bar** fimmtudaginn 30. júní. Aðgangur ókeypis.
- 22.00 Hljómsveitin **Deep Jimi and The Zep Cream** leikur á **Grandrokk**.

### ÚTIVIST

- 20.00 **Kvöldgöngur frá Kvosinni** Útilistaverk - augljós og falin, sýnileg og illsýnileg útlistaverk í Kvosinni skoðuð. Lagt upp frá gamla Geysishúsinu Aðalstræti 2, Vesturgötumegin.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

### GERÐUBERG

Menningarmiðstöðin Gerðuberg verður lokuð vegna sumarleyfa starfsfólks frá 1. júlí - 15. ágúst. Sýningin Stefnumót við safnara II og sýning Lóu Guðjónsdóttur opna aftur eftir sumarfrí og standa til 11. september.

www.gerduberg.is

# „Að orða hugsun sína vel er það sem skiptir máli"

**Páll Skúlason hefur síðastliðin 15 ár gefið út málgagn sitt Skjöld þar sem hann birtir ýmsan þjóðlegan fróðleik sem hann hefur áhyggjur af að sé að falla í gleymsku með árunum. Hann ætlar að halda útgáfustarfinu áfram meðan hann lifir.**

Lögfræðingurinn Páll Skúlason hefur um 15 ára skeið gefið út blaðið Skjöld þar sem hann skrifar greinar um ýmis hugðarefni sín svo sem bókmenntir, sögu og þjóðlegan fróðleik en áður hafði hann gefið út blöð sem báru önnur nöfn. Í vikunni bættist við áttahundruðasti áskrifandi Skjaldar og er Páll afar stoltur af því.

„Hugmyndin hjá mér er að skrifa skemmtilegar fræðigreinar fyrir almenning því mörg rit sem gefin eru út hér er á landi eru einungis ætluð fyrir fræðimenn en ég vil skrifa greinar sem allir geta skilið. Tilgangurinn er eiginlega tvíþættur, að halda til haga ýmsum fróðleik sem annars hefði fallið í gleymsku og eins að veita mönnum ákveðna skemmtun. Það er ástríðan og sköpunargáfan sem heldur mér gangandi í þessari útgáfustarfsemi þó oft sé þetta erfitt fjárhagslega. Ef ég hef einhverja lífsskoðun þá byggist þessi lífsskoðun á menningararfi okkar Íslendinga. Ég er alinn upp við þennan menningarf sem er mér svo kær og ég held að ef við eyðileggjum hann þá deyi eitthvað í þjóðinni," segir Páll og bætir því við að Skjöldur sé ætlaður öllu venjulegu fólki sem hefur áhuga á þessum menningararfi þjóðarinnar.



SKJÖLDUR

51

**SKJÖLDUR** Forsíða nýjasta tölublaðs Skjaldar sem er það 51. í röðinni en sex tölublöð koma út á ári. Myndin er eftir Harald Guðbergsson og er myndefnið tekið úr Þrymskviðu. Í tölublaðinu er meðal annars að finna viðtal Páls við Davíð Erlingsson bónda og fræðimann á Ströndum sem heitir Um gys að fornu og nýju, auk umfjallana um Eddukvæði, legsteinana í Bræðratungukirkjugarði og brota úr endurminningum Þuríðar Kvaran.



**PÁLL SKÚLASON** Lögfræðingurinn og ritstjórinn Páll Skúlason á skrifstofunni sinni í Grafarholtinu þar sem Skjöldur verður til. Páll hefur að undanförnu verið að safna ljóðum og kvæðum sem íslensk skáld hafa ort á dönsku og er það vegna hugdettu Haraldar heitins Blöndal sem lést á síðasta ári. Stefnt er að því að úrval þessara ljóða komi út innan árs.

„Þegar ég var bókavörður hjá Birni Sigúfssyni þá sagði hann við mig: Páll Skúlason, þú verður alltaf að skrifa þannig að öll alþýða þjóðarinnar geti skilið þig, en svo fór ég að skrifa lögfræði og enginn gat skilið mig. Þá hugsaði ég með mér hvað ég gæti gert og þá datt mér hug að skrifa fagurfræði til að fá léttari stíl og svo þegar var búinn að því þá fannst mér að ég yrði að fara að gefa út blað þar sem ég skrifaði greinar fyrir fólk með svipuð áhugamál og ég," segir Páll.

„Mér finnst vanta þennan þjóðlega kjarna í íslensk dagblöð í dag sem var í Lesbókinni og meira að segja í Þjóðviljanum gamla, þar voru geysilega góðir blaðamenn eins og Guðjón Friðriksson, og svo voru alltaf einhverjir karlar þarna eins og Flosi Ólafsson sem gerðu það að verkum að það var alltaf gaman að fletta Þjóðviljanum," segir Páll og er ómyrkur máli í garð tíðarandans í samfélaginu sem hann segir ganga út á svik og pretti því allir virðist vera að svíkja alla alltaf hreint. „Það á að byggja allt þjóðfélagið upp á heiðarleika, þú sérð það sjálfur að svo er því ekki farið um okkar samfélag í dag," segir Páll.

**Eftirfarandi textabrot er úr greininni Voru Eddukvæði ort til þess að líkna sjúkum? eftir Pál Skúlason sem birtist í 51. Tölublaði Skjaldar:**

**„En Jón Steffensen taldi að það hefðu ekki aðeins verið galdraþulur sem menn kváðu yfir sjúkum. Eddukvæðin mörg hver eru frásagnir, og sum þeirra all dramatísk, og vel til þess fallin að dreifa huganum þegar sársauki og sjúkdómar voru yfirþyrmandi. Kvæðin hafa verið kveðin yfir sjúkum til þess að lina þjáningar þeirra og gegndu því svipuðu hlutverki og deyfilyf eða svefnlyf."**

„Hugsunin er mikilvægust, það má aldrei skrifa hugsunarlaust heldur þarf að hugsa allt í þaula áður en maður skrifar, stundum þarf maður að hugsa það sem maður vill segja í marga daga áður en það er skrifað. Að orða hugsun sína vel og skýrt það er það sem skiptir máli, það er göfugt," segir Páll.

Páll hefur gaman að því að yrkja og kann mikið af vísum eftir aðra og sjálfan sig sem hann fer gjarnan með. Eftirfarandi vísu samdi hann á servíettu á bar í Kaupmannahöfn árið 1980, stuttu áður en hann trúlofaðist eiginkonu sinni Elísabetu Guttormsdóttur. „Þegar núverandi konan mín heyrði vísuna sagði hún: Ortir þú þetta Palli minn, og svo kyssti hún mig á kinnina og við trúlofuðum okkur skömmu síðar," segir Páll.

En hvað lífið er mér gott  
og allir hlutir.  
Glatt er nú í geði mínu  
geymdu mig í hjarta þínu.

Þeir sem vilja gerast áskrifendur að Skildi geta hringt í síma 5520868 og 5628542.








BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU

e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu

Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14




Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 14-18 mánudaga - laugardaga 12-18 sunnudaga Lokað 2. og 3. júlí.

# Barnabækur seldar til Litháen

Samið hefur verið við litháíska forlagið Zöru um útgáfu á þremur íslenskum barnabókum.

Bækurnar eru verðlaunabækurnar Sagan af bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnason með myndlýsingum Áslaugar Jónsdóttur, Jón Oddur og Jón Bjarni eftir Guðrúnu Helgadóttur og Engill í vesturbænum eftir Kristínu Steinsdóttur með myndlýsingum Höllu Sólveigar Þorgeirsdóttur. Bækurnar eru allar gefnar út hjá Eddu útgáfu. ■




**BLÁI HNÖTTURINN** Verðlaunabók Andra Snæs Magnasonar er ein af bókunum þremur sem seldar hafa verið til bókaforlagsins Zöru í Litháen.

# Þjóðlagahátíðin á Siglufirði

Dagana 6. – 10. júlí verður Þjóðlagahátíðin á Siglufirði haldin í sjötta sinn. Hátíðin er handhafi Eyrarrósarinnar svo nefndu, en hún var veitt snemma á þessu ári sem viðurkenning fyrir menningarstarf á landsbyggðinni. Að þessu sinni er hátíðin haldin undir merkjum sagna og ævintýra.

„Við höfum valið okkur ákveðið leiðarstef undanfarnar hátíðir og nú varð fyrir valinu að tengja hátíðina sögnum og ævintýrum. Hátíðin hefst á endurreisnartónlist frá Ítalíu sem flutt verður af hljómsveitinni Ensemble Unicorn og tveir leikarar lesa upp úr Tídægru Bocaccios milli laga. Svo höfum við norska músík og frásagnir frá Ögðum og þar erum við bæði með músík og frásagnir og síðast en ekki síst verðum við með Malarastúlkuna fögru eftir Schubert þar sem Hlöðver Sigurðsson tenór frá Siglufirði syngur," segir Gunnsteinn Ólafsson, listrænn stjórnandi Þjóðlagahátíðarinnar.

Fjöldinn allur af öðrum listamönnum verður á hátíðinni auk þess sem boðið verður upp á námskeið í norskum og tyrkneskum söngvum og dönsum, og haldnir verða fyrirlestrar, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins leikur undir stjórn Roberts Gutter frá Bandaríkjunum auk margra fleiri atriða og uppákoma. ■



**ENSEMBLE UNICORN** Hljómsveitin Ensemble Unicorn frá Austurríki leikur á Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði sem haldin verður dagana 6. til 10. júní.

## NÝJAR BÆKUR




Hjá Máli og menningu er komin út bókin **Móðir í hjáverkum** eftir Alison Pearson í þýðingu Oddnýjar Sturludóttur. Bókin fjallar um Kate Reddy sem er framakona í fjármálaheiminum og á í mesta basli með að sameina vinnu og einkalíf. Bókin er 412 blaðsíður.




Út er komin íslensk þýðing á bók Nicholas Walter **Um Anarkisma**. Þýðandi bókarinnar er Sigurður Harðarson. Hægt er að nálgast bókina í búðunum Ósóma, Ranimosk, Snarrót, Dogma, og 12 tónum eða senda tölvupóst á punknursester@gmail.com.Bókin er 81 blaðsíða.




Út er komin ný spennusaga eftir Henning Mankell sem heitir **Fimmta konan** í þýðingu Vigfúsar Geirdal. Henning Mankell er einn vinsælasti rithöfundur heims um þessar mundir sem hlotið hefur margvísleg verðlaun fyrir bækur sínar. Bókin er 570 blaðsíður.



Seltjarnarnesbær gaf út yfirlitsbók um listaverk bæjarins sem ber nafnið **Myndlykill**. Í bókinni fjallar dr. Ásdís Ólafsdóttir um listaverk í eigu Seltjarnarnesbæjar og er textinn byggður á pistlum sem birst hafa á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, www.seltjarnarnes.is. Fjallað er um 30 listaverk í bókinni.



Hjá Máli og menningu er komin út bókin **Ástargaldrar**. Í bókinni er birt úrval af ástargöldrum víða að úr Evrópu og nokkrar skemmtilegar sögur af tilburðum manna við ástargaldra. Rakel Pálsdóttir og Jón Jónsson tóku saman. Bókin er 113 blaðsíður að lengd.



Út er komin hjá Almenna bókafélaginu **Utan Alafaraleiða** eftir Jón G. Snæland. Í bókinni eru aðgengilegar og hagnýtar upplýsingar um 60 jeppaleiðir, sem fara má sumar og vetur, þar sem sérstök áhersla er lögð á leiðir í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Bókin er 264 blaðsíður.


# Sumarsprengja!

...næstu fjóra daga 30. júní - 3. júlí

50% afsláttur



**Xtech járnasett**
Vandað járnasett með alvöru sumarafslætti meðan birgðir endast

Verð: 9.900,-
Verð áður: 19.800,-

30% afsláttur



**Royal Kids barnagolfsett**
Það má ekki gleyma litlu golfurunum. Eigum golfsett fyrir 3-5, 6-8 og 9-12 ára

Verð frá 5.530,-

50% afsláttur



**Royal Club burðarpoki**
Þægilegur burðarpoki með tvöfaldri axlaról og aukahólfum

Verð: 3.900,-
Verð áður: 7.800,-

## Fleiri sprengjur!

- Scanna Titanium golfkúlur 15 í pk. með 30% afsl. - tilboð 1.596.-
- Boltaveiðarar með 40% afsl. - verð frá 948.-
- Valdir golfskór með 50% afsl.
- Fatnaður í úrvali - allt að 50% afsl.

...og svo miklu miklu meira

Hole in One GOLFVERSLUN

Opnunartími:
Mán - fös..................10 - 19
Laugardaga...............10 - 16
Sunnudaga...............12 - 16

kaldaljós 2005

Hole in One • Bæjarlind 1-3 • 201 Kópavogur • Sími: 577 4040 • www.holeinone.is

## SUNRISE: Frá vínhúsi ársins í Nýja heiminum




Grillilmurinn, einn af helstu vorboðum Íslands, syngur um góðan mat með góðum vinum. Þegar hópur fólks er samankominn henta Sunrise-vín einstaklega vel, enda eitt vinsælasta rauðvín á Íslandi og mest selda flöskuvín landsins. Með kjötinu er Sunrise Merlot gott val, enda leikur það sér vel við íslenska lambið, en er einnig afbragð með grís og kjúklingi. Ef fiskur verður á grillinu mun Sunrise Chardonnay ekki valda vonbrigðum, enda hvítvín með góðri fyllingu og í mjög góðu jafnvægi. Sunrise-vínin eru úr vínhúsinu Concha y Toro frá Chile, sem var valið vínhús ársins í Nýja heiminum árið 2004.

**Verð í Vínbúðum 990 kr.**

## TERRALIS: Eitt ódýrasta kassavínið




Trivento er annar stærsti vínútflytjandi frá Argentínu og hefur lengi verið mest selda argentínska vínið í Vínbúðunum, þar sem frábær gæði hafa ávallt mætt mjög hagstæðu verði. Terralis, kassavínið frá Trivento, er þar engin undantekning. Vínið er blanda af tveimur þrúgum sem reynast mjög vel í Argentínu, shiraz og malbec. Shiraz er á þessum slóðum berjarík en frekar mild og létt krydduð, malbec gefur góða fyllingu og er eðalþrúgan þar í landi. Úr þessum tegundum verður dökkt vín með miklu af sólríkum ávöxtum og léttri stemmu. Vegna þessa er þetta frábært vín með mat, sérstaklega í útilegu þegar það er sjálfkrafa aðeins kælt.

Ekki spillir fyrir að þetta ódýra vín er á kynningarverði á sumardögum í Vínbúðum og kostar því aðeins 2.930 kr. Geri aðrir betur!

**Kynningarverð á sumardögum í Vínbúðum 2.930 kr.**





# gljáðar
gulrætur með rauðlauk og engifer

500 g gulrætur
1-2 rauðlaukar
2 msk. olía
2 tsk. hlynsíróp eða sykur
1 tsk. engifer, fínsaxaður eða rifinn, nýmalaður
pipar
salt
200 ml appelsínulímonaði
nokkrar greinar af fersku timjani (má sleppa)

Ofninn hitaður í 200°C. Gulræturnar skafnar eða flysjaðar og toppurinn skorinn af. Rauðlaukurinn flysjaður og skorinn í geira. Olíu, sírópi, engifer, pipar og salti blandað saman í eldföstu móti og gulrótunum og lauknum velt upp úr leginum. Sett í ofninn, appelsíninu hellt í mótið og bakað í 30-40 mínútur, eða þar til gulræturnar eru meyrar (best að stinga í þær með hnífsoddi). Bætið við meira appelsíni eða vatni eftir þörfum, svo að gulræturnar brenni ekki. Þær eru mjög góðar með alls konar steiktu og grilluðu kjöti.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS GRA 28565 06/2005

Fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur á www.islenskt.is




FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**BRYNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR** Hefur góða tilfinningu fyrir matargerð og segist elda mikið úr heilu korni og baunum.

# Safaríkir sjávarréttir

## Brynhildur Sigurðardóttir spilar af fingrum fram í matargerð.

Brynhildur Sigurðardóttir heimspekinemi nefndi tvær sumarlegar og safaríkar uppskriftir sem sínar uppáhalds. Hún segir þær passa mjög vel saman þó þær standi fyllilega undir sér hvor fyrir sig. „Ég nota sjaldan uppskriftir þegar ég elda og fer bara eftir innsæinu, en vinur minn sem er listakokkur eldaði þetta fyrir mig síðasta sumar og þessar uppskriftir hafa verið í uppáhaldi síðan. Núna elda ég þetta alltaf þegar sólin skín,“ segir Brynhildur og hlær.

Hún kann sitthvað fyrir sér í eldamennsku, byrjaði að elda aðeins tíu ára gömul og hefur komið nálægt matargerð í sinni vinnu. Henni finnst mikilvægast að eiga gott salt, hvítlauk, lauk og vandaða ólífuolíu í matargerð. „Mér finnst skemmtilegast að elda grænmetisrétti og spila þá bara af fingrum fram þó ég fái innblástur af uppskriftum.“

### HEILSTEIKT BLEIKJA
**með límónu, graslauk og villisveppum**

**Bleikja**
**2 límónulauf**
**1 msk graslaukur**
**2 msk kantarellusveppir**
**2 dl hvítvín**
**1 dl rjómi**

Skafið allt slím af fisknum og þerrið vel. Stráið salti yfir fiskinn og látið standa í 10-15 mín. Penslið hann síðan með ólífuolíu og steikið í vel heitu smjöri í 3-5 mín. á hvorri hlið, allt eftir stærð fisksins. Saxið límónulaufin, graslaukinn og sveppina. Sjóðið upp límónulaufið í þurru hvítvíni og setjið því næst sveppina útí og svo rjómann. Kryddið með salti og pipar. Sjóðið niður uns hæfilegri þykkt er náð. Stráið graslauk út í að lokum og smyrjið síðan blöndunni inn í fiskinn.

### RÆKJUSÚPA SUMARSINS 2003

**500 g rækjur**
**2 msk tómatpúrre**
**3 hrærðar eggjarauður**
**3 dl þeyttur rjómi**
**2 msk. koníak**
**1 dl þurrt hvítvín**
**1 tsk. karrý**
**salt og pipar eftir smekk**
**2 laukar**
**2 gulrætur**
**1/2 sellerírót**
**1 búnt steinselja**
**2 hvítlauksrif**
**1tsk. karrý**

Skelflettið rækjurnar, hreinsið skelina vel og kreistið ullabjakkið úr hausnum undir kaldri vatnsbunu. Brúnið laukinn, gulræturnar, sellerírótina, steinseljuna og hvítlaukinn í olíu eða smjöri og bætið við einni teskeið af karríi – allt á að vera gróft skorið. Þegar grænmetið hefur brúnast vel, hellið þá tveimur lítrum af köldu vatni yfir og kryddið með salti og pipar. Látið sjóða í 40 mín. Því næst er allt saman sigtað í gegnum sigti sem fóðrað er með viskastykki eða bleiuklút. Hitið pottinn og brennið tómatpúrrið í honum. Hellið soðinu út í. Bætið við hvítvíninu. Takið pottinn af hitanum og hrærið út í koníaki, eggjarauðu og rjóma. Saxið kóríander og stráið út á diskinn þegar súpan er borin fram. Ristið rækjurnar í brúnuðu hvítlaukssmjöri á pönnu. Látið nokkrar í hvern súpudisk.

MATGÆÐINGURINN **EDDA BJÖRGVINSDÓTTIR LEIKKONA**

# *Píndi í sig karrýsósu og rúgbrauðssúpu*



**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Morgunsjeiksins míns. Hann samanstendur af sojamjólk, öllum ávöxtum og djús sem ég á og stundum bæti ég hveitiklíði og hörfræjum við.

**Fyrsta minningin um mat?** Að hafa þurft að pína ofan í mig karrýsósu og rúgbrauðssúpu. Ég er alin upp á heimavistarskóla þar sem faðir minn var skólastjóri og því þurfti ég alltaf að sýna gott fodæmi og borða allt.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Pekingöndin á Mayflower-veitingastaðnum í London. Ég myndi fljúga út eingöngu fyrir hana og koma aftur um kvöldið – ef einhver splæsti.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Ég borða helst ekki svínakjöt nema bara hamborgarhrygginn á jólunum.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum?** Já, ristuð sesamfræ. Ég get breytt vondum mat sem ég elda, eins og baunaréttum, í prýðilega góðan með því að setja þau út á.

**Hvað borðar þú þegar þú þarft að láta þér líða betur?** Ef ég er á leiðinni í djúpt þunglyndi þá kaupi ég fjórar kókosbollur og treð þeim í andlitið á mér. Svo líður mér auðvitað enn verr á eftir.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Djús og ávexti.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt myndir þú taka með þér?** Á eyjunni væri ekkert rafmagn til að gera morgunhristinginn svo ég myndi bara reyna að bjarga mér og finna ávexti og grænmeti. Svo myndi ég ná mér í söl úr sjónum og örugglega lifa lengi á því.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Þegar ég var mjög ung smakkaði ég snigla, froskalappir og kanínur og fannst það stórskrítið. Nú í seinni tíð er það undarlegasta samt krókódílakjöt og strútur.

# TURNING LEAF: Fjölbreytt vín á lækkuðu verði

Turning Leaf-vínin frá Gallo hafa verið vinsæl hérlendis, enda fjölbreytt og á hagstæðu verði. Nýverið var útliti vínlínunnar breytt eilítið og vínin jafnframt lækkuð í verði í Vínbúðum. Eitt vínana, Turning Leaf Zinfandel, er auk þess á sérstöku kynningarverði á sumardögum í Vínbúðum.

Gallo er öflugasta vínfyrirtæki í veröldinni og hefur unnið til fjölda verðlauna á liðnum árum. Til dæmis hefur Gallo unnið titilinn besti vínframleiðandinn 3 ár í röð á VinItaly-vínsýningunni í Verona á Ítalíu.

Gallo var stofnað í Kaliforníu af bræðrum af ítölskum uppruna, Ernest og Julio að nafni, og varð á nokkrum áratugum að öflugasta vínfyrirtæki veraldar. Enn í dag er Gallo rekið sem fjölskyldufyrirtæki. Gallo hefur verið í stöðugri þróun og á síðustu árum hefur verið lögð gífurleg vinna og fjármagn í að gera fyrirtækið að tákni gæðaframleiðslu. Ekki síst hefur sú fjárfesting átt sér stað í Sonoma-dalnum, þar sem ekkert hefur verið sparað til að vín Gallo skipi sér í fremstu röð.



**Turning Leaf Zinfandel:**

Zinfandel er án efa þekktasta afurðin í Turning Leaf-línunni hérlendis, þéttur ávöxtur og mikil kryddflóra, svartur pipar, súkkulaði og kaffi einkenna oft stærstu zinfandel-vínin. Er afbragð með lambi og er eitt af fáum vínum sem ráða við reykt kjöt, er til að mynda mjög gott með svínakjöti.

**Kynningarverð á sumardögum í Vínbúðum 1.090 kr.**



**Turning Leaf Chardonnay:**

Suðrænir ávextir í bland við nýja mjúka eikartóna. Fellur vel að flestum fiski, þá sér í lagi feitara fiskmeti, til dæmis reyktum og gröfnum laxi. Einnig ljósum kjötréttum á borð við kalkún og kjúkling, sem og svínakjöti.

**Verð í Vínbúðum 1.190 kr.**

**Turning Leaf Cabernet Sauvignon:**

Vín unnin úr cabernet sauvignon eru þegar best lætur kraftmikil og öflug, sólber og skógarber í bland við nýja mjúka eik, og það einkennir þetta einfalda en vel samstillta vín. Fellur vel að flestu kjötmeti, svo sem lambi, grís, kalkún og nauti.

**Verð í Vínbúðum 1.190 kr.**



## VEITINGASTAÐURINN

CAFE OLIVER LAUGAVEGI 20a, 101 REYKJAVÍK



**CAFE OLIVER** Staðurinn hefur náð gríðarlegum vinsældum á stuttum tíma, en hann var opnaður í maí á þessu ári.

## *Árla morguns fram á rauða nótt*

**Hvernig er stemningin?** Það er alþjóðleg stemning inni á Cafe Oliver sem er allt í senn; veitinga- og kaffihús, skemmtistaður og bar. Mjög fallegar innréttingar eru á staðnum sem allar eru glænýjar. Ekki skemmir svo fyrir að frábær útiaðstaða er á annarri hæð staðarins og hefur fólk haft á orði að það sé eins og að vera staddur í útlöndum að vera þar. Um helgar er spiluð lifandi jazz- og fönktónlist.

**Matseðillinn:** Matseðillinn er metnaðarfullur og veitingarnar á mjög góðu verði. Á morgnana, frá átta til hálftólf, er boðið upp á heilsusamlegan árdegisverð með öllu tilheyrandi. Svo er skipt yfir í hádegismatseðil með léttum réttum. Frá sex á kvöldin gildir svo kvöldmatseðillinn og þá er boðið upp á forrétti, aðalrétti og eftirrétti. Þrátt fyrir að vera með því sniði á kvöldin er fólki alltaf velkomið að setjast inn og fá sér drykk.

**Vinsælast:** Annars vegar er það smjörsteiktur skötuselur með beikoni, kartöfluteningum, strengjabaunum og beikonsoðsósu. Hins vegar er svo Mesquite reyk chili nauta rib eye með stir-fry grænmeti, bernaissósu og frönskum afar vinsælt. Í eftirrétt er svo meðal annars boðið upp á frábæra súkkulaðiköku sem er bökuð á staðnum.

**Réttur dagsins:** Á hverjum degi er boðið upp á rétti dagsins og fylgir súpa með þeim í hádeginu. Um helgar er svo þriggja rétta helgarmatseðill til viðbótar við þann matseðil sem fyrir er.




*„You know for what else the Bible asks for death as a punishment? For adultery, prostitution, homosexuality, trespass upon sacred grounds, profane in a sabbath and contempt to parents.“*

Nunnan Helen Prejean útskýrir fyrir fangaverði að ekki sé eingöngu krafist dauðarefsingar fyrir morð í kvikmyndinni Dead Man Walking. Susan Sarandon fór með hlutverk Helen sem fær það hlutverk að fá glæpamanninn Matthew Poncelet, leikinn af Sean Penn, til þess að iðrast fyrir gjörðir sínar. Sarandon uppskar Óskarsverðlaun fyrir leik sinn en myndin þykir sterk ádeila á dauðarefsinguna.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Næsti Orson Welles?

**Tim Robbins** sem leikur *Ogilvy* í *War of the Worlds* verður seint talinn venjulegur Hollywood-leikari sem baðar sig í sviðsljósinu. Honum finnst betra að láta verkin tala. **Robert Altman** sagði að hann hefði hæfileika til þess að verða næsti **Orson Welles**. Þeir eiga það sameiginlegt að vera góðir leikarar og ekki síðri leikstjórar.

**Tim Robbins** er alinn upp meðal leikara og tónlistarmanna sem höfðu sterkar stjórnmálaskoðanir. Þessi uppvöxtur mótaði feril **Robbins** en hann verður seint talinn skoðanalaus og er meðal annars svarinn andstæðingur **George W. Bush** og stríðsins í Írak.

**Robbins** er menntaður leikari frá **UCLA** og útskrifaðist þaðan með láði. Hann stofnaði leikhópinn **Actor's Gang** sem vakti snemma athygli fyrir frumleika og laðaði að leikara eins og **John Cusack**.

Það fór ekki mikið fyrir honum í sjónvarps – og kvikmyndaleik í upphafi en hann tók að sér smáhlutverk í b – myndum. Það var ekki fyrr en hann lék *Ebby „Nuke“ Laloosh* í myndinni *Bill Durham* að ferill hans á hvíta tjaldinu hófst á loft. Hann fékk síðan verulegt lof fyrir leik sinn í *Jacob's Ladder* og þegar honum hlotnuðust verðlaun **Cannes hátíðarinnar** fyrir leik sinn í **Robert Altman** myndinni *The Player* var ferill hans tryggður. Það væri síðan einfaldlega of langt mál að telja upp allar gæðamyndirnar sem **Tim Robbins** hefur leikið í á undanförnum áratugum en hann er einn virtasti leikari Hollywood. **Robbins** fékk sín fyrstu **Óskarsverðlaun** fyrir tveimur árum fyrir leik sinn sem **Dave Boyle** í **Mystic River**.



TIM ROBBINS

**Tim Robbins** er leikari sem getur brugðið sér í allra kvikinda líki án þess að þurfa að bæta á sig mörgum kílóum eða sitja lengi í förðunarstól. Hann getur verið góði og slæmi náunginn, einfeldningur og snillingur ásamt því að geta verið eitursvalur eins og *Ian Ray Raymond í High Fidelity*.

## EKKI MISSA AF...

... mögnuðum lokakafla Stjörnustríðsóperu George Lucas. Revenge of the Sith er orðin aðsóknarmesta mynd ársins á Íslandi og þegar hafa yfir 37.000 manns séð hana. Það ætti því varla að þurfa að minna á þessa mynd en nú er byrjað að auglýsa síðustu sýningar þannig að það eru síðustu forvöð fyrir eftirlegukindur að drífa sig. Svona myndir verður fólk að sjá í bíó.



## NÝJAR Í KVIKMYNDAHÚSUM

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



**War of the Worlds**
Internet Movie Database 6,7 / 10
Rottentomatoes.com 79% / Fresh
Metacritic.com 8,2 / 10



**Guess Who**
Internet Movie Database 5,0 / 10
Rottentomatoes.com 44% / Rotten
Metacritic.com 6,4 / 10

**The Upside of Anger**
Internet Movie Database 7,1 / 10
Rottentomatoes.com 73% / Fresh
Metacritic.com 6,2 / 10



**Are We There Yet?**
Internet Movie Database 3,7 / 10
Rottentomatoes.com 12% / Rotten
Metacritic.com 3,4

**Batman Begins**
Internet Movie Database 8,4 / 10
Rottentomatoes.com 83% / Fresh
Metacritic.com 8,7 / 10

# Rödd hvíta hákarlsins og E.T.

**Við leggjum oft ekki eyrun við þeirri tónlist sem við heyrum í kvikmyndahúsum. En ef tónlist John Williams hljómar þar er líklegt að okkur þyki hún ómissandi enda hefur hann samið stef fyrir hvíta hákarlinn í Jaws.**

„Hann er rödd Jaws, sál móðurskipsins í Close Encounters of Third Kind og hjartslátturinn í Raiders of the Lost Ark.“ Þetta á við ekki um Steven Spielberg, leikstjóra umræddra kvikmynda, heldur John Williams, manninn á bak við tónlistina. Hins vegar lét Spielberg sjálfur hafa þetta eftir sér. Spielberg bætti um betur þegar hann sagði Williams vera E.T. „Fyrir mína parta er E.T besta tónverk kvikmyndanna,“ sagði Spielberg.

John Williams hóf snemma afskipti af tónlist í sjónvarpi. Hann samdi fyrir þætti Irwin Allen, Lost in Space, Time Tunnel og Land of Giants. Þegar gullöldin svokallaða í Hollywood hófst flutti Williams sig yfir í kvikmyndirnar. Honum var ekki strax leyft að semja heldur vann hann sem píanóleikari og útsetjari fyrir tónskáld á borð við Alfred Newman, Franz Waxman og Henry Mancini. Endurnýjuð kynni Irwin Allen og John Williams leiddu til þess að hann samdi tónlist við frægar stórslysamyndir á borð við The Towering Inferno. Þegar hér var komið sögu var Williams búinn að koma sér nokkuð vel fyrir og nafn hans orðið býsna þekkt.



**SVARTHÖFÐI** Sérhvert mannsbarn veit hvenær illmennið Svarthöfði er nærri.

Segja má að árið 1974 hafi verið mikið happaár fyrir tvo menn. Þá kynntust ungur leikstjóri, Steven Spielberg og tónskáldið Williams. Spielberg fékk Williams til þess að semja fyrir sig tónlistina við kvikmyndina Sugarland Express, fyrstu alvöru kvikmynd sína. Augljóslega hefur Spielberg verið mjög ánægður með tónlistina því ári seinna var komið að kvikmynd um hvítan hákarl, Jaws. Sagan segir að þegar Williams hafði leikið fyrir hann stef hákarlsins, þessar djúpu nótur á píanó, hafi Spielberg spurt hvort þetta væri eitthvert grín. Eins og flestir vita þá var það ekki raunin heldur telst þetta með bestu stefum kvikmyndanna.

Frá árinu 1975 má segja að Williams hafi samið flest þekkt stef kvikmyndanna. Hvert mannsbarn getur til að mynda raulað upphafsstef Star Wars og veit hvenær Svarthöfði er í grendinni. Allir hvetja Indiana Jones undir stefi Williams og Superman gæti varla flogið án lagsins síns.

Williams var snemma gagnrýndur fyrir að semja tónlist við myndir sem voru ævintýrlegar og ekki af þessum heimi. Sú gagnrýni telst heldur ómarkverð í dag þar sem hann hefur samið fyrir jafn ólíkar kvikmyndir og J.F.K og Home Alone.



**JOHN WILLIAMS** Afrekaskrá tónskáldsins er með ólíkindum og hefur hann hlotið fimm Óskarsverðlaun á ferli sínum.

John Williams hefur verið hálfgert einkennismerki fyrir kvikmyndir Steven Spielberg og semur meðal annars tónlistina fyrir nýjustu mynd hans, War of the Worlds. Eina myndin sem Spielberg leikstýrði og Williams samdi ekki tónlistina fyrir er Colour of Purple. ■

| HELSTU VERK JOHN WILLIAMS: |
|---|
| Jaws 1975 |
| Star Wars 1977 |
| Close Encounters of the Third Kind 1977 |
| Superman 1978 |
| Raiders of the Lost Ark 1981 |
| E.T 1982 |
| JFK 1991 |
| Schindler's List 1993 |
| Jurasic Park 1993 |








# Cage verður vítisengill

Það virðist ekkert lát ætla að verða á stórsókn myndasögupersóna á hvíta tjaldið og nú hefur sjálfur Nicholas Cage bæst í hóp þeirra sem fá tækifæri til þess að blása lífi í teiknaða ofurtöffara en hann stefnir að því að taka sviðið næsta sumar í hlutverki Johnny Blaze í Ghost Rider.

Cage er fyrir löngu búinn að leysa Arnold Schwarzenegger og Bruce Willis af sem hasarmyndahetja númer eitt og ef marka má fyrstu myndir úr Ghost Rider hefur hann sjálfsagt ekki verið jafn svalur síðan hann barðist í hvítum hlýrabol við morðóða flugræningja í Con Air árið 1997.

Marvel-hetjan Johnny Blaze er mótorhjólakappi sem selur djöflinum sálu sína til þess að bjarga ástvini en þegar samningurinn fer út í tóma vitleysu breytist hann í hefndarengilinn Ghost Rider sem þeysist í gegnum næturnar á mótorfáki sínum.

Hasarmyndaskutlan Eva Mendez leikur á móti Cage í Ghost Rider en framleiðendur myndarinnar telja sig ekki geta hafa fengið betri mann í aðalhlutverkið þar sem Cage er forfallinn myndasöguaðdáandi og hefur ekki farið leynt með aðdáun sína á Ghost Rider. ■



**DWIGHT** Fær andlit Clive Owens eftir að lýtalæknir púslar honum saman nær dauða en lífi í kjölfar þess að svikul ástkona hans kemur honum næstum fyrir kattarnef. Við fáum því að kynnast allt öðruvísi Dwight í næstu Sin City mynd.

# Framhaldssögur úr Syndabælinu

Kvikmyndaáhugafólk hefur ekki þurft að kvarta undan stórmyndaskorti þetta sumarið en það hefur verið skammt stórra högga á milli í kvikmyndahúsum undanfarið. Lætin byrjuðu fyrir alvöru með Revenge of the Sith og síðan komu skötuhjúin Angelina Jolie og Brad Pitt í hinni vinsælu Mr. and Mrs. Smith. Þá reis Batman upp frá dauðum í hinni frábæru Batman Begins og nú eru þeir mættir aftur kóngarnir Tom Cruise og Steven Spielberg í vísindaskáldskapnum War of the Worlds. Þrátt fyrir allar þessar kræsingar er rúsinan í pylsuendanum enn eftir en svalasta mynd sumarsins, Sin City, verður frumsýnd eftir viku.

Gagnrýnendur um allan heim eru á einu máli um að með Sin City hafi Robert Rodriguez gert kraftaverk með nákvæmri yfirfærslu harðsoðinna myndasagna Franks Millers yfir á hvíta tjaldið. Myndin hefur fengið frábærar viðtökur og Miller og Rodriguez eru þegar farnir að huga að framhaldsmyndunum sem verða að öllum líkindum í það minnsta tvær.

Þá skortir heldur ekki efniviðinn þar sem enn eru þrjár Sin City bækur ófilmaðar og Miller hefur það að auki fullan hug á að teikna fleiri Sin City-sögur til að fylgja eftir vinsældum myndarinnar.

„Ein vond mynd hefði eyðilagt sögurnar", segir Rodriguez. „Ég hefði aldrei getað snert þær framar en nú get ég haldið áfram og unnið meira með þessar persónur."

Rodriguez hefur þegar lýst því yfir að hann hyggist taka upp næstu tvær Sin City myndir í einum rikk í febrúar á næsta ári og hefur látið fylgja sögunni að næst snúi hann sér að bókinni A Dame to Kill For. Það þýðir að við fáum að sjá meira af Mickey Rourke í hlutverki hrottans Marv þar sem hann kemur við sögu í þessari bók sem er forleikurinn að þeim ævintýrum töffarans Dwight sem greint er frá í fyrstu myndinni.

Clive Owen leikur Dwight í Sin City en verður líklega fjarri góðu gamni í næstu mynd þar sem viðskiptum Dwights og kærustunnar hans, tálkvendisins Övu, lýkur með ósköpum og Dwight er svo lemstraður eftir hörmungarnar að lýtalæknir þarf að púsla andlitinu á honum saman og það er upp úr þeirri öskustó sem Clive Owen rís. Því má segja að Miller og Rodriguez fari svipaða leið og George Lucas í Star Wars, byrja í miðju kafi og snúa sér síðar að upphafinu. Þeir hafa það þó fram yfir Lucas að A Dame to Kill for er alveg jafn safarík og efnið sem boðið er upp á í sumar, svo nær útilokað er að sú mynd valdi aðdáendum sagnanna vonbrigðum.

thorarinn@frettabladid.is

Nú er tíminn fyrir Nivea!




Taska með vörum fylgir ef þú kaupir Nivea vörur.*

*Nú færðu flotta tösku með Nivea vörum í kaupbæti ef þú kaupir Nivea vörur fyrir 1.900 kr. eða meira. Gildir aðeins á meðan birgðir endast.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Kodak EasyShare C300
- 3,2 milljón pixla
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Kodak linsa
- 1,5" skjár
- Tekur video
- Auðveld í notkun
- Verð: 9.900 kr

1.980 kr. á mánuði*



SUMARTILBOÐ

Kodak EasyShare LS755
- 5 milljón pixla
- 3 x optískur og 5 x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- Frábær 2,5" skjár
- Lithium Ion rafhlaða
- Tengistöð fylgir
- 22 tökustillingar
- Verð: 34.900 kr
- Verð áður ~~39.900~~ kr

6.980 kr. á mánuði*



Kodak EasyShare LS743
- 4 milljón pixla
- 2,8x optískur og 3,6x stafrænn aðdráttur
- Schneider linsa
- 1,8" skjár
- Video með hljóði
- Lithium Ion rafhlaða og hleðslutæki
- Lítil og nett
- Verð: 24.900 kr

4.980 kr. á mánuði*




www.hanspetersen.is

Hans Petersen
Kodak Express

* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða



**SKÓGAR** Upplýsingar um útihátíðina á Skógum er hægt að nálgast á heimasíðunni **www.skogar.tk**

# Ást og ævintýri á Skógum

Hin árlega útihátíð á Skógum fer fram núna um helgina eins og endranær. „Mjög löng hefð er fyrir útilegu fyrstu helgina í júlí á vegum háskólanema, en verkfræðinemar hafa staðið fyrir þessu síðustu fjögur ár,“ segir Sigríður Vala Halldórsdóttir, verkfræðinemi og aðstandandi hátíðarinnar.

Gríðarlega góð stemning hefur verið í útilegunni undanfarin ár og margt í boði en fólk borgar vægt gjald inn á svæðið. „Við verðum með risagrill á laugardaginn þar sem allir fá hamborgara og pylsur með öllu tilheyrandi,“ segir Sigríður Vala. „Svo verða alls kyns skemmtiatriði þar á meðal brekkusöngur, plötusnúðar og íþróttakeppnir.“

Einn af vinsælustu viðburðum hátíðarinnar eru hinir svokölluðu Skógarleikar þar sem lið keppa í alls kyns þrautum eins og fjórlabbi og blautsápuhokkíi. „Þar er ekki keppt í hefðbundnu líkamlegu hreysti en verðlaunin eru vegleg,“ segir hún og brosir.

Skipulagnin hefur staðið yfir í rúman mánuð. „Það er margt sem þarf að huga að og björgunarsveitafólk verður með gæslu. Við fáum aðstöðu í félagsheimili staðarins og þar er góð salernisaðstaða svo enginn þarf að fara á útikamar.“

Ekki eru skipulagðar rútuferðir svo fólk mætir annað hvort á einkabílum eða fer með rútum frá BSÍ. Skipuleggjendur reikna með því að um það bil þrjúhundruð manns mæti í gleðina og eftirspurn eftir miðum er mikil. KB banki er aðalstyrktaraðilinn þetta árið og fær fólk afslátt ef það borgar með ISIC korti frá þeim.

Skógar eru mjög fallegur og rómantískur staður og ófá pörin sem hafa kynnst þar. „Þeir sem eru að leita sér að efnilegum maka með góða framtíðarmöguleika væru á réttum stað,“ segir Sigríður Vala og hlær. ■





# Orlando var feitur

Leikarinn og sjarmörinn Orlando Bloom hefur viðurkennt þá staðreynd að hann hafi ekki alltaf státað af svo glæsilegu útliti. Þegar hann var yngri var hann víst alls ekkert flottur. „Þegar ég var níu ára fótbrotnaði ég á skíðum og neyddist til þess að vera í gifsi í heilt ár. Ég sat heima, mjög þunglyndur, og borðaði kex og súkkulaði,“ sagði leikarinn myndarlegi. „Ég fór ekki að stunda íþróttir aftur fyrr en ég var orðinn sextán ára. Ég var feitur.“

Orlando, sem er líklega þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Legolas í Hringadróttinssögu, hefur nú þegar verið nefndur heitasti piparsveinninn og myndarlegasti leikarinn af hinum og þessum glanstímaritum og vefsíðum. ■



**ORLANDO BLOOM** Leikarinn sykursæti hefur viðurkennt að hann hafi ekki alltaf verið svo sætur.

ÚTSALAN ER HAFIN

SAND WOMAN

Kringlunni • 553 4141

design@2005

# SONY DAGUR
# Í BT SKEIFUNNI Í DAG

## Sony Experience Team verður í dag fimmtudag
## í BT Skeifunni milli kl 13.00 og 18.00

Komdu til okkar í dag og láttu sérfræðinga frá SONY kynna þér allt það nýjasta í dag Í flötum sjónvörpum,myndavélum, MP3 spilurum og myndbandstökuvélum. Fjöldi frábærra tilboða og eins fá allir sem kaupa Sony hjá BT í dag óvæntan glaðning.

**SONY**

**SONY 42" PLASMA KEP42M1SI**

- 42" Alis Plasmaskjár
- Wega Engine
- 852x480 upplausn
- 3D kamfilter fyrir PAL og NTSC
- Textavarp
- Magnari 2x10W
- Virtual Dolby SRS TruSurround
- 3x scarttengi/2 RGB/1 Component/1 S-VHS
- Fjarstýring
- H 75 cm B 107 cm D 11 cm



** 26.999
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
323.988 STAÐGREITT

**3D Kamfilter**
Með 3D Digital Kamfilter er tryggt að öll smáatriði í myndinni séu enn skarpari og skýrari

0% VEXTIR

**Wega Engine**
Skerpan er enn betri með DRC-MF tækninni sem eykur upplausn myndarinnar bæði lárétt og lóðrétt og 14 bita myndtækni gefur skerpu og litaaðgreiningu þannig að unun er að horfa á.

**Miðað við jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

**SONY**

**SONY MINIDV TÖKUVÉL DCR-PC53**



**Litaskjár**
Stór 3" hágæða bjartur Hybrid skjár þar sem allar aðgerðir eru framkvæmdar á skjánum í stað hefðbundina hnappa. Þægilegra og einfaldara verður það ekki.

**Tengistöð**
fylgir með og þú setur vélinar í stöðina og allt komið í samband - Tær snilld

**Linsa**
frá Zeiss tryggir hámarks dýpt og litaaðgreiningu myndarinnar.
Í linsum er Carl Zeiss trygging fyrir gæðavöru sem þú getur treyst.

FYLGIR

4.999 **
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
59.988 STAÐGREITT

**SONY**

**SONY MINIDV TÖKUVÉL DCR-HC22**



WHAT DIGITAL CAMCORDER BEST BUY

**Carl Zeiss linsa**
Carl Zeiss linsan gefur hámarks dýpt og litaðgreiningu myndarinnar

**2,5" Litaskjár/ Snertiskjar**
Björt og skýr mynd og allar stillingar framkvæmdar á skjánum.

**Tengistöð**
Ekkert mál að ná myndum af vélinni yfir á tölvuna sem og hlaða rafhlöðuna. Ekkert snúruvesen!

FYLGIR

**CCD myndflaga**
800.000 pixla CCD myndflagan tryggir þér betri myndgæði en þú átt að venjast

**640X aðdráttur**
Með 640x digital og 20x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.

4.499 **
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
53.988 STAÐGREITT

**SONY**

**SONY STAFRÆN MYNDVÉL DSC-T7**

TIPA 2005



**Hönnun**
þær gerast ekki þynnri og nettari. Aðeins 134 Grömm og 15mm þykkt.

Kaupauki
256MB
Sony memorystick minniskort
fylgir öllum Sony myndavélum þessa vikuna

5.1 M

3.999 **
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
47.988 STAÐGREITT

**Linsa**
frá Carl Zeiss tryggir hámarks dýpt og litaaðgreiningu myndarinnar.
Í linsum er Carl Zeiss trygging fyrir gæðavöru sem þú getur treyst.

**Litaskjár**
2,5" hágæða bjartur Hybrid skjár þar sem allar aðgerðir birtast.

**SONY**

**SONY STAFRÆN MYNDVÉL DSC-S80**



**MPEG Movie**
Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi eins og minnið leyfir og tengja svo t.d við sjónvarp og horfa á í fullum gæðum

**Carl Zeiss linsa**
Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði

** 2.499
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
29.988 STAÐGREITT

4.1 M

**2" litaskjár**
Stór og vandaður 2.0" litaskjár og þú sérð vel allar myndir sem sem eru teknar á DSC-S80

BT

# Með gæsahúð í litlum kassa

Bandaríski tónlistarmaðurinn **Antony** heldur tónleika ásamt hljómsveit sinni, The Johnsons, 11. júlí á Nasa. Tónleikarnir eru liður í Evróputúr Antony og mun honum ljúka hér á landi. ***Freyr Bjarnason*** sló á þráðinn til kappans.



Frá því að Antony kom fram á sjónarsviðið fyrir átta árum hefur hróður hans farið ört vaxandi. Á þessu ári hefur hann tekið mikið stökk en í febrúar kom út önnur plata hans, I'm a Bird Now, sem gagnrýnendur hafa keppst við að hefja upp til skýjanna.

Antony, sem er klæðskiptingur, hefur hreint út sagt magnaða rödd og tónleikar Antony and The Johnsons þykja sannkallað augna- og eyrnakonfekt. Því hlýtur það að teljast fagnaðarefni að listamaður sem er að klífa upp á stjörnuhimininn skuli koma til Íslands á leið sinni þangað.

**Hræddur við flugurnar**

*Hæ, hvernig hefurðu það?*

„Ég hef það nokkuð gott. Við gistum á einhverju draugahóteli sem var eitt sinn geðsjúkrahús," segir Antony afar hress með dýpri rödd en ég átti von á. „Þetta var hryllilegt. Það voru svo margar flugur í nótt að ég þorði varla að fara að sofa. Ég var svo hræddur um að þær myndu fljúga upp í munninn á mér," segir hann og hlær roknahlátri. „Það var skilti þarna fyrir utan þar sem stóð „ræningjar eru oft á ferli á þessu svæði". Síðan voru vændiskonur að lemja á hurðir og glugga hótelsins að reyna að komast inn."

*Þetta hljómar eins og í hryllingsmynd?*

„Þannig var þetta einmitt," segir hann og hlær aftur.

*Eruð þið ekki í Bretlandi um þessar mundir?*

„Jú, við höfum verið á tónleikaferð í sex til sjö vikur. Það hefur gengið mjög vel og við höfum skemmt okkur vel."

*Þið voruð nýlega að spila í Queen Elizabeth's Hall. Hvernig var sú upplifun?*

„Já, við vorum þar og á tónleikum til heiðurs Patti Smith. Það var mjög gaman."

*Ertu aðdándi Patti Smith?*

„Ó, já. Við fórum að sjá hana um daginn og hún tók alla Horses-plötuna. Það var frábært."

*Hún er víst á leiðinni til Íslands og ætlar líka að spila á Nasa.*

„Er það virkilega? Það er flott."

**Allir eiga fjölskyldu innra með sér**

*Um hvað ertu að syngja á nýju plötunni?*

„Um hvað er ég að syngja? Bara um mismunandi hluti, hluti sem hafa áhrif á mig, aðdáendur mína, sögur, goðsagnir og ýmislegt sem vekur áhuga minn."

*Hefurðu áhuga á goðsögnum?*

„Já, undanfarið hef ég hugsað mikið um hvernig allir eiga fjölskyldu innra með sér, móður, föður, strák, stelpu, barn og um mismunandi erkitýpur. Ég hef verið að hugsa um hvernig samræðurnar eru mismunandi á milli þessa fólks og hluti af plötunni fjallar um þetta. Hún fjallar mikið um umskipti og hvernig við tökum að okkur mismunandi hlutverk í lífinu."

**Lærifaðirinn Lou Reed**

*Þú vinnur með virtum listamönnum á borð við Lou Reed, Boy George, Devendra Banhart og Rufus Wainwright á nýju plötunni. Áttu þér einhverja óskasamstarfsmenn í framtíðinni?*

„Ég hef hugsað dálítið um það. Mig langar að taka upp plötur fyrir aðra listamenn. Það er nokkuð sem ég gæti hugsað mér í framtíðinni. Annars hjálpuðu mér margir á plötunni og það gerði verkefnið enn mikilvægara fyrir mig."

*Hefurðu ekki spilað mikið með Lou Reed?*

„Ég fór í heimsreisu með honum árið 2003 og við tókum upp plötur saman (The Raven og Animal Serenade). Hann er mjög góður vinur minn og hálfgerður lærifaðir. Hann er mjög vitur og á hverjum degi lærir maður eitthvað nýtt af honum. Hann kemur fram með mjög áhugaverðar hugmyndir."

*Ég hef heyrt að fólk úr goth-heiminum fíli tónlistina þína. Hvað finnst þér um það?*

„Ég hef ekki tekið eftir miklu af goth-liði á tónleikum hjá mér en samt kemur fólk af öllum toga á tónleikana mína; eldra fólk, yngra fólk og bara allur skalinn, sem er mjög gott mál. Ég hef séð eitthvað af goth-liði og þá aðallega í Þýskalandi. Það virðist vera meira um það þar. En þaðan sem ég kem er ekkert um goth."

*Hverjir eru áhrifavaldar þínir í tónlistinni?*

„Otis Redding, Marc Almond, Kate Bush, ég bara veit það ekki. Hver sem er eiginlega. Jimmy Scott líka."

**Spenntur fyrir Íslandi**

*Hversu lengi ætlið þið að dvelja hér á landi?*

„Við verðum hérna í nokkra daga. Ég er svo spenntur að ég get ekki beðið," segir hann og nánast skríkir af spenningi. „Á fólk ekki hesta þarna? Hvað gera hestarnir þegar það er myrkur?" Blaðamaður stendur á gati og vindur sér fljótlega í næstu spurningu.

*Ég hef heyrt að þið séuð frábær á tónleikum. Lofarðu gæsahúð fyrir íslenska áheyrendur á Nasa?*

„Lofa ég gæsahúð," segir Antony og hlær dátt. „Ég skal sérstaklega lofa þér gæsahúð. Ég skal koma með hana í litlum kassa fyrir þig."

*Nýturðu þess að spila á tónleikum?*

„Það er það skemmtilegasta sem ég geri. Ætlar þú ekki á tónleikana?" Þegar blaðamaður svarar því neitandi spyr Antony ákveðinn og nánast mógaður hvers vegna ekki. „Ja, ég er að fara að spila fótbolta í Aserbaídsjan," svara ég. „Í Evrópukeppninni."

„Það er svooo sexý," segir Antony þá með sinni flauelsmjúku rödd og blaðamaður veit varla hvaðan á sig stendur veðrið. „Ég trúi þessu ekki. Rútubílstjórinn okkar er frá Aserbaídsjan," bætir hann við.

„Já, er það?" svara ég.

„Hann bjó þar," ansar Antony.

„Skilaðu kveðju til hans frá mér," segi ég þá.

„Það skal ég gera. Heyrðu, ég held við þurfum að hætta. Gangi þér vel í boltanum."

„Takk og gangi þér vel á Íslandi." ■

ÚTSALAN ER HAFIN
30-70% AFSLÁTTUR
TOPSHOP | TOPMAN
SMÁRALIND | 522 8383



**GORILLAZ** Nýjasta plata Gorillaz, Demon Days, hefur fengið mjög góðar viðtökur.

## Nýtt smáskífulag frá Gorillaz

Nýtt smáskífulag af annarri plötu Gorillaz, Demon Days, er komið út. Lagið heitir „Dare" þar sem ólátabelgurinn Shaun Ryder úr hljómsveitinni Happy Mondays er sérlegur gestur.

Demon Days hefur selst í 1.800 eintökum síðan hún kom út hér á landi 23. maí, sem verður að teljast mjög góður árangur. Fyrsta plata Gorillaz hefur selst í 3.000 eintökum en hún kom út í júní 2001. ■


98.9 BYLGJAN
KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ OLÍS OG ÍSLANDSBANKA
Stuðmenn
Hildi Völu
OG FJÖLLEIKINN
Íslandshott 2005
SKRÁÐU ÞIG Í KEPPNISGREINUM EINS OG...
Íslandshott 2005
HREÐAVATNSSKÁLI föstudagskvöld 1. júlí • BOLUNGARVÍK laugardagskvöld 2. júlí
júní Akureyri
Föstudagurinn 1. júlí Borgarnes
Laugardagurinn 2. júlí Bolungarvík
Föstudagurinn 8. júlí Selfoss
Laugard. 9. júlí Vestmannaeyjar
Föstudagurinn 15. júlí Grímsey
Laugardagurinn 16. júlí Hrísey
Föstudagurinn 22. júlí Mosfellsbær
Laugardagurinn 23. júlí Reykjavík
Föstudagurinn 29. júlí Kópavogur
Laugardagurinn 30. júlí Laugardalur
Laugardagurinn 27. ágúst Seltjarnarnes
Sunnudagurinn 31. júlí Akureyri
Glott
Hraðpúsl
Tungubrjót
Húlahopp
Hraðát
Svipbrigðaskipti
Svolgur
Bókastafla á höfði
Raddsviðsvídd
Mittismál
Öskurkraft
Tattúmagn
Störu
Olnbogasleikja
Fótastærð
Sjómann
Krónusnúning
eða í frumlegar nýþróttagreinar að eigin vali
Sigursælustu þátttakendurnir birtast í þættinum Ísland í bítið á Stöð 2
Þátttakendur eru boðsgestir á skemmtunum Stuðmanna og Hildar Völu hvarvetna á landinu
Veljum Fjölleikameistara allra landshluta til þátttöku í fyrsta Fjölleikamótinu á Íslandi sem haldið verður í Reykjavík 26.ágúst 2005
STEFNT ER Á HEIMSMETABÓK GUINNES!!!!!
Glæsileg verðlaun í boði m.a. Feneyjaferð fyrir tvo
Skráðu þig strax á islandshott.is
ÍSLANDSBANKI
olís
98.9 BYLGJAN














**ACE** Heldur af landi brott í dag eftir gott samstarf með rokksveitinni Dikta.

# Allt nema reyktan lunda

Ace, fyrrverandi gítarleikari hljómsveitarinnar Skunk Anansie, hefur verið staddur hér á landi síðan um miðjan júní til þess að taka upp nýjustu plötu rokksveitarinnar Dikta.

Ace fer af landi brott í dag og að sögn Hauks Heiðars Haukssonar í Dikta hefur samstarfið gengið afar vel. „Það er mjög þægilegt að vinna með honum. Hann er mjög „næs“ og skemmtilegur. Hann hefur komið með frábærar hugmyndir og er aldrei með nein leiðindi,“ segir Haukur.

Ace, sem nýverið stofnaði hljómsveitina Inner Mantra, hefur gert nokkuð af því að taka upp plötur upp á síðkastið, m.a. fyrir King Prawn og Widescreen, á milli þess sem hann hefur ferðast um heiminn sem plötusnúður.

Ace er mikill Íslandsvinur og þeytti meðal annars skífum á Gauki á Stöng á Iceland Airwaves á síðasta ári. Auk þess hefur hann tvívegis fyllt Laugardalshöllina með Skunk Anansie. Sú sveit, með söngkonuna Skin í fararbroddi, seldi fjórar milljónir eintaka af plötum sínum áður en hún leystist upp í frumeindir sínar. „Hann borðar allt nema reyktan lunda,“ segir Haukur um Ace. „Það er líka mjög magnað hvað honum finnst bjart hérna.“

Liðsmenn Dikta vonast til þess að gefa út nýju plötuna í ágúst en fyrsta plata hennar, Andartak, kom út fyrir tveimur árum og vakti töluverða athygli fyrir kröftugt rokk. ■




www.sambioin.is

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is







**ÁLFABAKKI**

| | |
|---|---|
| WAR OF THE WORLDS | KL. 3.20-5.40-8-10.30 |
| WAR OF THE WORLDS VIP | KL. 3.20-5.40-8-10.30 |
| BATMAN BEGINS | KL. 3.30-4.30-5-6.30-7.30-8-9.30-10.30-10.50 |
| A LOT LIKE LOVE | KL. 6-8-10.10 |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 4 |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| WAR OF THE WORLDS | KL. 8-10.30 | B.I. 12 |
| BATMAN BEGINS | KL. 8-10.30 | B.I. 12 |

**AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| BATMAN BEGINS | KL. 5.30-810.30 |
| KICKING & SCREAMING | KL. 6-8 |
| CRASH | KL. 10 |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| BATMAN BEGINS | KL. 3.30-5.10-6.30-8.10-10 | B.I. 12 |
| HOUSE OF VAX | KL. 10 | B.I. 16 |
| THE WEDDING DATE | KL. 8 | |
| THE ICE PRINCESS | KL. 4 | |
| HITCHHIKER´S GUIDE TO THE GALAXY | KL. 5.50 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | 3.30 | |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

| | | |
|---|---|---|
| WAR OF THE WORLDS | KL. 3.30-6-8.30-11 | B.I. 12 ára |
| BATMAN BEGINS | KL. 5-7-9-11 | B.I. 12 ára |
| INSIDE DEEP THROAT | KL. 10.15 | B.I. 16 ára |
| VOKSNE MENNESKER | KL. 5.45-8 | |
| CRASH | KL. 5.45-8-10.15 | B.I. 16 ára |

Háskólabíó




**HJÁLMAR** Hljómsveitin Hjálmar heldur uppi sjóðheitri reggí-stemmningu fyrir tónleika rapparans Snoop Dogg.

# Hjálmar hita upp fyrir Snoop

Reggísveitin Hjálmar verður ein þriggja hljómsveita sem hita upp fyrir bandaríska rapparann Snoop Dogg á tónleikum hans í Egilshöll 17. júlí.

Á morgun verður síðan tilkynnt hverjar hinar sveitirnar verða. Hjálmar, sem hefur aðeins verið starfandi í rúmt ár, hefur í nógu að snúast á næstunni. Á morgun spilar sveitin á Live 8-tónleikunum í Hljómskálagarðinum ásamt fleiri íslenskum listamönnum og 21. júlí, eða þremur dögum eftir tónleikana með Snoop Dogg, spila Hjálmar á tónleikahátíðinni G-Festival í Færeyjum ásamt öðrum skandinavískum hljómsveitum. Í október spilar sveitin á Iceland Airwaves-hátíðinni á Nasa, rétt eins og í fyrra. ■

# Courtney Love tekur sig í gegn

Courtney Love, fyrrum söngkona hljómsveitarinnar Hole, er komin aftur í sviðsljósið eftir stormasamt ár. Hún mætti á frumsýningu í Los Angeles nýlega og var algjörlega búin að breyta um ímynd en líklegt þykir að það sé í kjölfar dómsskipunar þess efnis að hún verði að taka líf sitt í gegn. Hún er í sókn í kvikmyndabransanum og hefur hreppt hlutverk klámmyndastjörnunnar Lindu Lovelace í væntanlegri kvikmynd um Deep Throat.

Á undanförnum mánuðum hefur hún oftsinnis komist í kast við lögin og meðal annars þurft að sitja námskeið í reiðistjórnun vegna ítrekaðra líkamsárása. Hún missti um tíma forræði yfir dóttur sinni Francis Bean en hana átti hún með eiginmanni sínum heitnum, Kurt Cobain. ■

**ROKKPÍA** Courtney hefur farið mjög illa með sjálfa sig á eiturlyfjum og villtum lífstíl.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


70%

Grillfylgihlutir
Grill
Ljósaseríur
Pottar og pönnur
Ljós
Heimilistæki
Sumarvörur
Búsáhöld
Hjól

Alræmd sumarútsala Byggt og búið hefst í dag. Ótrúlegur afsláttur, allt að 70%, af fjölda nytsamlegra hluta fyrir heimilið - og sumarið!!

byggtogbúið
Smáralind 554 7760
Kringlunni 568 9400




**STUÐMENN** Stuðmenn eiga lagið Halló, halló, halló á plötunni Sumarpartí.

# Sumarpartíið er hafið

Safnplatan Sumarpartí er komin út. Á plötunni, sem er tvöföld, er að finna fjörutíu vinsæl lög frá sjöunda og áttunda áratugnum, diskó-tímabilinu og þekkta íslenska sumarsmelli frá liðnum árum.

Á meðal laga á plötunni eru Crazy Little Thing Called Love, Sódóma, You Sexy Thing, The Final Countdown, Farin, Sumarið er tíminn, Nostradamus og Halló, halló, halló. ■

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„It didn't pass me by, dad, it landed on my face."**

**Svar:** Scott Howard úr kvikmyndinni Teen Wolf frá árinu 1985.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ EDDA JÓHANNSDÓTTIR ER VENJU FREMUR ÞREYTT Á ÞJÓÐARSÁLINNI**

## *Af múgæsingi og hópskyrpingum*

Aðalkikkið í vikunni hefur verið umfjöllun um blaðamennsku Hér og nú. Það er undir hælinn lagt hvort ég horfi á Kastljós og Ísland í dag en einhverra hluta vegna gat ég alls ekki misst af þessu. Ég held að Eiríkur hafi sagt að innra með okkur öllum leyndist lítill perri, sem ég vona og trúi að sé orðum aukið. Hins vegar býr eitthvað innra með okkur sem hlýtur að flokkast undir lægra sjálf og ég held ég hafi verið að hlúa að því er ég beið spennt eftir að Eiríkur yrði tekinn í nefið í beinni. Þeir halda því líka fram strákarnir á Hér og nú að fólk þyrsti í svona fréttaflutning og þeir séu bara að sinna því. Ég vona að það sé rangt. Hinsvegar er ótrúlegur tvískinnungur í þjóðarsálinni, sem missir sig í heilagri vandlætingu og hringir inn í dægurmálaþætti með hótanir um hópskyrpingar á blaðamenn og framkvæmdastjóra. Múgæsingur og móðursýki skemmta bara skrattanum og það eina sem þjóðin getur gert ef henni er misboðið er að hvorki kaupa né lesa blaðið og málið er dautt - og tímaritið líka.

Ný sjónvarpsstöð er svo kapítuli útaf fyrir sig, en þar er að mér skilst líka verið að sinna brýnni þörf. Nú er ég ekki innan aldursmarka markhópsins og því örugglega ekki dómbær, en var þörfin svona brýn? Mér er reyndar soldið farið að líða eins og risaeðlu í þjóðfélagi þar sem mikið er aldrei nærri nóg og allt gengur út á að vera hip og kúl.

Að lokum, húrra fyrir RÚV, sem í sumar er með frábærar breskar sakamálamyndir á dagskrá . Á þriðjudagskvöldið var sýndur fyrri hluti Rannsóknar málsins, æsispennandi og næstum óbærilegt að þurfa að bíða í viku eftir sögulokunum.



Ritstjóri Hér og nú hefur ekkert tjáð sig í látunum undanfarna daga.



**22.20** *Drama*

**DESPERATE HOUSEWIVES. Í kvöld vaknar mamma Carlosar úr dáinu en það varir ekki lengi.**



**20:00** *Raunveruleiki*

**THE APPRENTICE 3. Í kvöld verður gaman að sjá hver vinnur en í síðasta þætti tapaði liðið með háskólamenntun.**



**19.00** *Raunveruleiki*

**ROAD TO STARDOM. Þáttur með Hip-Hopdívunni Missy Elliot þar sem 13 ungmenni berjast um að verða næstaHip-Hop/R&B stjarna.**



**21:30** *Spjall*

**Sjáumst með Silvíu Nótt**



**19.40** *Íþróttir*

**LANDSBANKADEILDIN. Í kvöld verður sýnt beint frá einum leik á Sýn.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.40** Formúlukvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Spæjarar (18:26)**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Hálandahöfðinginn (5:10)** (Monarch of the Glen)
**20.50** **Hope og Faith (22:25)** (Hope & Faith)
**21.15** **Sporlaust (16:24)** (Without A Trace II)
**22.00** **Tíufréttir**
▶ **22.25 Aðþrengdar eiginkonur (17:23)** (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð. Húsmóðir í úthverfi fyrirfer sér og segir síðan sögur af vinkonum sínum fjórum sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** Fótboltakvöld **23.25** Soprano-fjölskyldan (11:13) **0.15** Kastljósið **0.35** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Jag (22:24) (e) **13.55** Perfect Strangers (84:150) **14.20** Fear Factor (11:31) **15.05** Home Improvement (2:22) **15.30** Tónlist **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons**
▶ **20.00 Apprentice 3, The (5:18)** (Lærlingur Trumps)
**20.45** **Mile High (11:26)** (Háloftaklúbburinn 2) Bönnuð börnum.
**21.30** **Third Watch (12:22)** (Næturvaktin 6) Næturvaktin fjallar um hugdjarfan hóp fólks sem eyðir nóttinni í að bjarga öðrum úr vandræðum á götum New York borgar. Bönnuð börnum.
**22.15** **The Skulls 3** (Hauskúpurnar 3) Hrollvekjandi spennumynd. Starfsemi í bræðralagi Hauskúpnanna er í fullum gangi. Mikil leynd hvílir yfir öllu saman enda þolir framferði meðlimanna ekki dagsljósið. Bönnuð börnum.

**23.50** Medium (16:16) (Bönnuð börnum) **0.35** Harlan County War (Bönnuð börnum) **2.15** Fréttir og Ísland í dag **3.35** Ísland í bítið **5.35** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
▶ **19.00 Road to Stardom With Missy Ell (1:10)** Raunveruleikaþáttur með Hip-Hopdívunni Missy Elliot þar sem 13 ungmenni berjast um að verða næstaHip-Hop/R&B stjarna Bandaríkjanna.
**20.00** **Seinfeld (4:5)**
**20.30** **Friends (4:24)**
**21.00** **Tru Calling (1:20)** Tru Davis er læknanemi sem ræður sig í vinnuí líkhúsi. Þar uppgötvar hún dulda hæfileika sína sem gætu bjargað mannslífum.
**21.45** **Sjáðu** Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.
**22.00** **Kvöldþáttur** Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur.
**22.45** **David Letterman**

**23.30** American Dad (1:13) **0.00** Newlyweds, The (2:30) **0.25** Friends (4:24) **0.50** Kvöldþáttur **1.35** Seinfeld (4:5)

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Providence (e)

**19.15** **Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30** **MTV Cribs (e)**
**20.00** **Less than Perfect**
**20.30** **Still Standing** Judy kemst að því að þegar Bill fer út með strákunum daðra þeir við þjónustustúlku á veitingahúsi í bænum.
**20.50** **Þak yfir höfuðið**
**21.00** **According to Jim** Cheryl mótmælir þegar hitabylgja verður til þess að fjölskyldan laumast í sundlaug nágrannna sem er í fríi.
**21.30** **Sjáumst með Silvíu Nótt**
▶ **22.00 The Swan – Ný þáttaröð** Veruleikaþættir þar sem sérfræðingar breyta nokkrum ósköp venjulegum konum í sannkallaðar fegurðardísir!
**22.45** **Jay Leno**

**23.30** Law & Order (e) **0.15** Cheers (e) **0.40** Boston Public **1.20** Queer as Folk **2.05** Óstöðvandi tónlist

### SÝN (besta sætið)

**7.00** Olíssport

**15.45** Álfukeppnin (Úrslitaleikur) **17.25** Olíssport **17.55** David Letterman

**18.40** **Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi.
**19.10** **Kraftasport** (Sterkasti maður Íslands 2005) Allir helstu kraftajötnar landsins mættu til leiks en boðið var upp á hrikaleg átök. Mótið var haldið dagana 16. – 18. júní. Þetta er síðari hluti.
▶ **19.40 Landsbankadeildin** (9. umferð) Bein útsending frá níundu umferð Landsbankadeildarinnar.
**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina.
**22.30** **David Letterman**
**23.15** Landsbankadeildin (9. umferð)

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** The Crocodile Hunter: Collision Course **8.00** Clockstoppers **10.00** Legally Blonde 2: Red, White & Blonde **12.00** Daddy Day Care **14.00** The Crocodile Hunter: Collision Course **16.00** Clockstoppers **18.00** Legally Blonde 2: Red, White & Blonde **20.00** Scary Movie 2 (B. börnum) **22.00** Predator (Strangl. b. börnum) **0.00** Sometimes They Come Back For More (Strangl. b. börnum) **2.00** The Bride of Chucky (Strangl. b. börnum) **4.00** Predator (Strangl. b. börnum)

### OMEGA

**7.00** Jimmy Swaggart **8.00** Billy Graham **9.00** Robert Schuller **10.00** Blandað efni **11.00** Samverustund **12.00** Miðnæturhróp **12.30** Maríusystur **13.00** Blandað efni **14.00** Um trúna og tilveruna **14.30** Gunnar Þorsteinsson (e) **15.00** Ron Phillips **15.30** Mack Lyon **16.00** Blandað efni **17.00** Samverustund (e) **18.00** Freddie Filmore **18.30** Dr. David Cho **19.00** Believers Christian Fellowship **20.00** Fíladelfía **21.00** Samverustund (e) **22.00** Blandað efni **23.00** Robert Schuller **0.00** Nætursjónvarp

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** The E! True Hollywood Story **13.30** Behind the Scenes **14.00** Style Star **15.00** Dr. 90210 **16.00** 101 Reasons the '90s Ruled **17.00** Jackie Collins Presents **18.00** E! News **18.30** Fashion Police **19.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Dr. 90210 **23.00** E! News **23.30** Jackie Collins Presents **0.30** Life is Great with Brooke Burke **1.00** Stunts

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Vatnaskil – Fíladelfía **21.00** Níubíó – Return To Paradise **23.15** Korter

### POPP TÍVÍ

**19.00** Íslenski popp listinn **21.00** Kenny vs. Spenny **21.30** Sjáðu (e)





STÆRSTU TÓNLEIKAR ALLRA TÍMA Í BEINNI ÚTSENDINGU SJÓNVARPAÐ FRÁ 10 STÖÐUM UM ALLAN HEIM

Tólf tíma bein útsending frá Live8 tónleikunum hefst á sjónvarpsstöðinni SIRKUS á hádegi laugardaginn 2. júlí nk. Dagskráin á Íslandi er til stuðnings UNICEF, Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna.

SIRKUS

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

Baugur Group er aðalstyrktaraðili útsendingar Sirkus á Live8.

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

The Swan — Skjár Einn 22.00

*Stjórnandi þáttarins er Amanda Byram.*



Amanda Byram.

## *Fegursti svanurinn krýndur á ný*

Hér er á ferð ný syrpa af raunveruleikaþættinum The Swan en fyrsta syrpan var sýnd við góðar undirtektir á Skjá einum fyrr á þessu ári.
Í þættinum breyta sérfræðingar venjulegum konum í fegurðardísir. Margar konur sækja um og sérstök nefnd sér um að velja þær úr sem líklegastar eru til að standast álagið enda ekkert grín að taka sjálfan sig í gegn frá A til Ö. Að lokum er haldin fegurðarsamkeppni þar sem fegursti „Svanurinn“ er krýndur.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing. **14.03** Glópagull og gisnir skógar **15.03** Allt og sumt – Hallgrímur Thorsteinsson, Helga Vala og Helgi Seljan.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Sumarsnakk **10.13** Lifandi blús **11.03** Samfélagið í nærmynd

**13.00** Sakamálaleikrit, Synir duftsins **14.03** Útvarpssagan: Bara stelpa **14.30** Illgresi og ilmandi gróður **15.03** Í skugga meistaranna **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **20.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan, Seiður og hélog

**23.10** Hlaupanótan

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Guðrúnu Gunnarsdóttur **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir. **22.10** Popp og ról

**0.10** Glefsur **1.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm /** Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.45** Rally: World Championship Acropolis Greece **14.00** Athletics: Mediterranean Games Spain **15.00** Handball: Mediterranean Games Spain **16.30** Football: FIFA Confederations Cup Germany **17.30** Handball: Mediterranean Games Spain **19.00** Athletics: Mediterranean Games Spain **20.30** FIA World Touring Car Championship By Lg: FIA Wtcc Mag **21.00** Boxing: International contest Temecula United States **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Fight Sport: Fight Club

**BBC PRIME**
**12.00** Down to Earth **12.55** Teletubbies **13.20** Tweenies **13.40** Fimbles **14.00** Balamory **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Teletubbies Everywhere **14.35** Intergalactic Kitchen **15.00** Cash in the Attic **15.30** Diet Trials **16.00** Get a New Life **17.00** Trauma **17.30** EastEnders **18.00** One Foot in the Grave **18.30** 2point4 Children **19.00** Tipping the Velvet **20.00** Pele: World Cup Hero **21.00** Mastermind **21.30** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **22.00** Mersey Beat **23.00** Sahara **0.00** Ice Mummies **1.00** Blood & Flowers – in Search of the Aztecs

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Insects from Hell **12.30** Totally Wild **13.00** Animals Like Us **14.00** Spider Power **15.00** Kabul Zoo Rescue **16.00** Battlefront **17.00** Gladiator Wars **18.00** Insects from Hell **18.30** Totally Wild **19.00** Kabul Zoo Rescue **20.00** Animals Like Us **21.00** The Lost Film of Dian Fossey **22.00** Secrets of the Sands **23.00** Seconds From Disaster **0.00** Animals Like Us

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Austin Stevens – Most Dangerous **13.00** Tsunami – Animal Instincts **14.00** Animal Cops Houston **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** That's My Baby **17.00** Monkey Business **17.30** The Keepers **18.00** Austin Stevens – Most Dangerous **19.00** The Real Spiderman **20.00** Miami Animal Police **21.00** Talking with Animals **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Austin Stevens – Most Dangerous **1.00** Animal Precinct

**DISCOVERY**
**12.00** The Mummy Detective **13.00** Storms of War **13.30** Al Murray's Road to Berlin **14.00** Scrapheap Challenge **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Hooked on Fishing **16.00** Extreme Machines **17.00** Wheeler Dealers **18.00** Mythbusters **19.00** Forensic Detectives **20.00** FBI Files **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Tanks

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Base Chart **18.00** Pimp My Ride **18.30** Punk'd **19.00** Wonder Showzen **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Switched On **21.30** Dirty Sanchez **22.00** Superock **23.00** Just See MTV

**VH1**
**16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** New Kids on the Block Bands Reunited **20.00** Fabulous Life Of... **20.30** Boy Bands **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside

**CLUB**
**12.10** Design Challenge **12.35** The Stylists **13.00** Crimes of Fashion **13.30** Hollywood One on One **14.00** The Review **14.25** Cheaters **15.10** Arresting Design **15.35** Staying in Style **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Innertainment **17.15** Arresting Design **17.40** Famous Homes & Hideaways **18.05** Living Colour **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** The Villa **20.15** My Messy Bedroom **20.45** Ex-Rated **21.10** Sextacy

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Hi Hi Puffy Amiyumi **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** New Spider-man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.20** Prime Target **13.55** The Yellow Tomahawk **15.20** High Tide **17.00** Madhouse **18.30** It Runs in the Family **19.55** Lady in White **21.50** The Wizard of Loneliness **23.40** A Trip with Anita **1.20** The Return of the Living Dead **2.50** Rosebud

**TCM**
**19.00** Logan's Run **20.55** Sitting Target **22.25** The Brothers Karamazov **0.45** Invitation to the Dance **2.20** The Adventures of Quentin Durward

**HALLMARK**
**12.45** The Monkey King **14.15** A Season For Miracles **16.00** Touched by an Angel III **16.45** Hiroshima **18.15** A Place For Annie **20.00** Just Cause **20.45** Fatal Error **22.30** Amnesia **0.00** Just Cause **0.45** A Place For Annie **2.30** Fatal Error

**BBC FOOD**
**12.00** Coconut Coast **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Forever Summer With Nigella **13.30** Grigson **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** The Cookworks **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Chalet Slaves **16.30** The Best **17.00** United States of Reza **17.30** A Cook's Tour **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Forever Summer With Nigella **19.30** Paradise Kitchen **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.25** Profilen **12.50** Hvad er det værd? **13.20** Jagerpiloterne **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Shin Chan **14.10** Braceface **14.30** SommerSummarum **15.30** Trolderi **16.00** Fandango – med Signe **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** Et race for livet **18.00** Hjerterum **18.30** Den sidste lensgreve **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Beck – Hævnens pris **21.00** With or Without You **22.30** Musikprogrammet

**SV1**
**13.20** Strömsö **14.00** Rapport **14.05** Djurgalen **14.35** Familjen Anderson **15.00** Perspektiv **15.30** Livet i Pello **16.00** Lugna kocken **16.25** Blomsterspråk **16.30** Karlsson på taket **16.55** Puss och kram **17.00** Guppy **17.15** Kent Agent och de hemliga ställena **17.30** Rapport **18.00** Mat/Niklas **18.30** Revy-SM **19.00** Graven **20.00** Sommardebatt **21.00** Rapport **21.10** Drömmarnas tid **21.55** Sändning från SVT24


40% afsláttur af öllum tréstólum
Mikið úrval af stólum
opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Ljósir leður borðstofustólar





Með háu baki, 19.900/ 14.900 ef keyptir eru 6 eða fleiri (einnig til í brúnu)
Með lágu baki 19.900 / 14.900 ef keyptir eru 6 eða fleiri





Tréstóll ~~11.900~~ 7.140
Balero ~~16.900~~ 10.140





Tréstóll ~~12.900~~ 7.740
Tréstóll ~~12.900~~ 7.740

mira art HÚSGÖGN
BÆJARLIND 6
201 KÓPAVOGI
SÍMI 554 6300





Stóll með leðuráferð 12.900/ 9.900 ef keyptir eru 6 eða fleiri Einnig til í hvítu
Leðurstóll Grand 19.900 / 14.900 ef keyptir eru 6 eða fleiri
Leðurstóll Nancy 19.900 / 14.900 ef keyptir eru 6 eða fleiri
Leðurstóll með boga 19.900 / 16.900 ef keyptir eru 6 eða fleiri
Leður barstóll 19.900
KORTER.IS



## HRÓSIÐ

*...fær Gunnar Ingi Birgisson fyrir hugmyndir sínar um óperuhús í Kópavogi.*

# AÐ MÍNU SKAPI

**INGUNN SIGURPÁLSDÓTTIR, FEGURÐARDROTTNING OG FYRIRSÆTA**

## *Útimarkaðir, spennusögur, Kína og FM 95,7*

**TÓNLISTIN** Ég er alæta á tónlist og finnst best að vera með stillt á útvarpið frekar en hlusta á geisladiska, hvort sem er í bílnum eða heima. Oftast hlutsa ég á *FM 95.7*, en *Bylgjan* og *Kiss FM* verða líka oft fyrir valinu.

**BÓKIN** Þessa dagana er ég að lesa *Where the Heart Is* eftir Billie Letts, en eftir bókinni var gerð mynd fyrir nokkrum árum með Natalie Portman og Ashley Judd, og var í miklu uppáhaldi hjá mér. Annars er ég mest fyrir spennusögur og þar er Iris Johansen uppáhalds höfundurinn minn, en ég hef lesið nánast allar bækur hennar.

**BÍÓMYNDIN** Það er með bíómyndir eins og tónlist; ég er algjör alæta. Fór síðast á *Monster in Law* og fannst alveg ágæt. Leigði líka *Closer* um daginn, hún var afar spes og ekkert sérstaklega skemmtileg, en söguþráðurinn sat í mér. Get svo horft endalaust á myndirnar *Jack and Sarah* og *Love Actually*.

**BORGIN** Ég hef ferðast óvíða en af þeim stöðum sem ég hef séð stendur Reykjavík upp úr! Kaupmannahöfn finnst mér einnig mjög spennandi og gæti vel hugsað mér að heimsækja hana oftar, en fór þangað síðast þegar ég var 11 ára. Aþena og Róm eru svo efstar á listanum yfir borgir sem mig langar að skoða.

**BÚÐIN** Útimarkaðir í útlöndum finnst mér skemmtilegastir. Endalaust hægt að ráfa um og róta, og alltaf hægt að finna eitthvað sniðugt. Auk þess sem hægt er að prútta og gera fín kaup á nánast hverju sem er!

**VERKEFNIÐ** Þessa dagana er ég að undirbúa ferð til Kína í júlí þar sem ég tek þátt í keppninni *Miss Intercontinental*. Nóg að gera fyrir svona ferð og fer mestur tími minn í það, auk þess sem ég er í tveimur hlutastörfum og vitaskuld upptekin við að njóta sumarsins!





**Lárétt: 2** á litinn, **6** samhljóðar, **8** menningarsamtök, **9** sómi, **11** teikniáhald, **12** lyf, **14** gólar, **16** utan, **17** eins um u, **18** sársaukastingur, **20** sérsveit, **21** tréílát.
**Lóðrétt: 1** vond, **3** varðandi, **4** grá, **5** viður, **7** fréttir, **10** skel, **13** fæða, **15** afturhluti, **16** stefna, **19** gerist í hnefaleikum.

**Lausn.**

**Lárétt:** 2 gult, 6 íf, 7 mír, 9 æra, 11 té, 12 meðal, 14 galar, 16 án, 17 aua, 18 tak, 20 ss, 21 trog.
**Lóðrétt:** 1 slæm, 3 um, 4 litlaus, 5 tré, 7 fregnar, 10 aða, 13 ala, 15 rass, 16 átt, 19 ko.

**[ VEISTU SVARIÐ ]**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Svandís Svavarsdóttir.
2. Í Cadarache í Frakklandi.
3. Tony Pulis.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR



**BLAÐAMANNAFUNDUR** Meðlimir sveitarinnar fóru á kostum á blaðamannafundinum, hlógu og skemmtu sér með gestum fundarins.




**KOMNIR TIL LANDSINS** Simon Le Bon og félagar lentu á Reykjavíkurflugvelli um tvöleitið í gær og virtust til í slaginn í Egilshöllinni.

# Duran Duran tekur áskoruninni

**Hin stórvinsæla og fræga hljómsveit Duran Duran lenti hér á landi um tvöleytið í gær og eins og allir vita halda þeir félagar tónleika í Egilshöll í kvöld. Borghildur Gunnarsdóttir kannaði stemninguna fyrir þessum ensku töffurum.**

Hljómsveitin var stofnuð seint á áttunda áratugnum í Birmingham á Englandi. Eflaust eiga kapparnir því marga aðdáendur hérlendis sem eru komnir hátt á fimmtugsaldur auk þeirra sem heilluðust seinna af sveitinni. Það er því engin spurning að stemningin í Egilshöllinni verður rafmögnuð í kvöld þegar ungir og aldnir mætast í trylltum „eighty's“ dansi við lög eins og Rio, Hungry Like The Wolf eða Girls On Film.

### Gaman að fara á nýjan stað

Félagarnir fóru fljótlega á blaðamannafund á 1919 Radison Hotel þar sem þeir léku á alls oddi. „Við erum mjög ánægðir með að fá loksins að koma hingað til Íslands,“ sögðu þeir og aðspurðir hvers vegna þeir komu svo seint þá kváðust þeir alltaf hafa verið á leiðinni en sögðust sífellt hafa villst.

„Það eru náttúrlega mörg lönd sem við náðum aldrei að heimsækja. Okkur finnst alveg ótrúlegt að hérna séum við að fara að spila fyrir um það bil tíu þúsund manns sem hafa aldrei séð okkur á tónleikum áður. Það er alltaf gaman að fara á nýjan stað, við höfum lesið margt um Ísland og fannst þetta bara góður tími til að koma.“



**KRAFTUR Í KÖRLUNUM** Meðlimir Duran Duran eru enn þá sætir og enn þá með strípur og þeir geta enn tryllt lýðinn með sínum fjölmörgu slögurum.

### Stemning níunda áratugarins

Aðspurðir hvernig þeim finnist að fólk komi á tónleikana og upplifi aftur stemninguna á níunda áratugnum sögðust þeir mjög ánægðir með það. „Við erum alltaf að upplifa þennan áratug aftur. Hljómsveitin byrjaði á þessum tíma og hann er okkur þess vegna kær. Það er ekkert að því að upplifa þessa stemningu aftur sem ríkti á þeim tímum. Við erum ekki fastir á níunda áratugnum en getum ekki snúið bakinu algerlega við fortíðinni,“ sögðu þeir og bættu við að þeir myndu jafnvel koma fram í flauelsjökkum og gallapilsum í Egilshöllinni. „Auk þess er heil kynslóð sem hefur aldrei upplifað ekta níunda áratugs stemningu, fólk sem var ekki einu sinni fætt á þeim tíma. Það er ótrúlegt að sú kynslóð sé jafnvel að verða fyrir áhrifum af þessari tónlist.“

Aðspurðir hvað taki við eftir þessa tónleika minnast þeir meðal annars á Live 8 tónleikana og er þetta ekki í fyrsta sinn sem þeir ljá góðu málefni lið því þeir hafa áður spilað á Live Aid tónleikum. Eftir þá tónleika spiluðu þeir ekki í langan tíma en þannig verður það ekki í þetta sinn því þeir fara beint til Danmerkur og halda tónleika þar. Þá bíða þeirra sextán tónleikar í Ameríku og þrír í Japan. „Svo förum við að snúa okkur að nýrri plötu og upptökur á henni hefjast í september.

### Hvað er málið með Wham?

Fjölmargar spurningar dynja á strákunum í sambandi við hljómsveitina Wham en þessar hljómsveitir elduðu talsvert af gráu silfri saman í þá daga. Að minnsta kosti urðu mörg rifrildin á milli annars vegar aðdáenda Wham og aðdáenda Duran Duran. Þegar þeir eru spurðir hvort þeir séu orðnir leiðir á einhverju lagi svarar Simon Le Bon án þess að hika: „Wake Me Up Before You Go Go,“ og skellihlær. „Við erum ekki þreyttir hvorir á öðrum því við tókum okkur langa pásu. Hvað er annars málið með allar þessar Wham-spurningar?“ segja þeir furðu lostnir. Aðspurðir hverjar af hinum yngri hljómsveitum séu í uppáhaldi hjá þeim nefna þeir meðal annars Scissor Sisters og The Killers.

Þeir segjast ekki hafa vitað fyrir fram hvernig hljómurinn yrði þegar sveitin var stofnuð. „Við hittumst fyrst og höfðum ekki hugmynd um hvað myndi koma út úr þessu. Það er ekki gott að hugsa mikið um svona lagað heldur bara framkvæma. Stundum verða til töfrar og það að gera þessa tónlist var okkur algjörlega eðlilegt. Við semjum lögin enn þá saman og allir fá að segja sína skoðun.“

Í lokin fá strákarnir áskorun um að taka lagið Come up and See Me, Make Me Smile á tónleikunum en þau er að finna á B-hliðinni á Reflex og neita þeir því ekki að þeir taki þeirri áskorun. Þeir eru ekki dauðir úr öllum æðum Duran-strákarnir og eiga eflaust eftir að halda athygli áhorfenda frá byrjun til enda tónleikanna í kvöld. ■

### VERÐUR EKKI MEÐ AXLAPÚÐANA

Gísli Marteinn Baldursson er harður Duran Duran aðdáandi og vonast hann til þess að heyra slatta af gömlum slögurum í Egilshöllinni í kvöld. „Ég hlakka rosalega til. Ég fór reyndar í pílagrímsferð ásamt góðum hópi á Duran tónleika í London í fyrra vor. Ég veit nú ekki hvort það er sama dagskrá hjá þeim núna en það var alveg ógleymanleg stemning og þeir tóku öll gömlu góðu lögin,“ segir Gísli og viðurkennir að hann sé mikill Duran maður. „Í stríðinu á milli Duran og Wham var ég eindregið í Duran-horninu. Maður fylltist réttlátri reiði þegar Save A Prayer var dæmt af vinsældarlista Rásar 2. Ég fann fyrir bullandi réttlætiskennd og sat límdur við símann og valdi lagið aftur og aftur.“

Hann á erfitt með að velja uppáhalds lag en segir Rio hiklaust vera uppáhalds plötuna sína. „Save A Prayer er náttúrlega stórkostlegt og ákveðnar minningar tengdar því en ætli ég verði ekki að segja að The Chauffeur sé uppáhalds lagið mitt,“ segir Gísli. „Ég vil fá Hungry Like A Wolf strax, byrja þetta með trukki og þá kannski þoka ég mér fremst. En ég verð ekki með axlapúðana,“ bætir hann ákveðinn við.



**Gísli Marteinn Baldursson** ætlar að mæta á tónleikana og jafnvel troða sér fremst ef sá gállinn er á honum. Hann verður þó að eigin sögn ekki með axlapúðana eins og í gamla daga.

Stór Humar
Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga
10.00 - 14.30

# ÓDÝRARI TÍMARIT

## Office 1 lækkar verð á öllum tímaritum




## ÖLL ÍSLENSK TÍMARIT MEÐ 20% AFSLÆTTI Á KASSA




**1.** Við tökum frá tímaritið þitt! Við látum þig vita þegar það kemur.

**2.** Ef þú finnur ekki tímaritið þitt! -þá pöntum við það fyrir þig.

**3.** Vertu áskrifandi! -og sparaðu 10% á hverju tímariti. www.office1.is, timarit@office1.is S: 550 4111.

Frááábær þjónusta!



**Afgreiðslutímar verslana!**

Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19, laugardaga 11-18, sunnudaga 13-18

Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 10-18, laugardaga frá 11-16,

Office 1 Akureyri

Office 1 Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18, laugardaga frá 11-16

Office 1 Superstore

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

BT ÚTSALA
ENN MEIRI VERÐ LÆKKUN
BT stórútsölubæklingur fylgir blaðinu í dag



BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

# Slúður

Slúður hefur verið mér ofarlega í huga, í ljósi atburða, síðustu daga. Ég á það nefnilega til að baktala fólk og slúðra. Ég get stundum verið eins og versta kjaftakelling. Ég missi mig og eftir á skammast ég mín. Mér líður eins og ég hafi étið fimm kókosbollur. Ég þarf virkilega að beita mig hörðu og vanda mig til að halda aftur af mér.

**Í BANDARÍKJUNUM** viðgengst andstyggileg slúðurblaðamennska af verstu hugsanlegu gerð. Þar er frægt fólk miskunnarlaust hundelt af siðlausum blaðaljósmyndurum sem reyna að ná eins lágkúrulegum og tvíræðum myndum og hægt er. Þar eru líka teknar myndir af fólki úr leyni. „Eins gott fyrir þig að sofa hjá mér því annars nauðga ég þér bara.“ Íslensk blöð og tímarit hafa í mörg ár fengið þessar myndir lánaðar og birt þær samviskulaust. Og enginn hefur kvartað. Við höfum smjattað lengi á holdafari og persónulegu lífi ríka og fræga fólksins í útlöndum undir því yfirskini að við séum að lesa fréttir. En munurinn á frétt og slúðri er eins og munurinn á erótík og klámi. Slúðurblaðamennska er ofbeldi.

**SLÚÐURBLAÐAMENNSKA** er engin nýlunda á Íslandi. Þetta gengur bara lengra og lengra og er að verða eins og í útlöndum. Slúðurblöð seljast því þau höfða til okkar lægstu hvata; hnýsni, öfundar, meinfýsi, ótta, mannfyrirlitningar og reiði. Það er mannfyrirlitning í fjölmiðlum á Íslandi. Mér dettur í hug fréttaflutningur af Michael Jackson, sem yfirleitt er uppnefndur og hæddur. Af hverju má níðast á útlendingum en ekki Íslendingum?

**VIÐ ÞURFUM EKKI** að vera hissa. Við höfum samþykkt þetta og tekið þátt í þessu. Við erum hluti af vandamálinu. Við þurfum að sýna öllu fólki virðingu, ekki bara sumu fólki. Það er svo auðvelt að þvo hendur sínar og hneykslast á öðrum. En við erum öll sek. Það erum við sjálf sem þurfum að taka ábyrgð á okkar eigin skítlega eðli. Baráttan gegn slúðri fer ekki fram í fjölmiðlum heldur inni á heimilunum og í hjarta hvers manns. Ég get ekki breytt öðru fólki. Ég get bara breytt sjálfum mér. Og það langar mig til að gera. Ég ætla að hætta að taka þátt í slúðri og baktali. Slúður er ekkert sniðugt.

GSM | **HEIMASÍMI** | INTERNET

Ég hringi heim til allra,
ég næ Kalla í gemsanum
og hringi til Binnu í Köben.

**Allt þetta á 0 kr.**

**0 kr.**
**innanlands**

**500 mínútur** á mánuði í alla heimasíma innanlands.

**0 kr.**
**vinur í útlöndum**

**120 mínútur** á mánuði úr heimasíma á Íslandi í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

**0 kr.**
**í GSM vin**

Þú heldur áfram að að tala við **GSM vin** fyrir **0 kr. í 60 mínútur** á dag.

Mánaðargjald í **Heimasíma** er 1.340 kr.

**Og1** lækkar verulega kostnað heimila sem eru með GSM áskrift, Heimasíma og Internet hjá Og Vodafone.

**Kynntu þér einnig ávinninginn fyrir GSM og Internet.**

Og1

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone
Heyrumst!

TEFAL®
TRAUST ELDHÚSTÆKI

**SAMLOKUGRILL**
SM 301112
640 Watt
Hvítt
**Kr. 2.990**



**BLANDARI**
815631
Króm
350 Watt
Glerkanna
**Kr. 5.990**





**HANDÞEYTARI**
814131
200 Watt
**Kr. 3.490**



**ELDHÚSVOG**
79865022
5 kg.
**Kr. 4.990**

**STRAUJÁRN**
F 3140
1600 Watt
**Kr. 4.790**



**SMÁRALIND** Sími 530-2900
**LÁGMÚLA 6** Sími 530-2800
ORMSSON

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu